


Halldór

**skoðun** 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is




Hugsum um framtíðina

*Menntakerfið gæti orðið úrelt eftir tíu til tuttugu ár, segir Jón Torfi Jónasson forseti Menntavísindasviðs HÍ.*

**menntamál** 10




# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
2. janúar 2012
1. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Kósí kvöldstund

*Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson bjóða fólki heim til sín í mat.*

**fólk** 38

## Ólafur Ragnar þagnar – ekki

*Hafi fólki þótt hann vígreifur að undanförnu eru það smámunir hjá því sem á eftir að koma, skrifar Guðmundur Andri.*

**umræðan** 17



## Léleg afmælisgjöf

*Manchester-liðin töpuðu bæði í enska boltanum.*

**sport** 34

## veðrið í dag




**ÉLJAGANGUR** norðan til en nokkuð bjart sunnanlands og úrkomulítið. Fremur hæg norðlæg átt og heldur kólnandi.

**VEÐUR** 4

# Fjöldi nýnema mætir aldrei

**Brottfall 1. árs nema við Háskóla Íslands er of hátt. Hafi skráningarhlutfall ekki breyst eftir hrun hafa 1.500 stúdentar ekki mætt, hætt snemma eða fallið á prófi. Stöðupróf eru íhuguð til að mæta brottfalli.**

**MENNTAMÁL** Brottfall þeirra sem hefja nám við Háskóla Íslands er vandamál sem taka þarf sérstaklega á, er mat Jóns Atla Benediktssonar, aðstoðarrektors vísinda og kennslu við HÍ. Fjölmargir sem skrá sig setjast ekki á skólabekk. Stöðupróf koma til greina til að mæta vandanum, sérstaklega í þeim deildum þar sem vandinn er mestur.

Jón Atli segir að vegna þess hversu margir nýnemar láta ekki sjá sig sé erfiðara að skipuleggja skólastarfið. Einnig flosna margir fyrsta árs nemar upp úr námi mjög fljótt eða falli á fyrstu prófum. „Háskóli Íslands er opinn skóli svo ekkert er því til fyrirstöðu að skrá sig til náms að uppfylltum lágmarkskröfum og sjá svo bara til hvernig það gengur eða án alvöru ásetnings um nám. Þetta er vandi sem nauðsynlegt er að bregðast við,“ segir Jón Atli.

**Nemendafjöldi og virkni 2002-2011**

| Háskólaár | 05-06 | 06-07 | 07-08 | 08-09* | 09-10 | 10-11 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Virkir nemendur | 5.953 | 5.957 | 6.202 | 8.328 | 9.272 | 9.439 |
| Skráðir nemendur | 8.939 | 9.471 | 9.786 | 12.236 | 13.957 | 13.981 |
| Virkni nemenda | 66,6% | 62,9% | 63,4% | 68,1% | 66,4% | 67,5% |

■ Fullvirkur nemandi er sá sem skráir sig að hausti og þreytir próf í 60 einingum á skólaárinu (stundar fullt nám). ■ Skráðir nemendur eru allir þeir sem skráðu sig í skólann. Ef þeir tækju allir próf í 60 einingum væri tala skráðra nemenda hin sama og fjöldi virkra nemenda. ■ Ekki er hægt að líta mismuninn eingöngu sem brottfall. Um hægari námsframvindu getur verið að ræða. LÍN gerir t.d. ekki kröfu um fulla virkni til að fá lán.

*Menntavísindasvið (KHÍ) bættist við 2008.

Fyrir þremur árum var gerð nákvæm greining á fyrsta árs brottfalli við HÍ, eða fyrir skólaárið 2006-2007. Kom þá fram að fyrsta árs brottfall við skólann var rúmlega 35%, en inni í þeirri tölu er svokallað skráningarbrottfall, eða nemendur sem skrá sig en koma ekki til náms.

Niðurstaða Félagsvísindastofnunar fyrir árin 2003 til 2006 var að 55% brottfallsnema sóttu enga fyrirlestra eða verklega tíma við HÍ. Nýskráningar við HÍ voru um 4.300 fyrir síðasta skólaár. Hafi skráningarbrottfall ekki breyst eftir hrun myndi það þýða að af hópi nýskráðra í fyrra hafi um 1.500 stúdentar ekki mætt, hætt fljótlega eftir að skóli hófst eða fallið á fyrstu prófum.

Til að bregðast við vandanum er rætt að taka upp stöðupróf við HÍ. Jón Atli segir að tilgangurinn sé einkum þríþættur. „Í fyrsta lagi að tryggja gæði náms og kennslu með því að aðstaða og aðbúnaður til kennslu í viðkomandi deild samræmist nemendafjölda. Í öðru lagi er tilgangurinn sá að draga úr brottfalli og auka námsárangur. Í þriðja lagi er tilgangurinn af fjárhagslegum toga, enda liggur fyrir að HÍ fær ekki greitt kennsluframlag fyrir alla nemendur,“ segir Jón Atli.

HÍ hefur unnið að því á undanförnum árum að minnka brottfallið með því að auka festuna í skólastarfinu, bæta móttöku nýnema, auka eftirlit með námsframvindu, efla stuðningsnet við nýnema, stytta úrsagnarfresti úr prófum, og fleira. Þess má geta að virkni nemenda, eða nemendur í fullu námi af heildarfjölda nemenda, hefur aukist. Þannig var virknin 62,9% 2006-2007 en 67,5% skólaárið 2010-2011.

**- shá**



**NÝÁRSKVEÐJA** Nýársmóttaka forseta Íslands fór fram á Bessastöðum í gær. Þar tóku forsetahjónin meðal annars á móti ráðherrum, hæstaréttardómurum, alþingismönnum og sendiherrum. Ólafur Ragnar, Dorrit Mossaieff og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra skiptast hér á kveðjum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kveður Bessastaði eftir 16 ár í embætti:

# Hyggst ekki bjóða sig fram á ný

**FORSETAKOSNINGAR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, gaf sterklega til kynna í nýársávarpi sínu í gær að hann muni ekki bjóða sig fram til að gegna embætti forseta áfram.

Ólafur sagði forsetaárin hefðu verið furðu fljót að líða þó að langt væri um liðið síðan hann var kjörinn. Því væri eðlilegt að hann, Dorrit og fjölskyldan öll væri farin „að hlakka til frjálsari stunda“.

Þrátt fyrir aðkallandi verkefni fyrir þann sem gegnir forsetaembættinu sagði Ólafur að hann gæti engu að síður, og jafnvel frekar, orðið að liði þegar verkefnaval hans væri ekki háð þeim skorðum sem embættinu fylgir.

„Ákvörðun mín felur því ekki í sér kveðjustund heldur upphaf að annarri vegferð, nýrri þjónustu við hugsjónir sem hafa löngum verið mér leiðarljós; frjálsari til athafna en áður og ríkari af reynslunni sem forsetaembættið færir hverjum þeim sem þjóðin kýs,“ sagði Ólafur sem var kjörinn forseti árið 1996.

**- shá**

Veiðar miklar þrátt fyrir bann:

# Fundu 23 tonn af fílabeini 2011

**DÝRALÍF Meira magn af fílabeini var gert upptækt árið 2011 en á nokkru öðru ári síðan verslun með fílabein var bönnuð árið 1989. Þetta segir í frétt BBC. Alls voru 23 tonn af fílabeini gerð upptæk. Drepa hefur þurft 2.500 dýr til að ná saman því magni.**

**Ólögleg verslun hefur haldið áfram þrátt fyrir bann, sérstaklega vegna mikillar eftirspurnar í Asíu, aðallega í Kína og Taílandi. Sex stærstu fundir fílabeins á árinu hafa verið í Malasíu.**

**Magn fílabeins sem gert var upptækt er haft til marks um að veiðiþjófar og sölumenn hafi skipulagt sig betur og verði sífellt stórtækari en hagnaðarvonin með verslun fílabeins er gríðarleg.**

**- shá**


Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500



## SPURNING DAGSINS



*Bragi, það er engin lygi að skátar séu ávallt viðbúnir?*

„Höfum verið og verðum ávallt viðbúnir um alla tíð.“

Sömu tveir skátarnir og fyrir fimmtíu árum sendu forseta Íslands nýárskveðju, ekki þó með vasaljósum eins og þá heldur spjaldtölvu. Bragi Björnsson er skátahöfðingi Íslands.

Aukin umsvif voru á íslenskum fasteignamarkaði árið 2011:

# Veltan jókst um 45% milli ára

**FASTEIGNIR** Velta á íslenskum fasteignamarkaði jókst um 45% á síðasta ári miðað við í fyrra. Þá fjölgaði þinglýsingum kaupsamninga um 40%.

Á vef Þjóðskrár segir að á síðasta ári hafi um 6.600 kaupsamningum verið þinglýst á landinu öllu og heildarviðskipti með fasteignir hafi numið rúmlega 170 milljörðum.

Meðalupphæð á hvern samning var því um 26 milljónir króna.

Í samanburði var 4.700 samningum þinglýst árið 2010, heildarveltan var 119 milljarðar og meðalupphæð hvers samnings var um 25,2 milljónir.

Veltan á árinu 2011 er svipuð og árið 2008 þegar hún var 182 milljarðar, en á enn langt í land með að ná álíka hæðum og árið 2007 þegar heildarveltan var rúmir 400 milljarðar.

Vöxtur fasteignamarkaðarins á höfuðborgarsvæðinu er enn meiri þar sem heildarvelta jókst um tæp 57% og fjöldi samninga um rúm 54%. Meðalupphæð á hvern samning á höfuðborgarsvæðinu árið 2011 var 29,6 milljónir en árið 2010 var meðalupphæðin 29,1 milljón. **- þj**



**FASTEIGNIR** Það rofaði til á fasteignamarkaði á árinu sem er að líða, en langt er þó í umsvifin á velmektarárunum fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Norskir kirkjugestir hraustir:

# Trúin lækkar blóðþrýsting

**NOREGUR** Kirkjugestir eru með lægri blóðþrýsting en aðrir, að því er lýðheilsurannsóknir í Noregi sýna. Því oftar sem þátttakendur í rannsókninni fóru í kirkju þeim mun lægri var blóðþrýstingur þeirra þegar búið var að taka tillit til annarra þátta.

Jostein Holmen prófessor segir að rannsóknin leiði ekki í ljós orsakasamband, heldur um ástand fólks á gefnum tímapunkti. Til þess að komast að því hver áhrifin eru þurfi að rannsaka sama hóp á mismunandi tímum. **-ibs**

Pólsk hjón á Íslandi:

# Eignuðust fyrsta barnið

**FÓLK** Pólsku hjónin Katarzyna Szpin og Lukasz Zemanek eignuðust fyrsta barnið sem fæddist á Íslandi árið 2012. Það var drengur sem kom í heiminn þegar fimm mínútur voru liðnar af nýja árinu. Hann er þrettán merkur og fimmtíu sentimetrar. Fæðingin gekk vel.

Katarzyna og Lukasz hafa búið hér í tvö ár og lofa mjög heilbrigðisþjónustuna á Íslandi.

Móðirin segir það hafa verið sérstakt að fæða barn þegar sprengingarnar stóðu sem hæst.

„Já, allir þessir litir fyrir utan og púff púff púff og á sama tíma þurfti ég að rembast og ýta. En það var í lagi. Það var mjög gott,“ sagði hin nýbakaða móðir.

Týndi hring fyrir sextán árum:

# Giftingarhringurinn á gulrót

**SVÍÞJÓÐ Giftingarhringur, sem hin sænska Lena Paahlsson tapaði fyrir sextán árum, fannst í matjurtargarði konunnar en hann var fastur utan um gulrót.**

**Paahlsson týndi hringnum þegar hún bakaði smákökur með dóttur sinni árið 1995. Hún telur að hringurinn hafi dottið í eldhúsvaskinn þegar hún dundaði sér við baksturinn. Hann hafi síðan blandast við kartöfluhýði sem var svo fært í safnhaug eða notað sem fóður fyrir kindurnar.**

**Hringurinn mun ekki passa lengur en Paahlsson grætur það þó ekki. Hún sagði sænska fréttablaðinu Dagens Nyheter að hún ætli að láta stækka hringinn og að hún geti ekki beðið eftir að ganga með hann aftur.**

Ríkisstjórn í Noregi:

# Herða reglur um barnfóstrur

**NOREGUR** Ríkisstjórn Noregs ætlar að herða reglur um það hverjir geta gerst au pair-barnfóstrur í landinu.

Lagt er til að konur sem eiga börn geti ekki þegið þessi störf. Ætlunin er að koma í veg fyrir að hægt sé að borga konum of lág laun fyrir vinnu. Um þrjú þúsund manns starfa sem au pair í Noregi, og Norðmenn eru sagðir nýta sér atvinnuleysi í Svíþjóð til að borga konum þaðan lúsarlaun. Þá starfa margar konur frá Filippseyjum í Noregi.

Tillaga ríkisstjórnarinnar er umdeild og lögfræðingar hafa haldið því fram að reglurnar muni brjóta á rétti fólks til fjölskyldu- og einkalífs. **- þeb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stungu af á fæti

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók tvo pilta eftir að þeir óku bifreið sinni út af Seljabraut við Jaðarsel. Sjónarvottar höfðu séð þá forða sér á hlaupum. Þeir voru færðir á lögreglustöð.



**SKERJAFJÖRÐUR** Friðlýsing Skerjafjarðar hefur ekki verið til umræðu hjá borgarstjórnarmeirihlutanum. Strandlengjan nýtur þó öll verndar þó að svæðið hafi ekki verið friðlýst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Friðlýsing strandar á Reykjavíkurborg

**Friðlýsa á Skerjafjörð samkvæmt náttúruverndaráætlun. Garðabær hefur þegar friðlýst innan sinna marka og Kópavogur gerir það í janúar. Þá er vinna langt komin á Álftanesi. Engin vinna er í gangi í Reykjavík varðandi friðlýsinguna.**

**NÁTTÚRUVERND** Unnið er að friðlýsingu Skerjafjarðar í öllum sveitarfélögum við fjörðinn utan Reykjavíkur. Þar á bæ vilja menn tengja vinnuna við endurskoðun á aðalskipulagi sem kynna á í sumar. Framtíðarfyrirkomulag Reykjavíkurflugvallar spilar inn í ákvörðunina, sem og hugmyndir um vegtengingu yfir fjörðinn.

Samkvæmt náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004 til 2008 á að friðlýsa Skerjafjörð. Garðabær reið á vaðið og friðlýsti þann hluta Skerjafjarðar sem er innan lögsögu hans í október 2009, að viðbættu Gálgahrauni. Þá hefur Álftanes hefur undirritað viljayfirlýsingu um friðlýsingu svæðisins. Í Kópavogi er friðlýsing langt komin á veg og er stefnt að því að hún verði að veruleika upp úr áramótum.

Margrét Júlía Rafnsdóttir, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs, segir svæðið mjög mikilvægt og hafi alþjóðlegt verndargildi, ekki síst leirurnar í Kópavogi, en þær eru viðkomustaður margra farfugla. Að frumkvæði Kópavogs héldu sveitarfélögin samráðsfundi um málið, en Margrét segir að ákveðið hafi verið að bíða ekki eftir Reykjavík. Þar flæki flugvallarmálið ferlið.

Í deiliskipulagi fyrir golfvallarsvæðið á Seltjarnarnesi, sem samþykkt var fyrir þremur árum, er minnst á friðlýsinguna. Þórður Búason byggingarfulltrúi segir önnur verkefni á ströndinni inn til Reykjavíkur hafi beðið, en ekki sé kominn samhljómur á milli Reykjavíkur og annarra sveitarfélaga um hvernig vinna eigi málin.

Björn Axelsson, á skipulags- og framkvæmdasviði Reykjavíkur, segir að friðlýsingin hafi ekki verið rædd sérstaklega innan borgarinnar. Stefnan hafi verið að skoða málið í ljósi endurskoðunar aðalskipulags.

Jón Gnarr borgarstjóri segist hafa rætt málið lauslega við umhverfisráðherra, en það hafi ekki komið til neinnar afgreiðslu. „Ég er hrifinn af allri friðun og er voða mikill friðarsinni. En maður verður að skilja hvað friðun þarna þýðir.“

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir málið afar mikilvægt. „Við megum ekki halda að náttúruverndin snúist einungis um fallvötn og fjarlægar slóðir. Hún snýst ekki síður um okkar nánasta umhverfi. Þar skipta borgaryfirvöld gríðarlegu máli.“

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Skilyrði möguleg

Friðlýsing þýðir ekki að framkvæmdir séu bannaðar á svæðum. Hægt er að setja fyrirvara um þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru. Þannig mun Kópavogsbær gera ráð fyrir að hægt verði að gera göngubrú yfir Fossvoginn til Reykjavíkur. Þá væri mögulegt að setja vegtengingu yfir á Álftanes í slíka fyrirvara, eða jafnvel framkvæmdir við flugvöllinn í Reykjavík.

Öllum kusum afkastameiri:

# Týra mjólkaði kúa mest í ár

**LANDBÚNAÐUR Afkastamest íslenskra kúa síðustu tólf mánuði er Týra í Hraunkoti í Skaftárhreppi.**

**Að því er fram kemur í Bændablaðinu voru nyt hennar 12.554 kíló, sem þykir mjög gott en er þó ekki Íslandsmet.**

**Athygli vekur að önnur kýr frá Hraunkoti, Fríða að nafni, var ekki langt á eftir Týru og er í fjórða sæti á listanum yfir nytjahæstu kýr landsins með 12.073 kíló.**

**Hraunkot var einnig með hæstu meðalnytina yfir öll íslensk kúabú í lok nóvember eða 8.341 kg. - þj**



**MJALTIR** Kýrin Týra frá Hraunkoti mjólkaði meira en nokkur önnur kýr síðustu 12 mánuði. Hraunkot var með hæstu meðalnyt á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

Breytingar í Danmörku:

# Stjórnin vill fela sígarettur

**DANMÖRK** Stjórnarflokkarnir í Danmörku vilja breyta lögum um reykingar þannig að sígarettur verði ekki lengur sýnilegar í verslunum og sjoppum. Með slíkum breytingum er vonast til að Danir dragi úr reykingum.

Félagar í Venstre, sem er í stjórnarandstöðu, eru vantrúaðir á að Danir breyti reykingavenjum sínum þótt sígaretturnar séu faldar og saka stjórnarflokkana um forræðishyggju.

Í tillögu meirihlutans er gert ráð fyrir heimild til sektar sé ekki farið eftir reglunum. Við endurtekin brot á þeim verður hægt að svipta menn leyfi til sölu á tóbaki. **- ibs**

Framlög til íslenskrar menningar og þjóðlífs verðlaunuð á Bessastöðum í gær:

# Forsetinn sæmdi ellefu fálkaorðunni

**SAMFÉLAGSMÁL** Forseti Íslands sæmdi ellefu Íslendinga riddarakrossi fálkaorðunnar á Bessastöðum í gær fyrir framlag þeirra til íslenskrar menningar og þjóðlífs.

Þeir eru Arnar Jónsson leikari fyrir framlag til íslenskrar leiklistar, Eymundur Magnússon bóndi fyrir frumkvæði á sviði búskaparhátta og matvælamenningar, Friðrik Ásmundsson fyrrverandi skipstjóri og skólastjóri fyrir framlag til öryggis sjómanna og menntunar skipstjórnarmanna, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir framkvæmdastjóri fyrir framlag til uppbyggingar atvinnulífs á heilbrigðissviði, Hafsteinn Guðmundsson fyrrverandi forstöðumaður fyrir forystu á vettvangi íþróttastarfs á Suðurnesjum og á landsvísu, Halldór Guðmundsson rithöfundur og verkefnisstjóri fyrir störf á vettvangi íslenskra bókmennta, Margrét Dóróthea Sigfúsdóttir skólastjóri fyrir framlag til íslenskra heimilisfræða, Ragnhildur Gísladóttir tónlistarmaður fyrir framlag til íslenskrar tónlistar, Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor fyrir störf í þágu uppeldisvísinda og menntunar, Stefán Hermannsson verkfræðingur fyrir framlag til borgarþróunar og Vilborg Einarsdóttir fyrir framlag til nýsköpunar á sviði hugbúnaðar



**FRÁ AFHENDINGUNNI** Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi líklega fálkarorðunni í síðasta sinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Kringlan
ÚTSALA
Opið til 21
í kvöld
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

## GENGIÐ 30.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,42 | 123 |
| Sterlingspund | 188,97 | 189,89 |
| Evra | 158,4 | 159,28 |
| Dönsk króna | 21,305 | 21,429 |
| Norsk króna | 20,343 | 20,463 |
| Sænsk króna | 17,739 | 17,843 |
| Japanskt jen | 1,5807 | 1,5899 |
| SDR | 187,83 | 188,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,2815

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**GULL** Enn ein eignabólan að springa? NORDICPHOTOS/AFP

Gull tekur dýfu á mörkuðum:

# Hrapar í verði en hækkar þó

**BANDARÍKIN** Gull hefur hrapað í verði á alþjóðamörkuðum síðastliðna mánuði. Únsan seldist á 1.920 Bandaríkjadali í byrjun september en er nú komin niður undir 1.500 dali.

Þrátt fyrir þessa lækkun er gullverðið hærra nú en um síðustu áramót og gull hefur hækkað samfleytt í ellefu ár, sem er lengsta tímabil samfelldrar hækkunar í að minnsta kosti níu áratugi.

Fyrir tveimur árum sagði milljarðamæringurinn George Soros að hækkun gullverðsins yrði síðasta og mesta eignabólan og seldi nokkru síðar nánast allt gull í eigu sinni. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sprengdu rúðu í skóla

Eftir hádegi í gær var tilkynnt um skemmdarverk í Hólabrekkuskóla. Rúða hafði verið brotin með „einhvers konar sprengju", eins og segir í skýrslu lögreglu. Enginn var handtekinn fyrir verknaðinn.

### Ósáttur vegfarandi

Maður á Mýrargötu reyndi að stöðva bifreiðar og fá far. Sparkaði hann til og í bíla þegar ökumenn stöðvuðu ekki fyrir honum. Lögregla leitaði mannsins án árangurs.

Ekkert banaslys varð meðal íslenskra sjómanna á nýliðnu ári:

# Nítján létust af slysförum

**SLYS** Alls létust nítján manns af slysförum hér á landi á nýliðnu ári, sex færri en á árinu 2010. Flestir, eða alls tólf, létu lífið í umferðarslysum. Banaslysum sem flokkast til heima- og frítímaslysa fækkaði úr átta á árinu 2010 niður í tvö árið 2011.

Samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu voru karlmenn í miklum meirihluta þeirra sem létust á síðasta ári eins og áður, eða þrettán talsins. Tvær konur létu lífið af slysförum og tvö börn yngri en fjórtán ára. Slíkum dauðsföllum hefur hefur fækkað jafnt og þétt síðasta áratuginn. Alls létust 42 árið 2002 en 20 árið 2007.

Þá varð ekkert banaslys meðal íslenskra sjómanna á síðasta ári og er það einungis í annað sinn síðan skráningar hófust sem slíkt gerist, en fyrra árið var 2008.

Öllum sjómönnum er skylt að sækja öryggisfræðslu á minnst fimm ára fresti, en á árinu sem leið var metþátttaka í námskeiðum við Slysavarnaskóla sjómanna. Þá sóttu alls 3.112 manns námskeið við skólann, en fyrra met var 2.300. - kg




**BÍLSLYS** Tólf létust í umferðarslysum á árinu 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Flugvöllur í Reykjavík:

# Kvaðir varðandi flutning í gildi

**SKIPULAGSMÁL** Enn eru kvaðir varðandi flutning Reykjavíkurflugvallar í aðalskipulagi Reykjavíkur sem er í fullu gildi. Samkvæmt kvöðunum á undirbúningur að flutningi flugvallarins að hefjast árið 2016.

Endurskoðun aðalskipulagsins er í gangi og verða drög þess kynnt um mitt ár 2012. Björn Axelsson hjá skipulagssviði borgarinnar vonast til að hægt verði að samþykkja aðalskipulagið í lok næsta árs. Nýtt aðalskipulag gildir fyrir árin 2010 til 2030. - kóp

# Ætlar ekki að rústa öllu því sem Steingrímur hefur gert

**Oddný G. Harðardóttir býst við að stíga úr stóli fjármálaráðherra í lok sumars. Ráðherranefnd mun endurskipuleggja stjórnarráðið. Verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytis gætu skipst á milli þriggja annarra.**

**STJÓRNMÁL** „Auðvitað verður að vera samfella í þessu starfi. Ég kem ekki og rústa öllu því sem Steingrímur hefur verið að gera – langt frá því," segir Oddný G. Harðardóttir, nýr fjármálaráðherra í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hefur störf í dag.

Oddný tók við lyklum að ráðuneytinu af Steingrími J. Sigfússyni á gamlársdag. Steingrími voru á móti færð lyklavöldin að bæði efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu úr höndum Árna Páls Árnasonar og Jóns Bjarnasonar.

Oddný, sem var bæjarstjóri í Garði áður en hún settist á þing árið 2009, hefur verið þingflokksformaður Samfylkingarinnar og þar áður formaður fjárlaganefndar Alþingis.

Hún segir að þótt stjórnarflokkarnir tveir séu ólíkir – hafi að geyma ólíkt fólk og starfi eftir ólíkum stefnum – þá muni ekki endilega ýkja mikið breytast við að ráðuneyti fjármála flytjist milli flokkanna. „Við í stjórnarmeirihlutanum erum búin að samþykkja fjögurra ára plan og ég vinn eftir því," segir Oddný.

Á næstu vikum fer Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra í barneignarleyfi. Eftir það stendur til að leggja iðnaðarráðuneytið niður og skipta verkefnum þess á milli nýs atvinnuvegaráðuneytis Steingríms J. Sigfússonar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis Svandísar Svavarsdóttur.

Katrín snýr aftur úr fæðingarorlofi í sumarlok og þá á Oddný von á að hverfa aftur úr ríkisstjórninni. „Ég bara geri ráð fyrir því. Ég hef svo sem ekki farið yfir það sérstaklega með Jóhönnu, en þegar Katrín kemur hún aftur þarf ein kona að fara út úr stjórninni fyrir hana og ekki verður það Jóhanna. Ég tek bara þennan sprett fyrir flokkinn minn," segir hún.

Ekki liggur fyrir hvort Katrín fer þá í fjármálaráðuneytið eða frekari hrókeringar verða.

Sérstök ráðherranefnd verður sett á laggirnar nú strax í ársbyrjun til að fjalla um og undirbúa breytingarnar á stjórnarráðinu, sem munu snúa að stofnun atvinnuvegaráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis.

Hinu síðarnefnda er ætlað að taka yfir málaflokka er varða auðlindanýtingu, til að mynda orkumálin úr iðnaðarráðuneytinu og hafrannsóknir úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Í atvinnuvegaráðuneytinu sameinast verkefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis og viðskiptahluta efnahags- og viðskiptaráðuneytisins – þeirra á meðal bankamál. Rætt er um að önnur verkefni efnahags- og viðskiptaráðuneytisins skiptist á milli fjármála- og forsætisráðuneyta.

stigur@frettabladid.is

### SAMÞYKKT AÐ BOÐA TIL AUKALANDSFUNDAR

Hart var deilt um fyrirhugaðar breytingar á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á föstudagskvöld. Einkum lét fólk í ljós óánægju með að víkja ætti Árna Páli Árnasyni úr stjórninni, og jafnframt bar á áhyggjum af því að yfirstjórn atvinnumála yrði öll á höndum Vinstri grænna.

Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarmaður Árna Páls, lagði fram tillögu þess efnis að boðað yrði til aukalandsfundar í vor til að kjósa nýja forystu. Tillagan var samþykkt. Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson voru endurkjörin formaður og varaformaður á landsfundi í haust.







**LYKLAR SKIPTU UM HENDUR** Steingrímur J. Sigfússon flakkaði milli ráðuneyta á gamlársdag, lét eina lykla frá sér og tók við tveimur í staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


# Guli miðinn

20% afsláttur

20% afsláttur*
í Lyfjum & heilsu



VÍTAMÍN HEILSU MEÐ GULA MIÐANUM
Breiðfylking bætiefna - sérvalin fyrir íslenskar aðstæður

*gildir frá 27.desember til 9.janúar

Lyf & heilsa
við hlustum!


## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

**KÓLNAR**
Það kólnar heldur á landinu og má búast við allt að 12 stiga frosti inn til landsins næstu daga. Í dag lítur út fyrir éljagang norðanlands og snjókomu eða éljagang á morgun. Sunnan til verður hins vegar nokkuð bjart og úrkomulítið.




Á MORGUN
Sums staðar strekkingur með ströndum, annars hægari.

MIÐVIKUDAGUR
Vaxandi vindur austanlands.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 7° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 9° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | 2° |
| París | 13° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is




*Gleðilegt nýtt ár!*

# FULLT AF MÖGULEIKUM

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegs nýárs.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

ENNEMM / SÍA / NM40084

**KJÖRKASSINN**



*Kaupir þú flugelda fyrir áramótin?*

| | |
|---|---|
| Já | 42,3% |
| Nei | 57,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að Ólafur Ragnar Grímsson bjóði sig fram til forseta í vor?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Starfshópur um málefni útlendinga hefur starfað síðan í sumar:

# Lögin þarfnast endurskoðunar

**STJÓRNSÝSLA** „Niðurstaðan á fyrstu metrunum er að löggjöfin þarfnast gagngerrar endurskoðunar," segir Halla Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður innanríkisráðherra og formaður starfshóps ráðuneytisins um málefni útlendinga utan EES-svæðisins.

Hópurinn hefur unnið mjög stíft á haustmánuðum að sögn Höllu og farið yfir lög um útlendinga. „Við erum bæði að fjalla um málefni hælisleitenda og um dvalarleyfi og atvinnuleyfi."

Löggjöfin er um margt slæm, segir Halla. „Að vísu er nýbúið að taka í gegn hæliskaflann svo hann er í öllu betra horfi heldur en dvalarleyfi og atvinnuleyfi. Þau lög hafa verið löguð mikið til, en það er ennþá til í dæminu að fólki sé leyft að vera á Íslandi og fái dvalarleyfi en geti ekki séð fyrir sér af því að það fær ekki atvinnuleyfi."



HALLA GUNNARSDÓTTIR

Halla segir áskorun starfshópsins nú að finna út hvernig hægt sé að búa svo um hnútana að mannúðlega sé staðið að þessum málum. Tekin hafi verið ákvörðun um að leita utanaðkomandi aðstoðar. Þar sem löggjöf Íslendinga byggi á norskri löggjöf verður farið til Óslóar í janúar til að fá upplýsingar. Þá mun Halla fara áfram til Danmerkur og Svíþjóðar ásamt starfsmanni hópsins til að kynna sér þætti í löggjöf þeirra landa. **- þeb**

Bæjarstjórn Bolungarvíkur:

# Tekur lán upp á 76 milljónir

**BOLUNGARVÍK** Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkti fyrir jól að taka 76 milljóna króna lán til 23ja ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Elías Jónatansson bæjarstjóri segir í samtali við Fréttablaðið að um endurfjármögnun lána sé að ræða.

„Við höfum verið að greiða upp lán á sjö til átta árum og það eru einfaldlega of stutt lán fyrir sveitarfélagið."

Elías segir aðspurður að heildarskuldir sveitarfélagsins séu í kringum einn milljarð króna. **- bj**

Erfiðleikar hjá Veislugarði:

# Fá eftirgjöf á leigu í Hlégarði

**SVEITARSTJÓRNIR** Veislugarður. sem annast rekstur í félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ, hefur fengið fellda niður fjögurra mánaða leigu.

„Vegna sérstakra aðstæðna hvað varðar ástand hins leigða húsnæðis, breytingar í rekstrarumhverfi og vegna minnkandi viðskipta leigusala við leigutaka, hafa samningsaðilar orðið ásáttir um leiðréttingu á leigu vegna ársins 2011 sem nemur ígildi fjögurra mánaða leigu," segir í bókun bæjaráðs.

Fulltrúi Íbúahreyfingarinnar segir bæinn ekki bera ábyrgð á rekstri einkafyrirtækja og greiddi atkvæði gegn niðurfellingunni. **- gar**



**MJÓLK** Þeim sem bjuggu í sveit og drukku mikla mjólk var hættara við að fá krabbamein samkvæmt íslenskri rannsókn.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skoða tengsl milli mjólkur og krabba

**Gríðarleg aukning hefur orðið á greiningu meina í blöðruhálskirtli á Íslandi. Rannsóknir sýna að mjólkurafurðir geta átt þátt í myndun krabbameinsins.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Krabbamein í blöðruhálskirtli er hvergi í heiminum algengara en á Íslandi, Skandinavíu og í Eystrasaltslöndunum að frátöldum löndum í miðhluta Afríku, Fílabeinsströndinni og Vestur-Indíum. Þar eru karlar með gen sem er ákveðinn áhættuþáttur, að því er greint er frá á vef Svenska Dagbladet.

Þar segir einnig að mikil neysla mjólkurafurða geti átt þátt í myndun blöðruhálskirtilskrabbameins og að vísindamenn við Harvard-háskólann í Bandaríkjunum, sem stýrt hafi mörgum viðamestu rannsóknunum í heiminum á mataræði, ráði fullorðnum frá því að drekka fleiri en tvö glös af mjólk á dag.

Svenska Dagbladet leitaði í vísindagagnagrunninum Pubmed til þess að skoða rannsóknir um tengsl milli neyslu mjólkurafurða og/eða kalks í mataræði og krabbameins í blöðruhálskirtli.

Alls fundust 42 rannsóknir frá árinu 1977 og af þeim sýndu 37 aukna hættu fyrir þá sem neytt höfðu mest. Tvær sýndu engin áhrif en þrjár verndandi áhrif.



JÓN GUNNLAUGUR JÓNASSON



JÓHANNA EYRÚN TORFADÓTTIR

Margar rannsóknanna voru sænskar.

Þótt dregið hafi úr heildarmjólkurneyslu í Svíþjóð hefur inntaka kalks hjá körlum eldri en 45 ára aukist, mögulega vegna aukinnar latte-drykkju og aukinnar neyslu á jógúrt og osti, að því er Svenska Dagbladet greinir frá.

Á Íslandi greindust á árunum 2005 til 2009 að meðaltali 220 karlar á ári með krabbamein í blöðruhálskirtli. „Það hefur verið gríðarleg aukning á greiningu meina í blöðruhálskirtli á Íslandi og reyndar á öllum Norðurlöndunum að Danmörku undanskilinni. Þar hefur ekki verið leitað jafnákaft í blóði að efninu PSA sem getur gefið vísbendingar um að mein sé í kirtlinum. Við teljum seinni nýgengi í Danmörku tilkomna af því," segir Jón Gunnlaugur Jónasson, yfirlæknir hjá Krabbameinsskrá Íslands.

Jóhanna Eyrún Torfadóttir, næringarfræðingur og doktorsnemi í lýðheilsuvísindum, hefur rannsakað mataræði Íslendinga fæddra á árunum 1907 til 1935 og samband mataræðisins við blöðruhálskirtilskrabbamein, einkum hjá þeim sem greindust þegar krabbameinið var langt gengið.

„Við höfum rannsakað gögn frá Hjartavernd um mataræði á unga aldri og meðal annars mjólkurneyslu. Þeim sem bjuggu í sveit og drukku mikla mjólk var hættara við að fá þetta krabbamein. Gamlar rannsóknir frá árinu 1939 sýna að fullorðnir karlmenn sem bjuggu í sveit drukku sjö glös af mjólk á dag að meðaltali."

Grein um rannsókn Jóhönnu hefur birst í ritinu American Journal of Epidemiology.

**ibs@frettabladid.is**



**SNJALLSÍMAR** Forritið hringir í Neyðarlínu fyrir viðkomandi auk þess að geyma upplýsingar um sjúkrasögu.

Nýtt símaforrit frá Noregi:

# Geymir sjúkrasöguna í síma

**NOREGUR Norskur maður hefur hannað símaforrit sem hringir í Neyðarlínuna og inniheldur upplýsingar um sjúkrasögu einstaklinga.**

**Maðurinn segist hafa fengið hugmyndina að forritinu þegar hann lá í sjúkrabíl eftir að hafa fengið blóðtappa í lunga.**

**Í forritið er hægt að stimpla inn upplýsingar um þyngd, aldur, ofnæmi og sjúkdóma. Þá er það tengt við GPS og hringir því í Neyðarlínu þess lands sem viðkomandi er staddur í.**

**Þó hafa sérfræðingar varað við því að of miklar upplýsingar séu gefnar í forritinu og tryggja þurfi að enginn óviðkomandi geti komist í upplýsingarnar. - þeb**



**PAKKAR SENDIR** Kindle Fire hefur verið söluhæsta vara Amazon.com frá því hún fór í sölu fyrir 13 vikum. NORDICPHOTOS/AFP

Seldu milljón tölvur á viku:

# Aldrei selt fleiri Kindle lestölvur

**BANDARÍKIN, AP Metsala var á Kindle les- og spjaldtölvum hjá netversluninni Amazon á síðasta ári.**

**Amazon.com upplýsti í tilkynningu á fimmtudag að í desember hefði fyrirtækið selt yfir eina milljón Kindle tölva í viku hverri.**

**Amazon hefur ekki upplýst um sölutölur, en frá því Kindle leit fyrst dagsins ljós árið 2007 hafa verið búnar til nokkrar útgáfur lestölvunnar, auk Kindle Fire-spjaldtölvunnar.**

**Kindle Fire er sögð líklegust til þess að geta keppt við iPad tölvur Apple. - óká**



**ÞORLÁKSHÖFN** Forstöðumenn vilja endurheimta fyrri kjör.

Krafa forstöðumanna í Ölfusi:

# Hækki eins og bæjarfulltrúar

**KJARAMÁL** Forstöðumenn hjá sveitarfélaginu Ölfusi segjast vilja fá til baka launaskerðingu sem gilti þeirra vegna á árinu 2011. Sú krafa sé sett fram í ljósi þess að laun bæjarfulltrúa hækkuðu um 20 prósent um áramótin.

„Ákvörðun um að leiðrétta laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks er tekin í ljósi þess að sá hópur hefur lengst alls starfsfólks búið við skert grunnlaun og því ber ekki að líta á þá launaleiðréttingu sem forsendu endurskoðunar á launabreytingum/fastri yfirvinnu forstöðumanna," bókaði forseti bæjarstjórnar á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Hann bætti við að laun bæjarfulltrúa og nefndarfólks í Ölfusi væru mun lægri en í nærliggjandi sveitarfélögum. **- gar**

Umsókn styrktarfélags hafnað:

# Happadrætti á að virða bann

**VIÐSKIPTI** Persónuvernd hefur synjað ósk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra um undanþágu frá því að virða bannmerkingar í Þjóðskrá við áritun og útsendingu happdrættismiða.

Persónuvernd taldi að ekki væri um að ræða sérstakt tilvik í skilningi laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá kemur fram í ákvörðuninni að hugtakið markaðssetning hafi verið túlkað rúmt og taki ekki bara til kynninga á vöru eða þjónustu heldur einnig annars áróðurs-, auglýsinga- og kynningarstarfs. **- óká**

Karl Sigurbjörnsson biskup segir 2011 hafa verið ár erfiðleika hér og erlendis:

# Landsdómsmálið er þjóðarsmán

**TRÚMÁL** Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, sagði í nýárspredikun sinni í Dómkirkjunni í gær að mál gegn Geir H. Haarde fyrir Landsdómi væri „þjóðarsmán", og sprottið af hefndarhug og hatri. „Gata hefnda og haturs er blindgata. Æ fleirum verður ljóst að þjóð okkar hafi leiðst inn á slíkar ófærur. Mér finnst Landsdómsákæran gegn einum manni vera einn vottur þess, og þjóðarsmán."

Biskup sagði mikilvægt að standa vörð um réttarríkið sem



HR. KARL SIGURBJÖRNSSON

byggt hafi verið upp á grundvelli mannúðarsjónarmiða og samstöðu um siðferðilegar meginreglur.

„Það er ekki sjálfgefið þegar hinn siðferðilegi áttaviti veiklast, siðvitund og dómgreind dofnar. Er nýtt réttarkerfi komið hér í landi? Þar sem menn eru dæmdir sekir umsvifalaust ef frásagan, ávirðingin telst söluvæn, og aftökun hefst þegar í stað í gapastokki almenningsálitsins," sagði biskup.

Karl sagði erfiðleikaár að baki. Ár hamfara og þrenginga, bæði á Íslandi og erlendis. Gerði hann voðaatburðina í Ósló og Útey í Noregi 22. júlí sérstaklega að umtalsefni í því sambandi.

Hann sagði viðbrögð norsku þjóðarinnar dæmi hvernig má mæta hatri. „Þvílíkt fordæmi!" sagði Karl í ræðu sinni. **- shá**

**AKRANES**

**Kaupa sjötíu kórdiska**

Bæjarráð Akraness hefur samþykkt að kaupa sjötíu geisladiska sem gefnir voru út í tilefni þess að Karlakórinn Svanir starfaði í um 65 ár á liðinni öld í bæjarfélaginu.


rekkjan
ÚTSALAN
HEFST Í DAG!
30 TIL 60%
AFSLÁTTUR
ALLURE
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 163.600 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
98.160 kr.
ÞÚ SPARAR 65.440 Kr.
40%
AFSLÁTTUR!
35%
AFSLÁTTUR!
QUANTUM
Queen size (153x203 cm)
Fullt verð 313.300 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
203.645 kr.
ÞÚ SPARAR 109.655 Kr.
HÁGÆÐA
DÚNSÆNGUR
Fullt verð 28.540 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
19.978 kr.
ÞÚ SPARAR 8.562 Kr.
HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR!
DÚN- OG
FIÐURSÆNGUR
Fullt verð 13.900 kr.
ÚTSÖLUVERÐ
9.730 kr.
ÞÚ SPARAR 4.170 Kr.
FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
30%
AFSLÁTTUR!
SÆNGURFÖT
30%
AFSLÁTTUR!
rekkjan
Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· Sími 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16
HEILSURÚM

**FRÉTTASKÝRING:** Forval Repúblikanaflokksins fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum

# Romney er sigurstranglegastur

**Fyrsta orrustan í aðdraganda forsetakosninganna í Bandaríkjunum á komandi ári verður háð í Iowa-ríki á morgun þar sem fram fer fyrsta forvalið til frambjóðanda Repúblikanaflokksins. Sjö frambjóðendur standa eftir í kjölfar æði sérstakrar baráttu þar sem fólk hefur risið og fallið til skiptis en Mitt Romney er sá eini sem hefur haldið sjó.**

Romney, sem beið lægri hlut fyrir John McCain í repúblikanaslagnum fyrir síðustu kosningar, hefur unnið lengi að endurkomu og safnað háum fjárhæðum til að reka kosningabaráttu sem gæti orðið löng og hörð.

Hann fellur hins vegar ekki öllum í geð, sérstaklega sannkristnum og íhaldssamasta armi flokksins sem efast um stefnufestu hans í samfélagslegum álitamálum, til dæmis hvað varðar hjónabönd samkynhneigðra og fóstureyðingar. Þá þykir heilbrigðiskerfið sem hann stóð fyrir á árum sínum sem ríkisstjóri í Massachusetts, vera að mörgu leyti svipað og það sem Barack Obama forseti kom í gegnum þingið í fyrra, repúblikönum til mikillar armæðu.

Því hafa ýmsir keppinautar hans skotist upp í fylgi í von repúblikana um að þeir séu sterkur valkostur við Romney. Hins vegar hafa þeir allir látið undan síga. Fyrst Michelle Bachmann, þá Rick Perry, Herman Cain og nú síðast Newt Gingrich. Þau hafa öll misst flugið eftir misskamman tíma á toppi kannana. Sum vegna fyrri gjörða og orða, til dæmis Cain sem var sakaður um framhjáhald og kynferðislega áreitni, eða hreinlega vegna þess að þeir reyndust veikir frambjóðendur. Til dæmis olli Perry miklum vonbrigðum þar sem hann missteig sig hvað eftir annað í kappræðum og virtist ekki einu sinni vera með sín eigin mál á hreinu, hvað þá annarra sem hann reyndi að deila á. Síðasti frambjóðandinn sem féll úr náðinni var Gingrich, eftir orrahríð neikvæðra auglýsinga annarra frambjóðenda gegn honum.

Nú er svo komið að tveir af sérstakari frambjóðendunum, frjálshyggjumaðurinn Ron Paul og hinn íhaldssami Rick Santorum, hafa komið upp á yfirborðið sem helstu keppinautar Romneys þegar fyrsta forvalið er innan seilingar.

Þó að sigur í Iowa sé gott veganesti er löng leið fram undan og viku síðar er prófkjör í New Hampshire, þar sem Romney hefur sterka stöðu. Hann stefnir væntanlega að því að komast strax hratt af stað og ná þannig þeirri stöðu að vera „hinn augljósi“ valkostur til að mæta Obama forseta næsta haust.



**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is



**LÍKLEGASTUR** Mitt Romney hefur siglt nokkuð lygnan sjó í aðdraganda forvals repúblikana í Iowa-ríki á þriðjudag. Hann mælist nú hæstur í skoðanakönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Af hverju er Iowa fyrst?

Iowa-ríki er eitt af miðvesturríkjunum svokölluðu, og er staðsett í miðjum Bandaríkjunum. Ríkið hefur verið fyrst í röðinni hjá bæði repúblikönum og demókrötum frá því á miðjum áttunda áratug síðustu aldar. Það nýtur afar góðs af þessari stöðu sinni þar sem frambjóðendur leggja margir mikið upp úr því að höfða til íbúa og hagsmunahópa, sem eru meðal annars sannkristnir og stórtækir akurbændur. Afraksturinn er meðal annars gríðarlegur ríkisstuðningur við landbúnað auk þeirra miklu fjármuna sem renna inn í ríkið í kosningabaráttum á fjögurra ára fresti.

Þær raddir gerast sífellt háværari að þessu þurfi að breyta, en það verður hægara sagt en gert þar sem bundið er í lög Iowa að forkosningar þar skuli vera á undan öllum öðrum ríkjum.

## Frambjóðendur:

- Mitt Romney
- Ron Paul
- Newt Gingrich
- Rick Santorum
- Michelle Bachmann
- John Huntsman
- Rick Perry

**Hættir:**

- Herman Cain
- Tim Pawlenty

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00





**FERÐAMENN Í SNJÓNUM** Þetta glaðlega par var á gangi í miðborg Reykjavíkur á fimmtudag og naut vetrarveðursins á þessari síðustu viku ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjögur þúsund ferðamenn í Reykjavík yfir áramót:

# Lítið var laust á hótelum yfir hátíðarnar

**FERÐAÞJÓNUSTA** Áætlað er að ríflega 4.000 ferðamenn hafi heimsótt Reykjavík nú um áramótin. Í fyrra er talið að um 3.500 ferðamenn hafi sótt borgina heim, að mati Höfuðborgarstofu.

Stærstu hótel landsins voru annaðhvort fullbókuð eða með örfá herbergi laus og sammælast forsvarsmenn þeirra um að erlendum ferðamönnum hafi fjölgað miðað við sama tíma í fyrra.

Algengasti dvalartíminn er þrír til fjórir dagar og voru flestir að tínast inn á hótelin í fyrradag og í gær.

Jóhann Sigurólason, móttökustjóri á Grand Hótel, segir bókanir ganga vonum framar, enda allt uppbókað á hótelinu yfir áramót.

„Viðskiptin ganga mjög vel hjá okkur eins og víðast hvar. Hér er allt fullt,“ segir Jóhann. „Þetta eru mestmegnis útlendingar, ætli rúmlega helmingurinn sé ekki Bretar og Þjóðverjar.“

Jóhann finnur töluverða aukningu í ferðamannastraumi frá því í fyrra. Valgerður Ósk Ómarsdóttir hjá Hótel Sögu tekur í sama streng og segir hótelin í landinu virðast vera vinsælli ár frá ári. Fréttablaðið hafði einnig samband við forsvarsmenn Hilton og Icelandair hótela og Hótel Borg, og fékk þau svör að lítið sem ekkert væri laust hjá þeim. Það er tekið undir orð Jóhanns og Valgerðar varðandi aukninguna milli ára og flestir gestirnir séu erlendir.

Í tilkynningu frá Höfuðborgarstofu segir að ferðavefsvæði CNN hafi sett Reykjavík tvisvar í röð á lista yfir mest spennandi jólaborgir í heimi. - sv

VERÐ FRÁ KR.
Þvottavélar............... 49.900,-
Þurrkarar.................. 49.000,-
Uppþvottavélar......... 49.900,-
Borðuppþvottavélar.. 39.900,-




VERÐ FRÁ KR.
Kæliskápar................ 19.900,-
Frystiskápar............. 29.000,-
Frystikistur................ 39.900,-
Innbyggðir kælisk...... 59.900,-




VERÐ FRÁ KR.
Helluborð.................. 19.900,-
Keramik helluborð.... 49.900,-
Spanhelluborð.......... 69.900,-
Ofnar með blæstri.... 59.900,-
Örbylgjuofnar............. 9.990,-




## Hár & heilsa

TRISTAR VERÐ FRÁ KR.
Hárblásarar............. 990,-
Nefhárasnyrtir......... 990,-
Hárklippisett........ 2.990,-
Sléttujárn............ 2.990,-
Naglasnyrtitæki.... 1.490,-
Fótanuddtæki...... 4.990,-
Hitapúðar............ 3.990,-



BaByliss
ALLAR BABYLISS HÁRVÖRUR
**20% AFSLÁTTUR**

## Eldhústæki

VERÐ FRÁ KR.
Kaffivélar............. 2.990,-
Brauðristar........... 1.490,-
Hraðs.könnur...... 2.990,-
Handþeytarar...... 2.490,-
Töfrasprotar......... 1.490,-
Safapressur.......... 1.990,-
Vöfflujárn............. 3.990,-
Mínútugrill............ 7.990,-
Samlokugrill........ 2.990,-
Racklettegrill........ 3.990,-
Djúpsteikingap..... 8.990,-
Hrísgrj.pottar........ 3.990,-
Kaffikvarnir........... 3.990,-



SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

# ÚTSALA

## HEFST Í DAG KL.10




**13 gerðir af vönduðum pönnum með 50% afslætti!**
- Í öllum gerðum og stærðum
- Grillpönnur, WOK pönnur, pönnuköku-pönnur, djúpar og grunnar pönnur með eða án loks, stórar og litlar
- 20, 24, 28, 30 cm breiðar
- Henta á allar gerðir af hellum, líka span
- Tvöföld viðloðunarfrí húðun

**50% AFSLÁTTUR AF PÖNNUM**



Flottur 500W blandari í burstðu stáli með glerkönnu. Lagaðu uppáhalds heilusdrykkina þína. Malar ís léttilega. Fullt verð 10.490.

TRISTAR

Kraftmikil safapressa í burstuðu stáli. 2 hraðastillingar. Tekur heila ávexti og óskorið grænmeti. Tilvalið í heilsuátakið eftir jólin! Fullt verð 9.990.-

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
**5.990**
STYKKIÐ!




TRISTAR
**SZ-1903 Ryksuga**
Lítil og nett ryksuga með stálskafti.
Fullt verð 8.990.-




Electrolux
**ZE-310 Ryksuga með 13 metra vinnuradíus**
Náðu lengra með þessari frábæru ryksugu frá Electrolux. 1800W mótor og 330W sogkraftur.
Hentar á öll gólf og með parkethjólum.
- Notar S-Bag örtrefjapoka
- Stillanlegur sogkraftur og skaft
- Öragnasía
- Fullt verð 29.900

## BAÐ- & ELDHÚSVOGIR

**50% AFSLÁTTUR**




Komdu þér í form og settu þér markmið fyrir 2012. Hárnákvæmar bavogir úr gleri eða stáli. Einnig vogir með fitumælingu.

6 gerðir af eldhúsvogum.

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardag 7.1 11-17
sunnudag 8.1 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

**FRÉTTAVIÐTAL:** Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

# Hugsum um framtíðina núna

**Menntakerfið á Íslandi verður úrelt eftir tíu til tuttugu ár nema það breytist talsvert. Endurnýjun á kerfinu í heild sinni og inntaki þess þarf að fara fram í ljósi margvíslegra breytinga sem eru í vændum. Íslendingar verða að láta af þeirri hugsun að þeir útskrifist úr skóla í eitt skipti fyrir öll og síðan taki vinnan við. Lykilorðið er ævimenntun.**



**JÓN TORFI JÓNASSON** Jón Torfi er prófessor í uppeldis- og menntunarfræði og forseti Menntavísindasviðs HÍ. Hann lauk prófi í eðlisfræði og síðan sálfræði frá Bretlandi og hefur kennt við Háskóla Íslands frá árinu 1977. Hann var meðal annars fenginn til þess að spá fyrir um framtíð menntunar 1985-2010 á vegum framtíðarnefndar sem starfaði á níunda áratug síðustu aldar og vinnur nú að spá fyrir næstu 25-30 árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég segi ekki að menntakerfið sé orðið úrelt, en sú hætta blasir við ef við vinnum ekki markvisst að því að bæta það. Það sama á við nágrannalönd okkar. Við eigum vitanlega að horfa til fortíðar og virða rætur okkar og mikilvæg gildi, við eigum að horfa til nútíðar en fyrst og fremst til framtíðar. Stundum er eins og það gleymist,“ segir Jón Torfi Jónasson, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, sem nýlega hélt fyrirlestur á Málþingi sem bar heitið Framtíðin: Staða okkar og sýn. Málþingið var haldið í tilefni kennsluviku Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og bar heitið Menntun og framtíð.

Jón Torfi spurði knýjandi spurninga um það hvernig menntakerfið hygði að framtíðinni. Tíminn flygi áfram og við yrðum að vera fullkomlega með á nótunum. Nauðsynlegt væri að endurskoða stöðugt markmiðasetningu menntunar, það væri ekki gert nægilega markvisst af öllum þeim sem tengdust menntun. Jón Torfi benti þó á nýlega mikilvæga og nauðsynlega endurskoðun námskrár. Hann velti því einnig fyrir sér hvernig hægt væri að búa nemendur undir allar þær breytingar sem þegar ættu sér stað og myndu breyta nýtingu auðlinda og gjörbreyta þeirri tækniþekkingu sem nú þætti gagnleg, og um leið samfélaginu og samskiptaaðferðum á næstu tveimur eða þremur áratugum. Allar hliðar vinnumarkaðarins væru þegar að breytast, bæði fjölbreytileiki starfa og inntak einstakra verksviða. Öllum þessum þáttum yrði að gefa miklu betri gaum og um leið að leggja miklu meiri áherslu á mikilvæg félagsleg og siðferðileg viðfangsefni.

### Horfum fram á við

„Ég fjalla alls ekki eingöngu um breytingar sem þegar hafa orðið og margir þekkja, heldur verðum við að horfa fram á við af alvöru og gera okkur í hugarlund það sem mun örugglega breytast á næstu tveimur eða þremur áratugum og láta kerfið taka mið af því. Slíka hugsun um framtíðina vantar og sennilega kunnum við þetta ekki almennilega. Um margt í framtíðinni er erfitt að spá en um margt má svo sannarlega spá og við verðum að losa okkur við klisjur um að ekkert sé hægt að spá. Til þeirra grípur fólk til að varpa frá sér ábyrgðinni á því að horfa fram á við,“ segir Jón Torfi. „Ég fullyrði að það sé býsna margt sem við getum séð fyrir, þrátt fyrir að margt sé óráðið í framtíðinni. Ef við legðum okkur fram um að ígrunda það sem hægt er að sjá fyrir myndi það breyta miklu. Við vitum ekki hvernig samskipta- eða tölvutæknin mun þróast en vitum þó að breytingarnar verða gríðarlegar og við getum gert okkur í hugarlund hvert stefnir. Tölvur sem við munum hafa til reiðu eftir fimmtán til tuttugu ár verða margfalt aflmeiri en þær sem við þekkjum í dag, jafnvel milljón sinnum aflmeiri. Bara sú breyting ein býður upp á allt annað verklag og inntak menntunar en við þekkjum í dag.“

*En er þetta ekki bara enn ein dómsdagsspáin?*

„Ég hef ekki haldið því fram að það gerist neitt hræðilegt þó að við hugsum ekki kerfisbundið og agað um framtíðina og hvernig við gætum búið okkur undir hana. En ég bendi á að það sé skynsamlegt að gera það og með því móti sé miklu líklegra að við búum unga fólkið okkar vel undir framtíðina. Það er allt of sjaldan minnst á hvað sé fram undan nema í allra nánustu framtíð eða rætt um þær breytingar sem þegar eru orðnar, það er sú skammsýni sem ég finn að.“

*Er þetta komið til vegna doða menntayfirvalda?*

„Nei, þetta heyrir ekki bara undir stjórnvöld og það er fráleitt að ætla að þessi umræða komi fyrst og fremst ofan frá. Háskólasamfélagið ætti að axla þessa ábyrgð líka og raunar allt skóla- og fræðasamfélagið. En ef enginn annar hreyfir við þessu verða stjórnvöld að gera það. Í forsætisráðherratíð Steingríms Hermannssonar var settur á stofn framtíðarhópur. Hann velti fyrir sér fjölmörgum málaflokkum, svo sem auðlinda- og orkumálum, þróun atvinnulífs og heilbrigðiskerfinu, og einbeitti sér að menntamálum. Auðvitað gætu stjórnvöld átt frumkvæði að slíku starfi en þetta er ekki síður hugmyndavinna sem menntasamfélagið sjálft á að ráðast í. Mennta- eða skólasamfélagið ætti að vera upptekið af þessu því hlutverk þess er að búa ungt fólk undir framtíðina og spyrja hvernig það verði best gert.“

*En af hverju er þessi kyrrstaða?*

„Okkur sem ráðum ferðinni líður mörgum ágætlega með stöðuna eins og hún er, enda er verið að gera marga góða hluti þótt þeir feli ekki í sér virkan undirbúning fyrir framtíðina. Mörgum hentar að ekki sé miklu breytt. Það kalla ég vel meinandi íhaldssemi. Þetta snýst um gömul gildi sem við viljum ekki kasta fyrir róða, sem er vitanlega rétt, en það ætti ekki að útiloka ný gildi eða nýja þekkingu, nýtt verklag og ný viðfangsefni. En þeir eru vissulega margir sem hafa hagsmuni af því að hlutirnir breytist ekki.“

*Eru einhverjar greinar sérstaklega afskiptar?*

„Ég hef haldið því fram að skapandi greinar og gagnrýnin hugsun eigi að eiga mun veglegri sess í kerfinu. Ný lykilfærni námskrárinnar á svo sannarlega að fá mikið rými. Og þá verður að ryðja einhverju út. En þá vaknar spurningin um hvað eigi að víkja. Ekki tungumálin, ekki stærðfræðin, ekki samfélags- eða náttúrufræðigreinarnar, a.m.k. ekki ef efni þeirra er endurnýjað frá grunni. Það verður fljótlega ljóst að um þessi efni eru átök; átök faghópa sem bæði eru að verja gamla hagsmuni en líka mjög gild sjónarmið. Það er ekkert óeðlilegt við þessa togstreitu og ber alls ekki að sneiða hjá henni. En einhverjir verða að bera hag framtíðarinnar sérstaklega fyrir brjósti. Hún verður að eiga sér talsmenn.“

> Hugsum um menntun sem ævimenntun. Bókstaflega. Hættum að gera því skóna að fyrst fullmennti maður sig og fari svo að vinna.

### Fyrsta skrefið

*Hvað finnst þér að gæti verið upphafspunktur þessara breytinga?*

„Hann er löngu þekktur. Við tölum gjarnan um ævimenntun. Við menntum okkur alla ævi, nútíma samfélag gerir ráð fyrir því. Hins vegar er alltaf gengið út frá grunnmenntun þegar við skipuleggjum menntakerfið. Ekki er gert ráð fyrir að neitt skipulegt taki við þegar hinni formlegu menntun lýkur. Við kunnum ekki að hugsa á grundvelli ævimenntunar. En við verðum að átta okkur á því að hvort sem um almenna eða sérhæfða þekkingu er að ræða úreldist margt furðu fljótt. Menn spyrja ætíð hvað verði að vera í grunninum til að hægt sé að tala um góða menntun en ég spyr á móti hvort ekki sé eðlilegt að menn afli sér þekkingar smám saman; fólk verður að gera sér grein fyrir því hve endurnýjunarkrafan er sterk og verður sífellt meiri; þá skiptir hinn svonefndi grunnur minna máli. Það er fjölmargt að gerast í samfélagi okkar eða sérhæfða umhverfi sem var ekki inni í myndinni fyrir fimm eða tíu árum. Það er fráleitt að láta sem leiðir til endurnýjunar séu ekki til, því margir endurmennta sig óformlega alla tíð, þótt aðrir geri það að vísu ekki. Þjóðfélagið ætti að leggja hugmyndina um ævimenntun til grundvallar skipulagi menntunar. Ef við tökum menntun kennara sem dæmi má segja að sumt verði að heyra undir grunnmenntun þeirra en annað bætist við smám saman eftir að viðkomandi hefur starf. Við Íslendingar erum mjög uppteknir af því að útskrifa fólk sem er vel menntað áður en það hefur starf, helst fullmenntað, eins og stundum er sagt. En við gætum hins vegar ekki að því hvað ætti að koma eftir þessa útskrift. Sem sagt: hugsum um menntun sem ævimenntun. Bókstaflega. Hættum að gera því skóna að fyrst fullmennti maður sig og fari svo að vinna.“

*Hvaða tímaramma ertu að tala um?*

„Margvísleg þekking og verklag úreldist ótrúlega hratt. Sérfræðingur verður fljótt nátttröll ef hann hefur ekki gætt að því að mennta sig áfram. Tvöföldunartími þekkingar í mörgum greinum er kannski ekki nema áratugur eða rúmlega það; í mörgum tilvikum skemmri. Fjöldi nýrra greina verður þar að auki til. Þessi hraði breytinga er hvergi tekinn inn í myndina hvað varðar inntak eða skipulag skólastarfs. Sumt breytist hægt (eða ekki) en það er ótrúlega margt sem breytist geigvænlega hratt. Sumt af því sem breyttist á tuttugu árum rétt fyrir aldamótin mun taka sams konar breytingum á tíu til tólf árum núna. Árið 2030 þarf að bregðast við svipuðum breytingum á þrem, fjórum árum. Undir þetta verðum við að búa okkur. Skólastarf 2011 mun þykja mjög gamaldags eftir 15–20 ár.“

### Peningar

*En er þetta ekki spurning um fjármagn? Mikla peninga sem ekki eru til?*

„Nei. Þetta er ekki síst hugarfarslegt viðfangsefni sem krefst breytts viðhorfs til hlutverks menntunar. Þetta viðhorf krefst þess að þeir sem starfa í skólakerfinu séu sífellt að velta fyrir sér eðli og markmiðum menntunar en ekki síður hvaða kröfur framtíðin, jafnt og fortíðin, geri til menntunar.“

*Hvernig er þessum hugmyndum þínum tekið innan háskólans þar sem þú starfar?*

„Þeim er í sjálfu sér vel tekið, og flestir telja að þeir séu í framlínunni í sínu fagi. En það dugar menntakerfinu engan veginn. Menn verða líka að velta því fyrir sér hvernig breytingar í ólíkum fræðigreinum gætu endurspeglast í skólakerfinu. Þá umræðu vantar með öllu. Menn taka því sem ég segi með jákvæðni en ég tel að fáir taki það beint til sín. Samstarfskona mín, Kristín Vala Ragnarsdóttir, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ, berst af miklum krafti fyrir aukinni þekkingu á sjálfbærni og á mikið hrós skilið fyrir það en það er aðeins hluti þess sem ég hef vísað til í mínu máli.“

*Eiga þessar breytingar sem þú talar um við um öll skólastig?*

„Já. Síst um leikskólann, sem ég tel að þurfi að hafa minnstar áhyggjur af. Það skólastig á að vera mest upptekið af nútíðinni; lítil börn að njóta dagsins og þroska sig í leik og starfi, að vísu auðvitað í samræmi við gildi samfélags síns. Síðan má segja að þessu þurfi að gefa þeim mun meiri gaum eftir því sem við komum ofar í kerfið. Á seinni stigum grunnskólans töluvert, í framhaldsskólanum mikið og í háskóla mjög mikið.“

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





ÚTSALAN ER HAFIN
40% AFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU*
POLARN O. PYRET
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI


40%
afsláttur
af öllum útsöluvörum
ÚTSALA
HEFST Í DAG KL.13
Opið til kl. 20 í kvöld
eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | www.ntc.is | erum á facebook
DKNY | BY MALENE BIRGER | GERARD DAREL | BRUUNS BAZAAR | KRISTENSEN DU NORD | FRENCH CONNECTION | VENT COUVERT | UGG | BILLI BI | STRATEGIA | FREE LANCE

# Árið 2011 með dráttum Halldórs Baldurssonar

**JÚNÍ TIL DESEMBER**







































Avignon 3ja sæta 208 cm áður kr. 211.800 nú kr. 158.700 2ja sæta 162 cm áður kr. 178.000 nú kr. 133.500




Eterna 3ja sæta kr. 192.300 nú kr. 153.800




Hera sófi kr. 218.900 nú kr. 175.000




Jazz leðursófi kr. 321.000 nú kr. 239.900




Howard 3ja sæta kr. 247.800 nú kr. 198.200

# ÚTSALA



Púðar 15 - 50% afsláttur




Verdi leðurstóll kr. 136.900
nú kr. 95.800




Kent leðurstóll kr. 157.400
nú kr. 94.400




50 cm kr. 8.450 nú kr. 4.225
37 cm kr. 5.650 nú kr. 2.825




Shabby leðurstóll kr. 188.800 nú kr. 129.900




Edge leðurhornsófi 280x200 cm kr. 506.800 nú kr. 379.000




Vittoria hornsófi 359x240 cm - kr. 486.700 nú kr. 365.000

LÍNAN Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16


20%-70%
afsláttur

# Fjörug
# og flott útsala



Komdu á útsöluna í Smáralind og gerðu glimrandi góð kaup fyrir alla fjölskylduna og heimilið. Fullt af nýlegum vörum á hagstæðu verði, frábærir veitingastaðir og afþreying fyrir alla aldurshópa.

**Sjáumst í útsölustuði, Smáralind**

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM49644

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þjóðin mun líklega hafa skýrara val en oft áður við forsetakosningar næsta sumar.

## Hvernig forseti?

Ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar um að bjóða sig ekki fram á nýjan leik til embættis forseta kemur að sumu leyti á óvart. Hann virtist vera að komast í kosningaham og vera reiðubúinn að nýta sér óvinsældir ríkisstjórnarinnar í eigin þágu með fordæmislausum árásum á stjórnarstefnuna.

Á það er hins vegar einnig að líta að skoðanakannanir hafa sýnt fremur veika stöðu forsetans; hans gamla bakland á vinstri vængnum er gufað upp og vinsældir hans meðal stuðningsmanna núverandi stjórnarandstöðuflokka eru hugsanlega ekki nógar til að tryggja endurkjör. Svigrúmið fyrir öflugan mótframbjóðanda virtist stærra en oft áður.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Og svo getur auðvitað verið að Ólafur Ragnar hlakki bara til að eiga fleiri frístundir í Mosfellsbænum og láta til sín taka í þjóðmálunum óbundinn „af þeim skorðum sem embætti forsetans setur jafnan orðum og athöfnum," eins og hann orðaði það í nýársávarpinu í gær.

Ólafur Ragnar er reyndar sá forseti lýðveldisins sem hefur látið embættið setja orðum sínum og athöfnum minnstar skorður. Hann hefur oft valdið titringi með því að tjá sig opinberlega um ýmis mál án samráðs við stjórnvöld og stundum, aðallega í seinni tíð, talað þvert á stefnu ríkisstjórnarinnar. Hann hefur breytt forsetaembættinu og fórnað stöðu sinni sem sameiningartákn þjóðarinnar til þess að gera embættið pólitískara og áhrifameira.

Í þessari viðleitni vega þyngst þrjár ákvarðanir Ólafs Ragnars um að nýta málskotsréttinn í 26. grein stjórnarskrárinnar til að grípa fram fyrir hendur Alþingis og vísa lögum sem það hefur samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann hefur þó ekki gripið til þessa ráðs í öllum umdeildum málum, þar sem klárlega var „gjá milli þings og þjóðar", heldur í málum sem nýttust forsetanum til að styrkja eigin stöðu.

Sterk rök eru fyrir því að slíkur málskotsréttur eigi að vera í höndum þjóðarinnar sjálfrar eða minnihluta Alþingis; að tiltekið hlutfall kjósenda eða þingmanna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál, í stað þess að þetta mat sé undir geðþótta eins manns komið.

Hlutverk forsetans og fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslna hefur verið til umræðu í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það mál er ekki útkljáð og verður það ekki fyrir forsetakosningar, en gera verður ráð fyrir að umræður um það vegi þungt í kosningabaráttunni fyrir forsetakjör næsta sumar. Líklegt er að fram komi forsetaframbjóðendur sem aðhyllast ólíkar hugmyndir um hlutverk forsetans; sumir vilji halda áfram á þeirri braut sem Ólafur Ragnar hefur markað, en aðrir vilji fremur taka mið af þeirri hefð sem forsetarnir á undan honum mótuðu.

Þjóðin stendur þá líka frammi fyrir skýrara vali en oft áður í forsetakosningum; vill hún forseta sem verður sameiningartákn þjóðarinnar og hagar sér sem slíkur eða vill hún að forsetinn verði áfram pólitískur gerandi sem tekst á um völdin við önnur lýðræðislega kjörin stjórnvöld?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP

TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!




vísir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Nei eða já?

Jóni Bjarnasyni hefur verið vikið úr ríkisstjórn. Það kemur engum á óvart enda vandfundinn sá stjórnarliði sem hefur á honum dálæti. En Jón er fúll – eðlilega. Menn vilja ógjarnan missa vinnuna. Fyrir helgi reyndu tveir fréttamenn í sameiningu að toga það upp úr Jóni hvort hann styddi enn stjórnina en þeim sóttist það erfiðlega. Það þurfti heldur ekki að koma neinum á óvart, enda hefur Jón varla svarað spurningu skýrt í tvö ár. En eftir stendur að óvíst er um stuðning Jóns Bjarnasonar við ríkisstjórnina. Það er óþolandi.

### Simmi stuð



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lék á als oddi í Kryddsíld Stöðvar 2 á gamlársdag, ef svo má að orði komast. Framsóknarformaðurinn greip frammi í fyrir öllum sem opnuðu munninn með kerskilegum athugasemdum og fór bersýnilega mjög í taugarnar á öðrum við borðið. Það er skemmtileg og viðeigandi leið til að ljúka gamla árinu.

### „Hann býður sig fram aftur"



Bestur var Sigmundur þó þegar hann sagði kokhraustur að loknu spjalli Eddu Andrésdóttur við Ólaf Ragnar Grímsson – mann ársins 2011 – að forsetinn hefði með daðri sínu við alla stjórnmálaflóruna í raun lýst yfir framboði enn á ný. Hann virtist í litlum vafa. Tæpum sólarhring síðar kom í ljós að Sigmundur hafði á röngu að standa. Þráðlaust hugarsamband þeirra hefur greinilega daprast á liðnu ári.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Erindi og ástæður nýrrar ríkisstjórnar

Stjórnmál



Margrét S. Björnsdóttir
formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar

Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hefur tekið til starfa. Samfylkingarfólk harmar brotthvarf Árna Páls Árnasonar úr ríkisstjórninni, það undirstrikar mikilvægi þess að flokkurinn eigi ötula talsmenn frjálslyndrar atvinnustefnu, lykilþráðar í stefnu flokksins. Árni Páll verður þar áfram. Báðir stjórnarflokkarnir gáfu eftir. Ég er þess fullviss að mikill meirihluti Samfylkingarfólks, ekki bara þeir, sem sátu flokksstjórnarfund sl. föstudag styður nýja ríkisstjórn.

Það er pólitísk staðreynd sem við verðum að horfast í augu við, að breytt ráðherraskipan var forsenda lausna í þremur lykilmálum ríkisstjórnarsáttmálans: Farsælli niðurstöðu í áratuga deilum um fiskveiðistjórnunarkerfið, niðurstöðu þar sem saman fara hagsmunir greinarinnar um arðsemi og hagkvæmni, réttlát hlutdeild þjóðarinnar í auðlindinni (auðlindarentunni) og skynsamlegir möguleikar á nýliðun smærri aðila. Ráðherraskiptin eru líklega einnig forsenda þess að takist að ljúka með eðlilegum hætti samningum um aðild Íslands að ESB, sem hægt verði að bera undir þjóðina. Í þriðja lagi að koma í höfn áratuga baráttumáli vinstri manna um eitt atvinnuvegaráðuneyti, þar sem úreltri atvinnuvegaaðgreiningu og sérhagsmunagæslu verði aflétt. Barátttumál sem hefur einmitt strandað á sérhagsmunagæslu. Þessi þrjú lykilverkefni voru vonlítil með óbreyttri ráðherraskipan. Önnur mikilvæg verkefni bíða ríkisstjórnarinnar s.s. rammaáætlun um auðlindanýtingu, tillögur um breytingar á stjórnarskrá og að halda áfram því stóra verkefni að auka enn frekar jöfnuð í íslensku samfélagi, eftir að ójöfnuður hafði hér stöðugt aukist frá árinu 1996, upphafi ríkisstjórnar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Fjármálaráðuneyti og velferðarráðuneyti gegna þar lykilhlutverki, auk þess sem ekki má vanmeta hlutverk fjármálaráðuneytis í mótun atvinnustefnu og umgjörðar atvinnulífs.

Við munum leggja erindi okkar og árangur fyrir íslensku þjóðina í kosningum vorið 2013. Við gerðum upp við hrunið, komum á efnahagslegum stöðugleika, náðum tökum á ríkisfjármálum, um leið og við stóðum vörð um þá sem minnst hafa og jukum jöfnuð. Við afnámum pólitískar embættaveitingar, eitt ömurlegasta birtingarform spillingar á Íslandi. Við kvíðum ekki dómi íslensku þjóðarinnar ef stjórnarflokkarnir halda áfram á sömu braut.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ólafur Ragnar þagnar – ekki

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Það er ótímabært að skrifa greinina „Ólafur Ragnar þagnar“. Eins og hann gaf til kynna í ávarpi sínu í gær er hann alls ekki að setjast í helgan stein heldur fyrst og fremst að skipta um vettvang til þess að geta beitt sér af fullu afli fyrir hugðarefni sínu: að halda Íslandi utan ESB svo að landsmenn geti spilað á stórveldin af ómældri kænsku sinni og grætt fullt af monnípening.

Óvíst er hvaða vettvang hann finnur sér. Kannski verður hann útvarpsstjóri á Útvarpi Sögu; kannski verður Þjóðviljinn endurvakinn; kannski verður hann sam-ritstjóri Davíðs á Mogganum; kannski stofna þeir fjandvinirnir flokk með Jóni Bjarnasyni, Ragnari Arnalds, Birni Bjarnasyni og öðrum fulltrúum þess gamla valdakerfis sem þessir gömlu stjórnmálaskörungar mótuðu á sínum tíma og vilja fyrir alla muni endurvekja því að þeir hafa enn ekki horfst í augu við að þetta hrundi allt saman árið 2008.  Kannski eru þeir allir nú þegar farnir að hittast reglulega á fundum þar sem þeir sitja og afsanna Rannsóknarskýrslu Alþingis og nöldra yfir Jóhönnu og Steingrími J. …

(Íslensk stjórnmál eru svo skrýtin og erfið, svo flókin og vindingasöm og fáránleg. Þau eru svo mikið hnoð. Nú kemur það í hlut Steingríms J. að leiða til lykta aðildarviðræður við Evrópusambandið því að hann er ráðherra allra helstu málaflokka sem þarf að semja um; hann og hans fólk þarf að klára þessa samninga og ná sem bestum samningum: svo þarf hann að tala gegn þeim.)

En sum sé: Ólafur Ragnar. Hann hefur nú þegar tryggt sér sess sem einn af áhrifamestu og litríkustu stjórnmálamönnum íslenskrar lýðveldissögu. En „það svo segir mér minn hugur“ (eins og skáldið söng forðum) að nú taki við nýtt skeið hjá stjórnmálamanninum Ólafi Ragnari þar sem hann hyggist beita sér af fullu afli gegn aðildinni að Evrópusambandinu. Og hafi fólki þótt hann vígreifur að undanförnu eru það smámunir hjá því sem á eftir að koma.

> Og hafi fólki þótt hann vígreifur að undanförnu eru það smámunir hjá því sem á eftir að koma.

Forsetaembættið er sérstakt. Eins og svo margt í íslensku stjórnkerfi hefur það verið spunnið áfram af hverjum og einum sem þar hefur setið. Hefði hvarflað að Bjarna Benediktssyni á sínum tíma að forsetinn gæti í raun og veru haft synjunarvald á lög hefði hann tæpast farið að bjóða Halldóri Laxness djobbið. Virðulegur og formfastur alþýðleiki Kristjáns Eldjárns vakti hughrif um íslenska alþýðuhámenningu og falleg og um leið innileg framkoma Vigdísar færði embættið nær fólki. Stundum var talað með niðrandi hætti um þann sið Vigdísar að gróðursetja tré hvar sem hún fór en skyldu þeir sem svo töluðu hafa skilið eftir sig meira með sínu þvargi og þurradrambi?

Og Ólafur Ragnar flaug inn í embættið með sinni glæsilegu konu, Guðrúnu Katrínu, sem alls staðar vakti aðdáun. Forsetaembættið er stundum eins og fegraður spegill sem þjóðin vill horfa í og ímynda sér að þar fari verðugir fulltrúar sínir. Og svo verður þetta stundum svolítið eins og forseti sé í einhvers konar vinnu við að vera hrifinn af Íslandi. Hann þarf að fara um landið og dást að öllu. Fara í frystihúsin og dást að því hversu vel ormarnir séu tíndir úr flökunum, fara svo og dást að misgóðu handverki og halda innblásna ræðu um þá miklu vaxtarsprota sem hér megi sjá – alltaf jafn hrifinn.

Það er ekki fyrir hvern sem er að sinna slíku starfi vel. Ólafur Ragnar hefur í raun og veru staðið sig framúrskarandi vel við þennan mikilsverða part starfsins; að vera hrifinn af Íslendingum og öllu þeirra bauki. Hann virðist einlægur í því. Hann ann þessari þjóð. Helsti kostur Ólafs – og jafnframt hans helsti ókostur – er hrifnæmi hans og algjör innlifun í það sem blasir við honum hverju sinni. Hann er stundum útmálaður sem tækifærissinni og kaldlyndur refur en hann kemur manni ekkert síður fyrir sjónir sem mikill tilfinningamaður sem virðist geta gefið sig á vald einhverri stemmningu svo algjörlega að hann virðist nánast gleyma stund og stað, hrærður og forlyftur og einbeittur. Þetta hefur örugglega komið sér vel þegar hann hefur flutt blaðalausar tækifærisræður um dreifðar byggðir landsins og náð að stappa stálinu í fólk og sannfæra það um að líf þess og iðja sé mikils virði. En þessi eiginleiki Ólafs varð honum líka næstum að falli. Sá Ólafur Ragnar sem talar innfjálgur á sjómannadeginum í fallegu íslensku þorpi er jafnframt líka sá Ólafur Ragnar sem hélt ræðurnar í útlöndum um það hversu æðislegir Íslendingar væru í skuldsettum yfirtökum og hversu frábært væri að þeir hugsuðu aldrei áður en þeir framkvæmdu. Hann var enn í vinnunni við að vera hrifinn af Íslandi en sást ekki fyrir; hann lét tilfinningarnar og hrifnæmið hlaupa með sig í gönur – og löngunina til að ganga í augun á þeim mönnum sem áður höfðu hætt hann og fyrirlitið. Löngun hans til að vera jákvæður og uppbyggilegur og hressandi forseti snerist upp í andhverfu sína þegar hann var ölvaður af eigin orðum farinn að hylla bófa sem mikilmenni og bjálfa sem andans jöfra.

Hann náði sér síðan á strik með kúnstum sem eflaust verða kenndar í stjórnmálafræði meðan Ísland er byggt og tókst að klára embættistíð sína með mikið fylgi og hattinn fullan af kanínum.

## AF NETINU

### Ekki í framboð

Ég hef eftir örstutta umhugsun ákveðið að bjóða mig ekki fram til forseta 2012.

Fyrir það fyrsta þá hefur ekki nokkur maður nefnt þetta við mig, enda hugmyndin fráleit.

Þá er deginum ljósara að ég myndi aldrei ná kjöri, ég fengi varla atkvæði nánustu vina og fjölskyldumeðlima, hvað þá annarra.

En aðallega held ég að þetta sé skelfilega leiðinlegt starf.

blog.eyjan.is/valgardur
**Valgarður Guðjónsson**

### Aulahrollur ársins

Ungur maður giftir sig í Bretlandi. Hann er strílaður upp í fáránlega rauða múnderingu. Allt í kring er fleira fólk í svipuðum klæðum, gífurlega alvarlegt á svip, Það er engu líkara en að þetta fólk hafi fæðst alvörugefið. Kannski stafar þunginn af því hve erfitt það er að lifa á kampavíni og kavíar í boði skattgreiðenda. Eða kannski vegna þess að ferðalögin á einkaþotum á milli kastala í ólíkum löndum taka svona mikinn toll. Brúðkaupið heldur áfram og heimsbyggðin fylgist með. Ekki vegna þess að brúðhjónin hafi gert eitthvað sérstakt yfir ævina, heldur vegna þess að þau fæddust konungborin.

pressan.is/pressupennar/Solvi-Tryggvason
**Sölvi Tryggvason**





Viðskiptavinir okkar munu njóta
enn betri þjónustu á nýju ári!

islandsbanki.is | Sími 440 4000




ENNEMM / SÍA / NM49619

Íslandsbanki og Byr hafa nú sameinast undir merkjum Íslandsbanka. Við munum byggja á styrk okkar beggja og leggja enn ríkari áherslu á framúrskarandi og persónulega þjónustu.

Þú færð allar upplýsingar um sameininguna á islandsbanki.is eða hjá starfsfólki okkar í næsta útibúi. Við tökum vel á móti þér og hlökkum til að gera góða þjónustu enn betri.

Íslandsbanki

# Meintar „ólögmæltar refsilækkunarástæður“

Dómsmál

Jón Þór Ólason

lögmaður og lektor í refsirétti við HÍ



Þann 29. desember sl., ritaði Leifur Runólfsson héraðsdómslögmaður grein í Fréttablaðið er bar heitið „refsilækkunarástæður“. Í grein sinni heldur Leifur því m.a. fram að það sé rangt hjá ríkissaksóknara að ekki séu fyrir því fordæmi í dómum Hæstaréttar að fjölmiðlaumfjöllun sé metin sakborningi til „refsilækkunar“. Tilgreinir Leifur jafnframt tvo dóma Hæstaréttar er hann telur styðja þessa fullyrðingu sína. Grein Leifs er góðra gjalda verð, svo langt sem hún nær, enda fagnaðarefni að refsiréttarleg álitaefni séu rædd á málefnalegum grundvelli, sérstaklega þeim er snúa að ákvörðun refsingar.

Hins vegar verður ekki hjá því komist að benda á að greinin stenst að stórum hluta ekki lögfræðilega skoðun, svo ekki sé kveðið fastar að orði. Það sama á að mörgu leyti við um grein þá er birtist í Fréttablaðinu þann 23. desember sl. og vísað er til í grein lögmannsins. Ákvörðun refsingar er vandasamt verk og við meðferð sakamála fyrir dómi koma bæði mörg og ólík sjónarmið til athugunar þar sem reynt getur á refsihækkunar- og refsilækkunarástæður, málsbætur og þyngingarástæður.

Refsiákvörðunarástæður eru ekki tæmandi taldar í lögum og er það viðurkennt sjónarmið í refsirétti að dómstólar hafi töluvert svigrúm til að taka tillit til ólögmæltra sjónarmiða við ákvörðun refsingar sem leiða ýmist til þyngingar eða málsbóta við refsimatið. Með þessu móti geta dómstólar við úrlausn einstakra mála tekið tillit til sérstakra aðstæðna sem uppi eru í málinu. Það er svo dómarans að meta að hvaða marki skuli taka tillit til þessara sjónarmiða og þá jafnframt hvert eigi að vera innbyrðis vægi einstakra sjónarmiða.

Lögmaðurinn heldur því fram, eins og fram er komið hér að ofan, að umfjöllun fjölmiðla geti eftir atvikum verið virt sakborningi til „refsilækkunar“. Þetta er alrangt. Refsilækkun getur einvörðungu komið til vegna tiltekinna lögmæltra atvika eða atriða, er tengjast afbroti, s.s það þarf að vera lögbundið ef heimila á frávik frá reglum um lágmark refsitegunda. Ólögmælt „refsilækkunarástæða“ fyrirfinnst ekki í íslenskum refsirétti.

Því er það alveg hárrétt sem haft er eftir ríkissaksóknara í þessum efnum, enda er umrædda ástæðu hvergi að finna stoð í lögum. Það er svo annað mál að umfjöllun fjölmiðla getur komið til kasta dómstóla sem ólögmælt refsiákvörðunarástæða og sem slík leitt til málsbóta eða eftir atvikum til refsiþyngingar við refsimatið. Á þessu er mikill refsiréttarlegur munur. Það verður að gera þá skýru kröfu til löglærðra manna sem kjósa að tjá sig um slík málefni að þeir fari rétt með grundvallaratriði innan refsiréttarins.

Að því er varðar tilvísun Leifs til H 1980:89, svonefnds Guðmundar- og Geirfinnsmáls, þá má benda á það að ekki reyndi á þessa ólögmæltu refsiákvörðunarástæðu fyrir Hæstarétti þar sem þætti umrædds dómþola var ekki áfrýjað. Þannig að það er engin innistæða fyrir þeirri fullyrðingu lögmannsins að umræddur dómur sé fordæmi fyrir því að sakborningur hafi fengið „refsilækkun sökum óvæginnar“ fjölmiðlaumræðu“.

Að því er varðar sératkvæði eins Hæstaréttardómara í máli nr. 2/2005, verður að athuga að þar var um sératkvæði að ræða en eftir stendur hins vegar niðurstaða meirihluta réttarins sem víkur ekki sérstaklega að þessum atriðum í forsendum dómsins sem má þá eflaust túlka á þann veg að þeim fyrrgreindum hafi verið hafnað. Hvernig sératkvæðið getur svo verið túlkað sem fordæmi í þessum efnum í ljósi niðurstöðu meirihluta réttarins er mér hins vegar algerlega hulið.

Þessu til viðbótar má vekja athygli á því að í H 1982:146 hafnaði Hæstiréttur því að virða ætti nafnbirtingu hins ákærða í fjölmiðlum honum til málsbóta. Sama var uppi á teningnum í dómi Hæstaréttar í máli nr. 602/2006 þar sem héraðsdómur hafði virt óvægna umfjöllun fjölmiðla dómþolanum til málsbóta, en Hæstiréttur tilgreindi hins vegar sérstaklega að ekki hafi verið sýnt fram á að ákærði ætti sér nokkrar málsbætur og hafnaði þar með niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

Með hliðsjón af framansögðu má vera ljóst að ekkert skýrt dómafordæmi liggur fyrir í dómasafni Hæstaréttar þar sem fallist hefur verið á þessa ólögmæltu refsiákvörðunarástæðu. Hins vegar má benda á að í svonefndu Hafskipsmáli H 1991:936, kom fram í forsendum Hæstaréttar að staða ákærðu og hagir hefðu raskast verulega við þann opinbera málarekstur sem staðið hefðu gegn þeim frá árinu 1986 og var það virt þeim til málsbóta. Má hugsanlega draga þá ályktun að hér sé dómurinn að einhverju leyti að vísa til óvæginnar fjölmiðlaumfjöllunar, en það eru þó í besta falli getgátur. Ég vil þó ekki útiloka að neikvæð og sérstaklega óvægin umfjöllun fjölmiðla geti ekki haft áhrif við refsimatið, en eftir sem áður er það dómstólanna að meta það hverju sinni, enda best til þess fallnir.

# Athafnaárið 2012

Efnahagsmál

Vilmundur Jósefsson

formaður Samtaka atvinnulífsins



Í maí 2011 undirrituðu Samtök atvinnulífsins kjarasamninga við helstu viðsemjendur sína sem gilda að óbreyttu fram á árið 2014. Ef forsendur þeirra ganga eftir verður friður á vinnumarkaði tryggður í nær þrjú ár. Það var langt frá því sjálfgefið að samið yrði á þessum nótum og vissulega voru launahækkanir miklar og erfiðar mörgum fyrirtækjum.

Samningarnir byggja á að hagur fólks og fyrirtækja batni með aukinni verðmætasköpun í atvinnulífinu og að atvinnuleysi minnki. Laun hækkuðu mest í upphafi en í samningunum er forsenduákvæði um að kaupmáttur aukist, verðlag haldist stöðugt, gengi krónunnar styrkist marktækt og að stjórnvöld standi við fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum.

Í janúar verða forsendur samninganna metnar en ekkert bendir til annars en að þær standist þá skoðun og samningarnir haldi gildi. Í janúar 2013 verða forsendur metnar á ný og um niðurstöður þeirrar skoðunar ríkir meiri óvissa enda markið sett hátt á nokkrum sviðum.

Við mat á forsendum kjarasamninga nú skortir það helst að ríkisstjórnin hafi staðið við fyrirheit sín um að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar. Stjórnvöldum hefur einnig mistekist að skapa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin sérstaklega ákveðið að falla frá framkvæmdum sem gátu orðið að veruleika bæði hratt og örugglega. Einnig hefur verið stefnt að því að skattleggja sérstaklega atvinnugreinar sem ekki eru ríkisstjórninni þóknanlegar. Þar er átt við sjávarútveg, fjármálageirann og orkufrekan iðnað.

Skattlagning fjármálafyrirtækjanna er óhófleg og verður ekki til annars en að hækka vexti og þjónustugjöld og hvetja þau til þess að útvista starfsemi sinni. Þessa skatta alla munu viðskiptavinir fyrirtækjanna bera, almenningur og fyrirtæki.

Síendurteknar tillögur um að leggja rekstrargrundvöll sjávarútvegsfyrirtækjanna í rúst verða ekki skýrðar með neinum skynsemisrökum. Áformuð þreföldun veiðigjalds verður sérstakur skattur á landsbyggðina sem þurrkar upp nánast allan hagnað af rekstrinum og veldur því að enn frekar dregur úr vilja fyrirtækjanna til fjárfestinga og uppbyggingar.

Ítrekaðar tilraunir til að brjóta samkomulag við stóriðjufyrirtækin um orku- og kolefnisgjöld bera þess glöggt vitni að hvað svo sem einstakir ráðamenn segja er það einbeittur vilji ríkisstjórnarinnar að skapa sem mesta óvissu í kringum þessa grein. Engu líkara er en það sé beinlínis ásetningur að fæla fjárfesta frá allri uppbyggingu hér á landi.

Svokallaður auðlegðarskattur er einnig til þess fallinn að ganga á eigið fé fólks og fyrirtækja og draga þrótt úr þeim sem vilja fjárfesta í atvinnulífinu.

> Við mat á forsendum kjarasamninga nú skortir það helst að ríkisstjórnin hafi staðið við fyrirheit sín um að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar. Stjórnvöldum hefur einnig mistekist að skapa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti.

Þrátt fyrir þetta mun ekkert vinnast með því að segja upp kjarasamningum vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar því það er jafn ólíklegt að hún standi við ný fyrirheit og öll hin fyrri.

Samtök atvinnulífsins hafa frá bankahruninu 2008 flutt margvíslegar tillögur og hugmyndir um hvernig unnt sé að komast út úr kreppunni, draga úr atvinnuleysinu og bæta lífskjör í landinu. Grunnur þeirra er sá að nýta þau tækifæri sem blasa við Íslendingum og hefja arðbærar fjárfestingar á sem flestum sviðum.

Með því að nýta frumkvæði einstaklinga og þann kraft sem í atvinnulífinu býr má á skömmum tíma snúa vörn í sókn og leggja þannig grunn að kröftugu athafnaári 2012. En til þess verður stefnubreyting að koma til.

Gleðilegt nýtt ár.

# Umhverfið kallar

Umhverfismál

Ari Trausti Guðmundsson

náttúruvísindamaður og rithöfundur



Árið 2012 ber í sér frekari hækkun sjávarborðs um allan heim. Hún er nú um 3 mm á ári, eða nálægt 10 cm á þriðjungi langrar mannsævi. Það bætir heldur í hækkunina en hitt. Ef íhaldssamar spár ganga eftir og hlýnun veðurfars verður álíka og nú má búast við 50 til 100 cm hækkun í sjó áður en öldin er úti.

Verkfræðingar og yfirmenn sjóvarna hvarvetna búa sig undir dýrar og flóknar aðgerðir til þess að hindra alvarleg sjávarflóð í byggð. Víða búast menn við að þurfa að flytja að heiman. Þegar hækkun sjávarborðs fer saman við mjög hvassan vind af sjó (eins og í Noregi nú um jólin), lágan loftþrýsting og stórstraumsflóð getur hækkun sjávar við þéttbýlar strendur orðið 2-8 metrar í nokkrar klukkustundir. Miklu munar um hvern tug sentimetra sem bætist við meðalsjávarstöðuna. Þetta ætti að vekja spurningar um sjávarflóðavarnir á Íslandi og um hugsanlega þátttöku Íslands í kapphlaupi um meiri olíuvinnslu á heimsvísu.

Náttúruvá á Íslandi hefur aðallega snúist um eldgos, jarðskjálfta og snjóflóð og að nokkru leyti um ofsaveður með foktjóni. Þó eru hækkandi varnargarðar úr stórgrýti til marks um að sjávarflóð þröngvi sér hægt og bítandi upp á landsmenn. Það borgar sig að undirbúa okkur nú þegar enda þótt vandinn sé enn ekki knýjandi.

Um leið verður að ræða í alvöru um hve langt við viljum ganga í að ýta sífellt undir aukna losun gróðurhúsalofttegunda, bæði með aukinni notkun kolefnaeldsneytis og frekari vinnslu þess. Heimsmet Íslendinga, t.d. í samgöngum og skipaútgerð (miðað við höfðatölu) eða í hráefna- og vörunotkun, eru ekki til eftirbreytni.

Áhugi á olíuvinnslu á norðurslóðum samrýmist illa staðreyndum um magn koldíoxíðs í lofti. Það eykst að hraða og magni til með stærri skrefum en sjást í jökulís eða jarðlögum, 800.000 ár aftur í tímann. Mikið sjávardýpi víðast hvar, hætta af rekís og nauðsyn þess að minnka notkun kolefniseldsneytis gera þessa fyrirhuguðu olíuvinnslu úrelta.

Ísland ætti að beita sér við að vinda ofan af olíukapphlaupinu í stað þess að ætla sér að vera einn af miðpunktum þess. Höfuðáhersla á ný eldsneyti er lífsnauðsyn. Vinnsla á nýjum olíusvæðum svipar helst til athæfis sem líkt hefur verið við að pissa í skóna til að ná svolitlum yl í aðsteðjandi frosti.

# Afsakiði meðan ég æli

Dómsmál

Sigurður G. Guðjónsson

hæstaréttarlögmaður



Þegar Jón Ásgeir Jóhannesson var sakfelldur fyrir örlítið brot af sakargiftum í margfrægu Baugsmáli á sínum tíma var mikið gert úr því í Morgunblaðinu – og víðar – að 3 mánaða skilorðsbundin refsing væri stórkostlegt áfall og að afbrotamaðurinn mætti ekki sitja í stjórn eða vera framkvæmdastjóri hlutafélags næstu þrjú árin.

Hinn 10. júní sl. var annar maður, Ingvi Hrafn Jónsson, eigandi sjónvarpsstöðvarinnar ÍNN, sakfelldur fyrir alvarleg skattalaga- og hegningarlagabrot og dæmdur í 3 mánaða fangelsi skilorðsbundið og að auki til að greiða 8 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs og skyldi 4 mánaða fangelsi koma í stað sektarinnar yrði hún ekki greidd. Þeim dómi var ekki áfrýjað.

Þrátt fyrir þennan dóm yfir eiganda sjónvarpsstöðvarinnar er vandlætingarmeistarinn Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra til margra ára, fastur þáttastjórnandi á þessari gagnmerku sjónvarpsstöð. Nýjasti viðmælandi hans í stúdíói stöðvarinnar var annar ekki síðri siðapostuli, Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og ýmislegt fleira. Ekki var annað að sjá en að báðir kynnu vel við sig í húsakynnum brotamannsins. Þess vegna kom mér í hug það brot úr alkunnum dægurlagstexta meistara Megasar sem er fyrirsögn greinarkorns þessa.

> Ekki var annað að sjá en að báðir kynnu vel við sig í húsakynnum brotamannsins. Þess vegna kom mér í hug það brot úr alkunnum dægurlagstexta…

nicorette Nýárstilboð

20% afsláttur

af öllum pakkningastærðum af:



Nicorette fruitmint lyfjatyggigúmmí

Nicorette invisi plástur

Nicorette inhalator innsogslyf

Tilboðið gildir til 31.01. 2012 í öllum apótekum Lyfja & heilsu

Lyf & heilsa Við hlustum!

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk.,innsogslyf - 12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.



**Vefsíðan Bookshelf** porn eða Bókahilluklám er fjársjóðskista fyrir bókaunnendur. Eins og heitið gefur til kynna eru bókahillur viðfangsefni vefsíðunnar og hægt að skoða ólíkar útfærslur af ljósmyndum víðs vegar að úr heiminum. Slóðin er bookshelf.porn




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457





# ÚTSALAN
## hefst á morgun

sendum frítt úr vefverslun

**15-50% afsláttur**

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is**



## Enskuskóli Erlu Ara

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.

**Við bjóðum upp á:** 10 getustig með áherslu á tal.

Styrkt af starfsmenntasjóðum.

**Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com**

Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.

**www.enskafyriralla.is**



Facebook, vertu vinur
http://www.facebook.com/enskuskolierluara

**Sumarið 2012 er fyrirhuguð námsferð til Englands fyrir þau sem þess óska**



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | LÍFIÐ | SJÓNVARP



vísir

**TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!**


**Anna Kristjánsdóttir vélfræðingur hélt upp á sextugsafmælið heima fyrir áramótin.**



# *Bauð upp á pönnsur*

Anna Kristjánsdóttir, vélfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur, varð sextug föstudaginn 30. desember. Hún er ekkert fyrir að leigja sali undir stórfagnaði heldur hélt upp á afmælið heima og steikti pönnukökur ofan í gesti.

„Þetta var bara létt og huggulegt. Ég þurfti reyndar að sýna kisunum mínum smá ruddaskap


;FRAMHALD | 2


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Stuðnings stöngin

# LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji vilji.is

*...léttir þér lífið*

*Sími 856 3451 • www.vilji.is*

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**Námskeiðahald** er hafið að nýju hjá Heimilisiðnaðarskólanum. Þannig verða tvö ný námskeið, Keðjugerð og framhaldsnámskeiðið Ýmsar keðjur í boði. Kennari er Katrin Didriksen, gullsmiður og kennari. Skráning og nánari upplýsingar á heimilisidnadur.is.


HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðs- menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


Góð lýsing á heimilinu kallast bæklingur sem Ljóstæknifélag Íslands gaf út og má nálgast á vefsíðu Orkuveitunnar. Hann fjallar um lýsingu út frá mismunandi rýmum og árstíðum og fleira.



www.or.is/media/PDF/God_lysing_a_heimilinu_or.pdf



Steypt gólf verða flughál í bleytu og mikilvægt að þurrka upp pollana strax.



# Strákústur við útidyrnar

**Þegar allt er á kafi í snjó er erfitt að halda þurru í forstofunni. Pollarnir geta þó bæði skapað slysahættu og skemmt viðargólf svo betra er að losna við snjóinn af skónum áður en inn er komið.**

- Hafið þykka og gljúpa mottu fyrir innan útidyrnar. Hún tekur við mestu bleytunni af snjóugum skóm. Ef gengið er inn í stigagang og svo inn í íbúðina er sniðugt að hafa motturnar tvær, eina fyrir innan útidyrnar og aðra fyrir utan dyrnar inn í íbúðina.

- Strákústur hentar mjög vel til að sópa snjónum af smáfólkinu sem kemur inn snjóugt upp fyrir haus eftir útileiki. Leikfangakústar gætu verið sniðugir því sköftið á þeim er stutt og auðvelt að beita kústinum. Borið gat á sköftið og hengið kústinn upp á krók við dyrnar.

- Forsjálir og framkvæmdaglaðir gætu lagt rafmagns-hitalögn undir flísarnar í forstofunni. Hitinn þurrkar fljótt upp polla. Athugið að pollar skapa slysahættu á steyptum gólfum og flísalögðum.

- Hafið moppuna til taks í forstofunni og brýnið fyrir öllum fjölskyldumeðlimum að þurrka yfir gólfin þegar þeir koma inn. Moppan getur svo farið aftur inn í skáp þegar snjóa leysir.


ÚTSALAN ER HAFIN
50% afsláttur
af allri útsöluvöru
10% afsláttur af annarri vöru
Gerið góð kaup
Kíkið á heimasíðuna okkar www.rita.is
Ríta
Bæjarlind 6 S. 554 7030
Eddufelli 2 S. 557 1730





Kennsla hefst 9. janúar
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620
www.schballett.is
BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara









Framhald af forsíðu



Anna Kristjánsdóttir, vélstýra og verkfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur, er sextug.

loka þær inni í herbergi á meðan, en þær sýndu því skilning blessaðar," segir Anna brosandi. „Annars er lítið hægt að gera í öllum þessum snjó, ég leggst kannski bara í

„Ég á alveg eftir að halda upp á fertugs- og fimmtugsafmælið, ætli ég geri það ekki bara á sjötugsafmælinu og haldi upp á eftirlaunin í leiðinni."

ferðalög í sumar og tek þetta betur út þá," bætir hún við en segist annars ekki vön að halda sérstaklega upp á afmælisdaginn sinn. Hún hafi haldið upp á tvítugs- og þrítugsafmælin en svo hafi orðið hlé á afmælisveisluhaldi. „Ég á alveg eftir að halda upp á fertugs- og fimmtugsafmælið, ætli ég geri það ekki bara á sjötugsafmælinu og haldi upp á eftirlaunin í leiðinni," segir hún glettin.

En hvernig tilfinning er að standa á sextugu? „Það leggst bara vel í mig. Ég hef nú verið að stríða einum jafnaldra mínum og kalla hann Steina „gamla" síðasta hálfa árið. Honum finnst líka skelfilegt að þurfa að mæta í vinnu með „gömlu kellingunni" á nýja árinu," segir Anna hlæjandi en bætir svo við að auðvitað sé ánægjulegt að ná þessum aldri. „Það eru ekki allir svo lánsamir og ég þakka fyrir hvert ár. Þetta er líka spurning um að halda heilsunni sem lengst og hún er sem betur fer í lagi ennþá." *heida@frettabladid.is*

# FASTEIGNIR.IS

1. TBL. 2. JANÚAR 2012

vísir.is FRÉTTABLAÐIÐ









Bogi Molby Pétursson lögg.fasteignasali

Finnbogi Hilmarsson lögg.fasteignasali

Andri Sigurðsson sölufulltrúi og lögg. leigumiðlari

Tryggvi Kornelíusson sölufulltrúi

Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

Sími 530 6500

heimili@heimili.is



Gleðilegt nýtt ár

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúnir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:
- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Ráðgjöf á fasteignamarkaði

heimili FASTEIGNASALA



Skoðanir fasteigna og leiguíbúða.
Verðmat fasteigna.
Pendo.is – 588 1200







# Íbúð í Þingholtunum

**Fasteignamarkaðurinn ehf. er með á skrá þriggja herbergja íbúð í Þingholtunum.**



Íbúðin er á annarri hæð að Þórsgötu 19.

Íbúðin er á annarri hæð að Þórsgötu 19 og er samals 68,5 fermetra.

Sameiginlegar svalir til norðurs eru á þriðju hæð hússins og sameiginleg verönd á baklóð.

Aukin lofthæð, gifslistar og rósettur í loftum, nýlegt baðherbergi og eldhús, nýlegar raflagnir og rafmagnstafla og klóaklagnir, nýtt gler og gluggar.

Nánari lýsing: Forstofa er flísalögð og með fatahengi og skóskápum.

Baðherbergi er búið baðkari með sturtuaðstöðu. Barnaherbergi er parkettlagt.

Hjónaherbergi er parkettlagt og með fataskápum. Stofa er parkettlögð, björt og rúmgóð.

Eldhús er parkettlagt og með góðri borðaðstöðu. Búrskápur er inni af eldhúsi.

Á fyrstu hæð er geymsla með glugga. Í bakhúsi er þvottaherbergi auk þurrkherbergis. Kyndiklefi á jarðhæð hefur verið nýttur sem hjóla- og vagnageymsla. Húsið er í góðu ástandi að utan.


Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Hellishólar



**Erum með í sölu 180 hektara ferðaþjónstujörð að Hellishólum í Fljótshlíð.**
Á jörðinni eru m.a. einbýlishúsi, tvö heilsárshús og 24 sumarhús, 18 holu keppnisgolfvöllur, 9 holu æfingavöllur, tjaldsvæði og veiðivatn. **Verð kr. 680.000.000,- Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali, hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080.** 10218

## Kleifakór 1 - 203 Kópavogi



242,7 m2 parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og fallegu útsýni við Kleifakór 1 í Kópavogi. Húsinu er í dag skipt upp í tvær íbúðir. Efri hæðin er 4ra herbergja íbúð og neðri hæðin er 3ja herbergja. Húsið er ekki fullbúið en það hefur verið búið í því. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,9 m.** 10216

## Daggarvellir 6A - 221 Hafnarfjörður



Rúmgóð og björt 110 m2, 4ra herbergja íbúð með sér inngangi af svölum á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Daggarvelli 6 í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir 8,1 m2 sérgeymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 21,9 m.** 10215



**Skerjabraut 9 - 170 Seltjarnanesi**
Mjög falleg og mikið endurgerð 2-3ja herbergja, 50,3 m2 risíbúð við Skerjabraut 9 á Seltjarnarnesi. Góð staðsetning og fallegt útsýni. Áhvílandi eru ca. 9,9 milljónir í láni frá Íbúðalánasjóði með 4,9% vöxtum. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 15,9 m.** 10057



**Völuteigur - 270 Mosfellsbær**
1.400 m2 iðnaðarhúsnæði á 6.172 m2 afgirtri og malbikaðri lóð við Völuteig í Mosfellsbæ. Aðalbyggingin er 1.105,5 að grunnfleti, en sambyggt húsinu er 296,2 m2 þjónustubygging á tveimur hæðum. Í aðalbyggingunni er stór vinnslusalur með sex stórum innkeyrsluhurðum. Í öðrum enda salarins er vélsmiðja með tveimur innkeyrsluhurðum. jög stórt útisvæði er við húsið, öll lóðin er malbikuð og afgirt með hárri girðingu. **Eignin er laus til afhendingar við kapsamning. V. 143,0 m**. 5084



**Mosabrúnir 6 - 801 Selfoss**
Fallegt fullbúið 97,2 m2 sumarhús við Mosabrúnir 6 í landi Úthlíðar í Bláskógarbyggð. Húsið sem er afar vel innréttað er með góðri verönd. Bústaðurinn er laus til afhendingar strax og eru lyklar á Fasteignasölu Mosfellsbæjar. **V. 19,5 m.** 10124

## Litlikriki - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 278,9 m2 einbýlishús á á þremur pöllum með tvöföldum bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Falleg gólfefni og glæsilegar innréttingar. **V. 62,5 m.** 4881

## Völuteigur 21 - 270 Mosfellsbær



Flott 530,6 fm iðnaðarhúsnæði, með millilofti, við Völuteig 21 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 452,7 fm vinnslusal ásamt 77,9fm millilofti í góðu og vel skipulögðu iðnaðarðhúsnæði, byggðu árið 2005. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 53,0 m.** 5162

## Austurkór 5 - 203 Kópavogur



Erum með í sölu nýjar 79 m2, 3ja herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða fjölbýlishúsi við Austurkór 5 í Kópavogi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með innréttingum, án gólfefna, en andyri, baðherbergi og þvottahúsgólf verður flísalagt.Húsið stendu hátt með fallegu útsýni. Stutt er í alla þjónustu. **Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í apríl 2012. Verð frá 20,9 m.** 10193

## Tröllakór 2-4 – 203 kópavogur



Vorum að fá í sölu mjög fallegar íbúðir í 4ra. hæða lyftuhúsi við Tröllakór 2-4 í Kópavogi. Öllum ibúðunum fylgir sérgeymsla og bílastæði í bílakjallara. Rúmgóðar fullbúnar íbúðir með fallegum innréttingum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í íbúðum. Granít borðplötur og sólbekkir. **Íbúðirnar eru lausar til afhendingar strax!**

**4ra herbergja, 157,6 m2 endaíbúð merkt 201 V. 31,9 m.**

**3ja herbergja, 113,4 m2 íbúð merkt 204 V. 24,9 m.**

**3ja herbergja, 113,0 m2 íbúð merkt 205 V. 24,9 m. 10187**

## Haukanes - mjög góð staðsetning




Vandað rúmlega 280 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur á mjög fallegum útsýnisstað og er með stórum og grónum suðurgarði. **Húsið var mikið endurnýjað fyrir fjórum árum síðan m.a. gólfefni, innréttingar og fl.** 6935



**Álftamýri 52 - glæsileg uppgerð íbúð**
Glæsileg og nánast algjörlega endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Nýtt parket á gólfum, ný eldhúsinnrétting, nýir skápar í herbergjum, nýjar innihurðar og gler. Sameign er mjög snyrtileg og góð. Íbúðin er laus strax. Brynjar s: 840-4040 sýnir. **V. 21,7 m.** 1072



**Strandasel - laus strax - lyklar á skrifst.**
93,0 fm 3ja herbergja endaíbúð á 3.hæð í að sjá ágætu fjölbýli. Íbúðin þarfnast standsetningar að innan. Gott skipulag. Suðursvalir. Góð sameign. Laus strax. **V. 14,9 m.** 1051



**Furugrund - 1.hæð m. aukaherb.**
3ja herbergja íbúð á 1.hæð í viðgerðu og máluðu húsi ásamt aukaherbergi í kjallara samt. 87,7 fm. Góð staðsetning í grónu hverfi við Fossvoginn Kópavogsmegin. Góðar svalir. Gott skipulag. Parket og góðar svalir. **V. 19,3 m.** 1038



**Tröllakór 2-4 - mjög vönduð íbúð**
Mjög góð og vel skipulögð 3ja herbergja 102,2 fm íbúð á 2. hæð ásamt stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa og tvö góð herbergi, eldhús með granít á borðum og innbyggðri uppþvottavél. **V. 24,9 m.** 1014



**Furugrund - nýlega viðgert hús**
Falleg vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í mjög góðu nýlega viðgerðu og máluðu fjölbýlishúsi á mjög góðum stað við Fossvogsdalinn, Kópavogsmegin. Parket.Tvö svefnherbergi, fataherbergi innaf hjónaherb. Suðursvalir. Góð sameign. **V. 18,5 m.** 1022



**Rjúpnasalir 14- glæsileg úts. íbúð 10. hæð**
Glæsileg nýleg 105,5 fm 3ja herbergja íbúð á 10.hæð í vönduðu álklæddu lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar innréttingar,parket og flísar. Tvö rúmgóð herbergi. Glæsilegt baðherbergi með hornbaðkari. Yfirbyggðar flísalagðar svalir og einstakt útsýni til suðvesturs og norðvesturs. Stæði í vandaðri bílageymslu. Tvær lyftur. **V. 28,4 m.** 1016



**Sóltún 3ja herb. glæsileg íbúð**
Mjög falleg og vönduð 110 fm íbúð á 3.hæð í nýlegu lyftuhúsi ásamt bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er með sérinngangi af svölum og skiptist í forstofu, hol og stofu, opið eldhús með borðkrók, þvottaherbergi og geymslu, tvö stór herbergi og baðherbergi. Í kjallara er geymsla og er innangengt úr sameign í bílageymslu. Húsið er einangrað og klætt að utan og er lóð frágengin. Aukin hljóðeinangrun. Glæsileg eign. **V. 32,9 m.** 7212

## 2ja herbergja



**Hörðaland - jarðhæð**
2ja herbergja falleg íbúð á jarðhæð sem snýr öll til suðurs. Fyrir framan íbúðina er sér lóð. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús, búr, stofu og herbergi. Íbúðin er LAUS STRAX. 1078



**Einivellir - jarðhæð**
Góð 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi og verönd til vesturs. Íbúðin er skráð 77,3 fm og geymsla innan íbúðar 4 fm samtals 81,3 fm. **V. 17,9 m.** 1028



**Tjarnarból - falleg íbúð**
Mjög falleg og mikið standsett 2ja herb. 70,3 fm íbúð á 3. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Tjarnarból á Seltjarnarnesi. Íbúðin hefur verið standsett á smekklegan hátt m.a. eldhús og baðherbergi. Húsið hefur verið viðgerð og málað. Íbúðin er laus strax. **V. 18,5 m.** 7114



**Austurbrún - glæsilegt útsýni**
Hlýleg og góð íbúð á 7.hæð í lyftuhúsi með glæsilegu útsýni yfir borgina. Íbúðin skiptist í hol og stofu, svefnrými, eldhús, baðherbergi og geymslu. Íbúðin er laus fljótlega. **V. 14,5 m.** 7204

## Atvinnuhúsnæði

## Tangabryggja - heil húseign



Um er að ræða 4ra hæða 1884 fm húseign við Tangabryggju 14-16 í Bryggjuhverfinu. Jarðhæð hússins er í leigu. Húsnæðið skiptist í 4 hæðir - 3 skrifstofu/þjónustuhæðir og stórt milliloft á 4 hæð. Húsnæðið er um 1884 fm með umferðarrýmum. Dúkur á gólfi og kerfisloft. **V. 145 m.** 1058

## Bíldshöfði - verslunareining



Mjög gott og einstaklega vel staðsett 202,3 fm verslunarhúsnæði efst Bíldshöfðann. Mikið auglýsingagildi og góð staðsetning. Góð bílastæði. **V. 33,9 m.** 7096

## Arnarbakki



Atvinnu og verslunarhúsnæði á einni hæð samtals 110,2 sem skiptist í tvær leigueiningar í öðrum hlutanum er rekin heildsala en í hinu saumastofa. Ágæt aðkoma er að húsinu. **V. 7,0 m.** 6913

## Kvíslartunga - grunnur að parhúsi



930,2 m2 lóð með sökklum og steyptri plötu undir tvö 269,3 m2 parhús við Kvíslartungu 27 og 29 í Mosfellsbæ. Búið er að steypa sökkla og plötu undir húsið. Frárennslislagnir eru komnar í plötu og virðast vera tengdar við brunn. **V. 13,0 m.** 7065

## Regnboginn - kvikmyndahús er til sölu




Kvikmyndahúsið "Regnboginn" er til sölu. Eignin er 1267 fm að stærð. Í dag er rekin metnaðarfull starfsemi í húsinu "Bíó Paradís". Fjórir misstórir bíósalir með samtals 451 sæti. Húsnæðið er í leigu. **V. 97,0 m.** 1084

## Eyjarslóð - í útleigu




Atvinnuhúsnæði á jarðhæð og á annari hæð sem í dag er rekin fiskvinnsla í. Um er að ræða þrjá matshluta sem hægt er að nýta í sitt hvorulagi. Húsiðnæðið er í leigu. Eignin getur selst í einu lagi eða tveimur hlutum. Í dag er rekin fiskvinnsla í húsnæðinu og er eignin í útleigu. **V. 89,4 m.** 7117

## Eignir óskast

### Hæð á Seltjarnarnesi óskast
Traustur kaupandi óskar eftir 120-150 fm hæð á Seltjarnarnesi. Góðar greiðslur í boði. Allar nánari uppl. veita Þórarinn eða Sverrir.

### Íbúð á Seltjarnarnesi óskast
Óskum eftir 120-150 fm íbúð á Seltjarnarnesi. Góðar greiðslur í boði. Allar nánari uppl. veita Þórarinn eða Hilmar.

### 2ja herbergja íbúðir óskast
Fjársterkur kaupandi óskar eftir nokkrum 2ja herbergja íbúðum í lyftuhúsum á Höfuðborgarsvæðinu. Íbúðirnar verða staðgreiddar ef um semst. Allar nánari uppl. veitir Magnús Geir Pálsson sölumaður á Eignamiðlun.

### Sérhæð í Vesturborginni eða í Hlíðunum óskast
Traustur kaupandi óskar eftir 120 - 150 fm sérhæð í Vesturborginni eða í Hlíðunum. Góðar greiðslur í boði. Sölumenn veita allar nánari upplýsingar.

### Óskum eftir 2ja herbergja
Fjársterkur kaupandi óskar eftir þremur 2ja herbergja íbúðum, helst í sama húsi, miðsvæðis í Reykjavík. Staðgreiðsla í boði.

### Einbýlishús í Vesturborginni óskast. Æskileg stærð 400-500 fm
Traustur kaupandi óskar eftir 300 - 400 fm einbýlishúsi í Vesturborginni. Góðar greiðslur í boði. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson í síma 861-8514

### Raðhús í Fossvogi óskast
Höfum kaupanda að raðhúsi í Fossvogi. Góðar greiðslur í boði. Allar nánari uppl veitir Kjartan Hallgeirsson í síma 824-9093

### Einbýlishús í Þingholtunum óskast - staðgreiðsla
Óskum eftir 250-400 fm einbýli í Þingholtunum. Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.

### 800 - 1200 fm atvinnuhúsnæði óskast - staðgreiðsla
Óskum eftir 800 - 1200 fm atvinnuhúsnæði, helst á einni hæð með góðri lofthæð. Æskileg staðsetning eru Hvörfin í Kópavogi eða Hálsarnir í Árbænum. Mosfellsbær kemur einnig til greina. Aðeins kemur til greina heil húseign. Staðgreiðsla í boði. Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Geir Pálsson á Eignamiðlun

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

## ÓÐINSGÖTU 4

**SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

*Gleðilegt nýtt ár – þökkum viðskiptin á liðnu ári*




### Glæsileg fjölbýlishús í Fossvogsdalnum í Kópavogi.
Lundur 86-92 eru þrjú 4ra – 6 hæða fjölbýlishús með samtals 52 íbúðum. Íbúðirnar eru frá 100-195 fm og eru þriggja til fjögurra herbergja. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Leitast var við að hafa íbúðirnar bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum og hita í gólfum. Leitið upplýsinga á skrifstofu og á www.fastmark.is




### Sóleyjarimi - Íbúð fyrir 50 ára og eldri.
Góð 82,8 fm. íbúð á 1. hæð með sérinngangi í nýlegu fjölbýli í Grafarvogi. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, opið eldhús, rúmgóða stofu/borðstofu með útgangi á yfirbyggðar svalir, svefnherbergi, baðehrbergi og þvottaherbergi. Sér stæði í bílageymslu. **Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 22,9 millj.**




### Kirkjulundur – Garðabæ. 2ja herb. íbúð.
Góð 68,6 fm. 2ja herb. íbúð á neðri hæð ásamt sér geymslu og stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, eitt svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu með útgangi á svalir í suðvestur og baðherbergi. Þvottaaðstaða er á baðherbergi.
**Stutt í þjónustu. VERÐTILBOÐ**




### Skúlagata – 3ja herb. íbúð
Vel skipulögð 89,1 fm. íbúð á 3. hæð í húsi fyrir eldri borgara. Íbúðin nær í gegnum húsið frá norðri til suðurs. Flísalagðar og yfirbyggðar svalir eru til suðurs og frábært útsýni út á sundin til norðurs. **Húsvörður. Verð 28,9 millj.**




### Viðarás
Fallegt og vandað 160,3 fm parhús á einni hæð að meðtöldum 26,9 fm. bílskúr. Eldhús með eyju, rúmgóðar stofur, rúmgott hjónaherbergi og 2 barnaherbergi . Hiti í innkeyrslu og stéttum og skjólgóð verönd til suðurs út af stofum. Útsýnis nýtur að Rauðavatni, að Bláfjöllum og víðar. Stutt í skóla og leikskóla.




### Sólvallagata
Fallegt og vel skipulagt 227,1 fm. einbýlishús á þremur hæðum á frábærum stað í Vesturbænum auk 34,8 fm. bílskúrs. Samliggjandi stórar stofur með fallegum rennihurðum á milli. Stórt hol með vinnuaðstöðu. 4 herbergi. Fallegur viðarstigi milli hæða. Mögulegt að nýta hluta kjallara sem sér íbúð. **Afgirt skjólgóð baklóð með veröndum og heitum potti. Verð 72,0 millj.**



### Birkigrund - Kópavogi
Raðhús um 330 fm. að meðtöldum 26,6 fm. bílskúr. Eignin er tvær hæðir, kjallari og ris. Sér inngangur í kjallara og því mögulegt að skipta eigninni í tvær íbúðir. Skjólsæll garður í góðri rækt. Vel staðsett eign í barnvænu hverfi. **Stutt í þjónustu. Verð 45,0 millj.**




### Kirkjutorg
Fallegt 139,3 fm einbýlishús í hjarta miðborgarinnar. Húsið er friðað í B-flokki (ytra byrði) og hefur allt verið endurgert í upprunalegri mynd á síðustu 10-15 árum í samvinnu við Árbæjarsafnið . Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris og skiptist m.a. í opið eldhús, 2 stofur og 4 herbergi. **Svalir í suður sem snúa að Tjörninni. Hellulögð lóð.**




### Lynghólar – Garðabæ
Glæsilegt 257,8 fm. einbýlishús að meðtöldum 32,3 fm. bílskúr. Húsið sem er á þremur pöllum er teiknaðaf Loga Má Einarssyni arkitekt. **Húsið afhendist fullbúið að utan, en fokhelt að innan. Tilboð óskast.**




### Kambasel – 5 herbergja
Falleg og vel skipulögð 105,2 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum svölum til suðurs auk sér geymslu. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Bjartar og rúmgóðar stofur. **Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 26,9 millj.**




### Laufengi – 4ra herb. útsýnisíbúð
Góð 95,9 fm. útsýnisíbúð á 3. hæð að meðtalinni sér geymslu í litlu fjölbýli með sameiginlegu yfirbyggðu stæði í Grafarvogi. Eldhús með góðum borðkrók. Suðvestursvalir út af stofu. Baðherbergi flísalagt í gólf og veggi. **Laus til afhendingar strax. Verð 21,9 millj.**




### Skálateigur – Akureyri. 4ra herbergja
Glæsileg og vel innréttuð 121,5 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli á Akureyri ásamt stæði í bílageymslu og sér geymslu. Innréttingar eru úr eik og parket og flísar á gólfum. Opið eldhús með útgengi á svalir. Rúmgóð setu- og borðstofa. **3 herbergi. Verð 34,9 millj.**




### Selvað – 4ra – 5 herb. íbúð
Falleg og vönduð 4ra – 5 herb. 123,8 fm. íbúð á 3. hæð í nýlegu lyftuhúsi auk sér stæðis í bílageymslu. Íbúðin er innréttuð á vandaðan hátt. Stór eyja og vönduð tæki í eldhúsi. Stór og björt stofa með útgangi á stórar svalir til suðurs. **3 herbergi auk vinnuherbergis. Verð 32,9 millj.**



### Unnarbraut – Seltjarnarnesi. Efri sérhæð.
Glæsileg 201,8 fm. efri sérhæð að meðtöldum 32,6 fm. bílskúr í þríbýlishúsi á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin var nánast öll endurnýjuð að innan á afar vandaðan hátt. Vönduð lýsing. Stór eyja í eldhúsi. Bjartar samliggjandi stofur með útgangi á suðursvalir Sjónvarpsstofa. **Útsýnis nýtur bæði til suðurs og vesturs. Verð 55,0 millj.**




### Ægisíða - 4ra herb.
Falleg 96,1 fm. 4ra herb. íbúð á 2. hæð í þríbýlishúsi í vesturbænum. Eldhús með ljósum viðarinnréttingum. Rúmgóð stofa/borðstofa. 3 herbergi. **Búið er að endurnýja gler í íbúðinni að mestu og þak var endurnýjað fyrir nokkrum árum síðan. Verð 29,5 millj.**




### Pósthússtræti
3ja herb. 74,7 fm. íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi í hjarta miðborgarinnar, við Austurvöll. Rúmgóð stofa með útgang i á svalir til vesturs. 2 herbergi auk fataherbergis. Baðherbergi með þvottaaðstöðu. Mögulegt er að fá keypt eða leigt bílastæði í bílageymslu undir húsinu. **Laus til afhendingar fljótlega. Verð 27,9 millj.**




### Strandvegur- Sjálandi Garðabæ
Góð 110,3 fm. 3ja herb. íbúð á 1. hæð með svölum til vesturs og sér stæði í lokaðri bílageymslu. Íbúðin skiptist í anddyri/gang, eldhús semer opið að hluta, stofu með útgangi á svalir, 2 herbergi, bæði með skápum, baðherbergi og þvottaherbergi. **Laus til afhendingar fljótlega. Verð 29,0 millj.**




### Þórðarsveigur – góð 3ja herb.íbúð
Björt og vel skipulögð 84,3 fm. íbúð á 4. hæð, efstu, í góðu lyftuhúsi. Opið eldhús með ljósri viðarinnréttingu. 2 góð herbergi með skápum. Stofa og borðstofa með útgengi á suðursvalir með útsýni til suðurs og vesturs. Vel staðsett eign í nálægð við leik- og grunnskóla. **Stæði í lokaðri bílageymslu. Verð 23,9 millj.**




### Skólavörðustígur
Falleg 78,4 fm. íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í nýlegu húsi í hjarta miðborgarinnar. Svalir út af stofu með útsýni til suðurs. Opið eldhús með sprautulökkuðum innréttingum. Baðherbergi flísalagt í gólf og veggi. **Sameign nýlega tekin í gegn. Verð 27,5 millj.**




### Stelkshólar
Falleg og björt 65,5 fm. íbúð í litlu fjölbýli með góðu útsýni til austurs. Björt stofa og borðstofa með útgengi á suðaustursvalir. Opið eldhús að hluta. Rúmgott hjónaherbergi. Sameign snyrtileg. **Fín fyrstu kaup. Laus fljótlega. Verð 14,9 millj.**




### Tjarnarból – Seltjarnarnesi. Laus strax.
Góð 70,3 fm. íbúð á 3. hæð í góðu fjöbýlishúsi á Seltjarnarnesi. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Opið eldhús með fallegri ljósri innréttingu. Svalir út af stofu til suðurs. Þvottaherbergi sameiginlegt á hæðinni. **Laus við kaupsamning. Verð 18,5 millj.**


Skemmtilegri í 25 ár
ÓMISSANDI Í VETUR
ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF OKKAR FRÁBÆRU DAGSKRÁ. VERTU MEÐ Í VETUR!
STÖÐ 2 Á AÐEINS
244 KR.
Á DAG
ÞAÐ ER
ÓDÝRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA
Allir áskrifendur Stöðvar 2 safna punktum
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Úrval ljósa á betra verði




Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# tímamót

timamot@frettabladid.is



45 **JÓN GNARR** borgarstjóri í Reykjavík er 45 ára í dag

*„Að hata er eins og að drekka eitur og bíða svo eftir því að einhver annar drepist.“*

## Merkisatburðir 2. janúar

1653 Mikið tjón verður á Eyrarbakka og víðar í sjávarflóði, sem nefnt hefur verið Háeyrarflóðið.

1870 Bygging Brooklyn-brúarinnar hefst.

1871 Stöðulögin sett. Þau kveða á um að Ísland sé óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis, en þó með sérstök landsréttindi.

1871 Íslensk króna verður til með sérstakri lagasetningu.

1887 Prentarafélagið, fyrsta verkalýðsfélagið á Íslandi, er stofnað.

1899 KFUM stofnað á Íslandi af séra Friðriki Friðrikssyni.

1908 Lögbirtingablaðið kemur út í fyrsta sinn.

1959 Sovétríkin skjóta á loft fyrsta geimfarinu, Luna 1, sem fer á braut um sólina tveimur dögum síðar.

**ÞETTA GERÐIST:** 2. JANÚAR 1979

## *Réttarhald yfir Sid Vicious hefst*

Hinn 2. janúar 1979 hófust réttarhöld yfir Sid Vicious, fyrrum bassaleikara Sex Pistols, sem grunaður var um að hafa myrt kærustu sína Nancy Spungen.

Forsaga málsins var sú að að morgni þess 12. október 1978 rankaði Vicious við sér eftir mikla fíkniefnaneyslu og fann kærustu sína, Nancy Spungen, látna á baðherbergisgólfi herbergis þeirra á Chelsea hótelinu í New York. Hún hafði verið stungin einu sinni í magann með hníf sem Vicious átti og hafði síðan blætt út. Vicious var handtekinn skömmu seinna og ákærður fyrir að hafa myrt hana.

Vicious lenti í miklum mótsögnum við sjálfan sig þegar hann reyndi að greina lögreglunni frá því sem gerst hafði nóttina sem Spungen var myrt. Ýmist viðurkenndi hann að hafa stungið hana eða sagði að hún hefði dottið á hnífinn. Þess á milli hélt hann því statt og stöðugt fram að hann myndi ekkert eftir atburðum næturinnar.



## AFMÆLI



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** athafnamaður er 71 árs.



**CUBA GOODING JR.** leikari er 44 ára.



**KJARTAN SVEINSSON** tónlistarmaður í Sigur Rós er 34 ára.



**SÖGUSTUND** Silja Aðalsteinsdóttir og Böðvar Guðmundsson segja sögur í Landnámssetrinu laugardaginn 7. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sagnaskemmtun í Landnámssetrinu

Feðgarnir frá Kirkjubóli í Hvítársíðu er tvöföld sagnaskemmtun hinna skemmtilegu sagnameistara Silju Aðalsteinsdóttur og Böðvars Guðmundssonar sem frumsýnd verður í Landnámssetrinu í Borgarnesi laugardaginn 7. janúar.

Í fyrri sýningunni, klukkan 16, segir Silja Aðalsteinsdóttir frá Guðmundi Böðvarssyni rithöfundi og konunum í lífi hans. Í þeirri seinni, sem hefst klukkan 20, segir Böðvar sögur úr Síðunni og kallar það sögur úr sveit sem ekki er til.

Önnur sýning er 8. janúar og þriðji sýningardagur 15. janúar.

# Safna fyrir ferð á Gay Pride í Færeyjum

Fyrstu sjálfstæðu tónleikar Hinsegin kórsins verða haldnir í Norræna húsinu laugardaginn 7. janúar klukkan 16.

Kórinn var stofnaður síðsumars 2011 og hefur síðan komið fram við ýmis tilefni. Tónleikastaðurinn er viðeigandi þar sem allur ágóði af þeim rennur í ferðasjóð vegna ferðar kórsins á Gay Pride í Færeyjum í júlí á næsta ári.

Efnisskrá kórsins er fjölbreytt en flutt verða klassísk íslensk kórverk í bland við nútíma dægur- og popplög.



**FYRSTU SJÁLFSTÆÐU TÓNLEIKARNIR** Hinsegin kórinn var stofnaður síðsumars 2011

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**FRÁ AFHENDINGUNNI** Sigrún Ása Sturludóttir afhenti Kristjáni verðlaunin fyrir hönd stjórnar sjóðsins. Þau felast í heiðursskjali, silfurpeningi og þriggja milljóna króna styrk.

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON PRÓFESSOR: HLAUT VERÐLAUN ÚR SJÓÐI ÁSU WRIGHT

# Ólst upp í hringiðu pólitíkur, bókmennta og heimspeki

„Þessi viðurkenning hefur mjög mikið gildi fyrir mig enda um að ræða einhver virðingarmestu verðlaun sem veitt eru í íslensku fræða- og vísindasamfélagi. Þau hvetja mig til frekari afreka,“ segir heimspekingurinn Kristján Kristjánsson eftir að hafa tekið á móti verðlaunum úr Verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wrhigt.

Hann lætur ekki sitja við orðin tóm því þegar þessar línur birtast verður hann kominn í sex mánaða rannsóknaleyfi út til Cambridge til að skrifa bók fyrir Cambridge University Press sem á að koma út árið 2013. Þar kveðst hann ætla að fjalla um jákvæða sálfræði. „Jákvæð sálfræði gengur út á að sálfræðingar hafi horft allt of mikið á vandamál og sjúkdóma en nú sé kominn tími til að skoða frekar hvað geri fólk hamingjusamt og reyna að efla þá þætti sem stuðli að hamingju,“ upplýsir hann. Eiginkona og sonur flytja með honum út, eflaust til að efla áðurnefnda þætti.

Kristján er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann er sonur Kristjáns skálds frá Djúpalæk og Unnar Friðbjarnardóttur og ólst upp á bókmenntaheimili sem var sótt af skáldum, rithöfundum og hugsuðum. Kveðst þó aldrei hafa verið verið gott skáld sjálfur. „Ég fékk snemma áhuga á heimspeki og hef lagt stund á hana,“ segir Kristján, sem lauk doktorsprófi í þeirri grein frá hinum virta háskóla St. Andrews í Skotlandi.

Á síðasta ári kom út bók eftir Kristján hjá Cambridge University Press sem heitir The Self and Its Emotions, eða Sjálfið og tilfinningar þess, og segir hann hana henta vel til kennslu þó hún hafi ekki verið samin sem kennslubók, heldur sem fræðibók.

En skyldi hann hafa heyrt minnst á Ásu Wright áður en til þessarar upphefðar kom? „Já, reyndar,“ svarar hann. „Ég ólst upp við að alltaf væri hlustað á kvöldfréttir útvarps klukkan sjö og horft á sjónvarpsfréttirnar klukkan átta. Eitt af því sem ég man eftir er að á milli jóla og nýárs var sagt frá kjöri á íþróttamanni ársins og svo afhendingu verðlauna úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Whrigt. Mér finnst reyndar að það hafi alltaf verið einhverjir gráhærðir og gamlir sem fengu þessi verðlaun en nú tel ég sjálfum mér trú um að það sé bara misminni.“

**gun@frettabladid.is**

# Íþróttamaður Dalvíkurbyggðar

Sigurður Ingvi Rögnvaldsson er íþróttamaður Dalvíkurbyggðar árið 2011. Sigurður var einnig valinn golfmaður Hamars 2011 en hann varð á þessu ári fyrsti landsliðsmaður Golfklúbbsins Hamars.

Sigurður Ingvi tryggði sér sæti í unglingalandsliðinu og keppti fyrir hönd Íslands á Evrópumóti unglingalandsliða á árinu. Þá varð hann í öðru sæti á Íslandsmótinu í höggleik unglinga, 17 til 18 ára. Einnig varð hann norðurlandsmeistari í 17-18 ára flokki unglinga.

„Sigurður Ingvi hefur verið fremstur í sínum aldursflokki um árabil og hefur með þrautseigju stundaði æfingar og keppni af miklu kappi og dug,“ segir á vef Dalvíkurbyggðar.

**- rat**



**GOLFARINN** Sigurður Ingvi Rögnvaldsson er íþróttamaður Dalvíkurbyggðar 2011. MYND/MARGRÉT VÍKINGSDÓTTIR




galleri sautján

**Kringlunni | Smáralind**

Kíkið á okkur á **ntc.is** eða á facebook

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ofsi, **6.** kúgun, **8.** hlóðir, **9.** eldsneyti, **11.** rás, **12.** teiti, **14.** grastoppur, **16.** óreiða, **17.** haf, **18.** strá, **20.** tveir eins, **21.** hjartaáfall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** í röð, **4.** snyrtipinni, **5.** fiskilína, **7.** ræðismaður, **10.** yfirbreiðsla, **13.** prjónavarningur, **15.** hald, **16.** lyftist, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** ok, **8.** stó, **9.** kol, **11.** æð, **12.** knall, **14.** skegg, **16.** rú, **17.** sær, **18.** íla, **20.** ii, **21.** slag.
**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** rs, **4.** stælgæi, **5.** lóð, **7.** konsúll, **10.** lak, **13.** les, **15.** grip, **16.** rís, **19.** aa.





HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2012

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 Hvunndagshetjan
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 Frá kynslóð til kynslóðar
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 Til atlögu gegn fordómum
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 Heiðursverðlaun
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 Samfélagsverðlaunin
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.



SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ


# Megi rokkið lifa þó ég deyi

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Undanfarin þrjú ár hef ég verið heimagangur hjá fjölskyldu einni í bænum Baza hér í Andalúsíu þar sem ég hef verið að hjálpa unglingunum á bænum að nema ensku. Mér er minnisstætt þegar ég hóf þessa heimavitjun hversu fjörugur fjölskyldufaðirinn var. Hann er gamall rokkari og leiftraði allur þegar ég gerði grein fyrir aðdáun minni á Led Zeppelin og Deep Purple. Mér er einnig minnisstætt þegar þessi fimmtugi fjölskyldufaðir yngdist um þrjátíu ár þegar hann var að búa sig undir að fara á tónleika með AC/DC í Sevilla.

**SÍÐAN** kom verri tíð og sá ég bóndann ekki um allnokkurt skeið. Mér er minnisstætt að unglingarnir höfðu orð á því að þeir hefðu hætt hestamennsku, fótboltaiðkun og tónlistarnámi. „Það er enginn peningur til slíks eftir að pabbi veiktist," sögðu þeir. Spánverjar eru býsna blátt áfram og er mér minnisstætt þegar húsmóðirin sagði mér að bóndi sinn væri dauðans matur nema hann fengi nýja lifur. Dag einn sá ég honum bregða fyrir og var hann eins og gamalmenni.

**ÞÁ** kom tími vonleysis og virtist lífið ætla að fá að fjara úr rokkaranum en að sama skapi fjaraði lífsneistinn úr fjölskyldunni. „Er eitthvað að frétta?" spurði ég venjulega er ég kom þangað. „Ekkert," var svarað um langa tíð og þetta ekkert var býsna þungt og þjáningarfullt.

Síðan ber svo við að banaslys verður í Sevilla og Sevillabúinn sem þar fór yfir móðuna miklu hafði skrifað upp á pappír þar sem hann veitti leyfi til að nota líkama sinn til lækninga að sér látnum. Var þá þegar hringt í rokkarann og hann drifinn í lifrarígræðslu.

**Í SÍÐASTA** mánuði var ég á þessu heimili. Það var engu líkara en heimilismenn allir hefðu verið heimtir úr helju. Lífsneistinn skein úr augum hvers manns. Meðan rokkarinn tók lúftgítar við Smoke on the Water tók ég ákvörðun sem gæti orðið býsna mikilvæg:

Það er reyndar ekki útséð með að sálin mín skili þessum blessaða kroppi af sér eins og nýslegnum túskildingi. Til dæmis held ég að lifrin mín sé ekkert fyrsta flokks eftir allt spænska rauðvínið og íslenska brennivínið. Samt sem áður ætla ég að skrifa upp á pappír eins og Sevillabúinn atarna þannig að rokkið megi lengi lifa þó svo að ég hverfi frá.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALAN

## HEFST KL. 12.00 Í DAG

# ALLT AÐ

# 70%

## AFSLÁTTUR

**Dressmann®**

WWW.DRESSMANN.COM

ÁVALLT VEL KLÆDDUR

AKUREYRI S:4627800. SMÁRALIND S:5659730. KRINGLUNNI S:5680800. LAUGAVEGI S:5629730

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**
Smáraftæki á ótrúlegum verðum – frá kr. 995
**Sjónvörp frá Philips og Panasonic með allt að 300.000 kr. afslætti**
Heimabíókerfi með allt að 50% afslætti
**Denon hljómtæki með allt að 43% afslætti**
Saumavélar með allt að 32% afslætti
**Þvottavélar í miklu úrvali verð frá 59.995**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

BÍLTÆKI
SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
MP3 SPILARAR HLJÓMBORÐ
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HEYRNARTÓL
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Whirlpool ofnar helluborð og háfar á frábærum verðum**
Brauðvélar frá 9.995
42" sjónvörp frá 99.995
Frystikistur frá 39.995

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ 10-18 VIRKA DAGA**
LAUGARDAGUR 7. JANÚAR 11-18
SUNNUDAGUR 8. JANÚAR 12-18

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DeLonghi Whirlpool

**VINSÆLUSTU TÓNLEIKAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS** eru hinir árlegu Vínartónleikar. Þrennir tónleikar verða að þessu sinni, 5. 6. og 7. janúar. Á Vínartónleikunum 2012 hljómar sígild Vínartónlist, meðal annars Dónárvalsinn sívinsæli eftir valsakónginn sjálfan, Johann Strauss yngri.

# ÆVINTÝRI OG HROLLKALDUR RAUNVERULEIKI

**Þegar litið er yfir leiklistarárið sem senn er að líða er margs að minnast. Hvað stendur nú eiginlega upp úr?**

Strýhærði Pétur og ævintýraveröldin hans í Borgarleikhúsinu var einstaklega fagmannlega ævintýraleg sýning sem gaman væri að sjá aftur og aftur.

Sú sýning sem orkaði mest á undirritaða er þó nýtt íslenskt verk eftir Sölku Guðmundsdóttur þar sem þær Aðalbjörg Árnadóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir fóru hreinlega á kostum á Súldarskeri í leikstjórn Hörpu Arnardóttur. Þessar tvær efnilegu leikkonur sýndu ásamt tónmeistara Ólafi Birni Ólafssyni að þau eru öll fjölhæf.

Í tvígang fengum við að kynnast breska leikskáldinu David Kelly. Fyrst í verkinu Elsku barn í leikstjórn Jóns Páls Eyjólfssonar í Borgarleikhúsinu þar sem Unnur Ösp Stefánsdóttir átti eftirminnilegan leik í hlutverki tættrar móður. Í seinna skiptið var það svo Stefán Hallur Stefánsson sem leikstýrði Endalokum niðri í Tjarnarbíói.

## Einleikir og klassísk verk

Það er lítið gert af því að dusta rykið af gömlum íslenskum leikritum en það gerði Marta Nordal með glans í uppsetningu sinni á Fjalla-Eyvindi í Norðurpólnum þar sem hún leiddi áhorfendur inn í sína eigin leikmynd með aðstoð hljóða og gamalla radda úr uppsetningu Ríkisútvarpsins.

Einleikir voru nokkrir á árinu og má þar nefna Afann góða þar sem Sigurður Sigurjónsson dró upp góða mynd af nútíma-afanum og gaf rausnarlega af sínum gleði- og sorgarstundum. Nafni hans Sigurður Skúlason brá sér í mörg af þekktustu gervum Shakespeares í einleik sem Benedikt Árnason stjórnaði í Þjóðleikhúskjallaranum.

Ráðherrasprellið féll í góðan farveg í Borgarleikhúsinu og Forsetinn á Bessastöðum skemmti börnum ásamt fallegri prinsessu á fjölum Þjóðleikhússins. Þjóðleikhúsið leitaði í klassískar smiðjur með uppsetningunum á Öllum sonum mínum eftir Arthur Miller og Heddu Gabler, sem bjó nú reyndar í einhvers konar Arnarnesvillu.

Í Frystiklefanum á Rifi spýttist blóð og rann um gólf og veggi í leiksýningu Kára Viðarssonar um hinn alræmda Axlar-Björn. Kirsuberjagarðurinn kætti, Zombíljóðin ærðu, Galdrakarlinn í Oz gladdi og þó nokkur verk vöktu áhorfendur til umhugsunar hvað þetta líf gengur nú allt út á. Í þeim flokki má nefna frábæra sýningu leikhópsins Ég og vinir mínir, Verði þér að góðu, þar sem tilgangslaust blaður varð að dansi og myndum í stórgóðum samleik undir taktfastri tónstjórnun Gísla Galdurs Þorgeirssonar.

## Töfraheimar og karlar í kreppu

Nokkuð var um það að leitast væri við að hrífa áhorfendur með í töfraveröld. Ein þeirra sýninga var Ferðalag Fönixins sem þau Eivör Pálsdóttir, María Ellingsen og Rejo Kela buðu upp á í stórkostlegum ljósatilbrigðum Björns Bergsteins Guðmundssonar uppi á stóra sviði Borgarleikhússins.



Það verður nú að segjast eins og er (þrátt fyrir allt) að það getur verið mjög erfitt að vera karlkyns mannvera. Þeirri baráttu voru gerð þó nokkur skil í tveimur mjög ólíkum verkum.

Dansarinn og danshöfundurinn Gunnlaugur Egilsson fékk til liðs við sig nokkra mjög góða leikara í hraðan dans í gegnum sögu hinna ráðandi karlmanna. Hét sýningin Klúbburinn og var sýnd á Listahátíð. Yfirbugaðir af öllu veseni nútímans voru svo Alvörumennirnir í Austurbæ þar sem Gunnar Helgason kreisti úr mönnum sínum snilldarleik í fyndnu verki.

## Uppistand og heiðingjar

Merkjavörufárinu voru gerð góð skil í tveimur mjög svo ólíkum sýningum, annars vegar Húsmóðurinni sem leikhópurinn Vesturport sýndi í vor í Borgarleikhúsinu og hins vegar í hinu fantavel skrifaða verki Svartur hundur prestsins, þar sem töfrar og möguleikar leikhússins eru nýttir til hins ýtrasta í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur.

Í Þjóðleikhúskjallaranum voru kabarettar, fyrst Uppnám, þar sem þrjár frábærar ungar leikkonur brugðu sér í karlagervi og gerðu það vel, og eins skemmti Lára Sveinsdóttir áhorfendum með undragóðri hljómsveit í dagskrá um Judy Garland.

Fyrir utan Listahátíð var síðan alþjóðleg leiklistarhátíð undir sumarlok í Reykjavík. Þar komu við sögu leikhópar sem samanstóðu af bæði íslenskum og erlendum leikurum.

Sú leikmynd sem líklega verður minnisstæðust er sviðið sem Ilmur Stefánsdóttir hannaði eins og séð úr gleiðlinsu fyrir verkið Hreinsun eftir Sofi Oksanen í Þjóðleikhúsinu. Á Landnámssetrinu var uppistand um heiðingja og á Norðurpólnum varð glíma að dansi og dans að glímu í fantagóðri sýningu Tryggva Gunnarssonar.

Atvinnuleikhúsið Gral í Grindavík bauð einnig upp á góðan heimsendissprett. Boðskapurinn var skýr í Gyllta drekanum, það á ekki að níðast á innflytjendum!

Iðnó er sem betur fer enn notað til sýninga og þar var eftirminnileg dagskrá í minningu Önnu Pálínu Árnadóttur.

Hér er aðeins stiklað á stóru um leikárið sem er að líða. Áhorfendur mótast af leikhúsi hvers tíma, eða er það kannski leikhúsið sem mótast af áhorfendum hvers tíma? Hver svo sem raunin er, þá er nú ekki hægt að segja annað en að leikhús á Íslandi lifi góðu lífi í okkar nýjungagjörnu tíð.

Útsalan hafin
30-70%
afsláttur
af öllum vörum
Kvenfataverslunin vera
Laugavegi 49 Sími 5522020




# Enn þarf að berjast

Myndlist ★★★★

**Endemis (Ó)sýn**

Útgáfusýning í tilefni 2. tölublaðs Endemis

**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn**

Endemi, tímarit um samtímalist íslenskra listakvenna, hóf útgáfu sína í maí á liðnu ári. Haldin var útgáfusýning í Kling og Bang við Hverfisgötu, en nú er útgáfu annars tölublaðs fagnað í Gerðarsafni og stendur sýningin til 8. janúar.

Illu heilli virðist í dag vera þörf fyrir fjölmiðil sem sýnir myndlist íslenskra kvenna sérstaka athygli. Margt er rannsóknarefni í þessum málum og Endemi góður vettvangur slíkra rannsókna.

Ef við lítum t.d. á starfsmenn í áhrifastöðum innan listheimsins – þá sem standa að baki myndlistarsýningum – birtist forvitnileg mynd. Hér manna konur að vísu flestar stöður, eru safnstjórar flestra minni safna á landinu. Þær sýna líka töluvert af list eftir konur. Stóru söfnin tvö eru að meirihluta mönnuð af konum utan safnstjóranna tveggja sem eru báðir karlmenn. Á Listasafni Reykjavíkur vinna tuttugu og þrjár konur og fimm karlmenn – safnstjórinn, deildarfulltrúi markaðs- og kynningarmála, umsjónarmaður fasteigna og tveir í afgreiðslu. Listasafn Íslands hefur fjórtán konur í starfi samkvæmt heimasíðu og fjóra karlmenn: safnstjórann, ritstjóra, deildarstjóra forvörsludeildar og umsjónarmann fasteigna. Stóru söfnin tvö hafa lagt meiri áherslu á stórar einkasýningar karlkyns listamanna en kvenkyns á síðustu árum, hvernig sem á því stendur og vonandi verður breyting hér á.

Fjórtán listamenn eiga nú verk á sýningunni í Gerðarsafni, tólf konur og tveir karlmenn, en starfsemi Endemi útilokar að sjálfsögðu ekki efni og framlag karlkyns listamanna. Sýningin er fjölbreytt og verkin í háum gæðaflokki. Ljósmyndir Önnu Líndal eru grípandi,



tjaldkona Gjörningaklúbbsins eftirminnilegt og margrætt verk. Veggverk Guðrúnar Hrannar lunkið og úthugsað, ljósmynd Elínar Hansdóttur nær tökum á manni og svo mætti áfram telja.

Tímaritið sjálft er í stóru broti á gæðapappír, umbrot og hönnun minna á hönnun áttunda áratugarins – að einhverju leyti er eins og nú sé tekinn upp þráður sem hefur legið í láginni um nokkurt skeið án þess þó nokkurn tímann að slitna. Því kvennabaráttan hefur beðið í lægra haldi fyrir markaðnum, græðginni, klámvæðingunni og krúttlegheitunum. Fram er komin kynslóð sem ekki er sér að öllu leyti meðvituð um að enn þarf að berjast. Þess vegna er framtak þeirra Endemikvenna frábært og gangi þeim sem best.

Í kjallara Gerðarsafns má síðan sjá yfirlit nokkurra verka Gerðar Helgadóttur, eins fremsta listamanns okkar á síðustu öld.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Frábært framtak ungra listakvenna sem minna á að langt er frá að jafnrétti kynjanna hafi verið náð í íslenskum listheimi, þörf er á að kynna sérstaklega list íslenskra kvenna, enn þarf að berjast. Fjölbreytt og áleitin sýning og fróðlegt og skemmtilegt tímarit.


ÚTSALAN HAFIN!
50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
RÝMINGARSALA Á LAUGAVEGI 25
60-80% AFSLÁTTUR AF ÖLLU
smárar
SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 25
SÍMI 571 1700

# Fólk

folk@frettabladid.is



**29 ÁR** fyllir leikkonan Kate Bosworth í dag en hún hefur líklega fagnað ærlega tímamótunum um áramótin.

# STJÖRNURNAR SEM EIGA AÐ SKÍNA SKÆRT 2012

**Tímaritið Glamour tók saman hvaða tíu einstaklingar slógu í gegn á árinu, en flestir þeirra voru óþekkt nöfn þangað til árið 2011. Tímaritið segir lesendum að leggja nöfnin á minnið því eftirfarandi einstaklingar eigi eftir að vera í sviðsljósinu árið 2012. Nafn Pippu Middleton trónir á toppnum enda stal hún senunni í konunglega brúðkaupinu í Bretlandi í vor.**



## JENNIFER LAWRENCE

Þessi unga og annars óþekkta leikkona kom öllum á óvart og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkonan fyrir leik sinn í myndinni Winter's Bone fyrr á árinu. Lawrence á framtíðina fyrir sér í kvikmyndabransanum að mati tímaritsins.



## JOEL EDGERTON

Þessi ástralski leikari hefur verið í bransanum í 15 ár en komst ekki í sviðsljósið fyrr en nú er hann fór með hlutverk í myndinni The Warrior. Edgerton fer með stórt hlutverk í endurgerð á myndinni The Great Gatsby sem frumsýnd verður á næsta ári.



## J.R. MARTINEZ

Vann ameríska raunveruleikaþáttinn Dancing with the Stars í ár, en Martinez var hermaður í Írak þar sem hann brenndist illilega á 40% af líkamanum. Hann fer með hvatningarorð í skólum og fyrirtækjum og er hylltur sem þjóðhetja í Bandaríkjunum.



## PIPPA MIDDLETON

Eftir að hún gerðist senuþjófur í brúðkaupi stóru systur sinnar, Katrínar hertogaynju af Cambridge, hefur Pippa Middleton varla fengið frið fyrir ágangi fjölmiðla og ljósmyndara. Tilboðum rignir yfir Middleton, sem verður líklega ennþá meira áberandi á næsta ári.



## OCTAVIA SPENCER

Leikkonan sló aldeilis í gegn sem barnfóstran í myndinni The Help enda fékk hún glimrandi gagnrýni fyrir. Margir spá að Spencer hljóti tilnefningu til Óskarsverðlauna í nánustu framtíð.



## JEREMY IRVINE

Upprennandi stjarna sem lék aðalhlutverkið í myndinni War Horse undir stjórn Stevens Spielberg þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs á árinu og slær eflaust ekki slöku við á því næsta, en þá leikur hann á móti Dakota Fanning í myndinni Now Is Good.



## MICHAEL FASSBENDER

Hálfur Íri og hálfur Þjóðverji sem lék í fimm myndum á árinu, þar á meðal X-Men: First Class og A Dangerous Method. Tímaritið spáir því að Fassbender verði meðal kynþokkafyllstu karla í heimi á næsta ári, en hann leikur í mynd Ridley Scott, Prometheus.



## ELIZABETH OLSEN

Litla systir tvíburanna Mary-Kate og Ashley Olsen hefur sannað sig sem leikkona á árinu. Leikur hennar í myndinni Martha Marcy May Marlene gæti skilað leikkonunni ungu Óskarstilnefningu, en hún er þegar orðin tískufyrirmynd eins og stóru systur hennar.



## SHAILENE WOODS

Þessi unga leikkona leikur dóttur George Clooney í myndinni The Descendants og spá margir henni Óskarstilnefningu fyrir vikið.



## ALEX PETTYFER

Breski leikarinn er hvað þekktastur fyrir útlit sitt, en hann lék í myndunum I Am Number Four og Beastly sem frumsýndar voru vestanhafs á árinu sem er að líða. Hann hefur komist í slúðurmiðlana fyrir dónalega framkomu á tökustað en þykir líklegur til afreka á næsta ári, hvort sem það er á hvíta tjaldinu eða á blaðsíðum slúðurblaðanna.

NORDIC PHOTOS/GETTY

JÓGA Stúdíó

JÓGAKENNARANÁM

Jóga stúdíó kynnir 200 stunda jógakennaranám byggt á umgjörð **Yoga Alliance.**

Þátttakendur læra jógaæfingar, öndun, slökun, siðfræði, raddbeitingu og kennslufræði auk fá þeir grunn í jógaheimspeki og anatómíu.

**Kennarar eru:** Guðjón Bergmann, Ágústa Kolbrún Jónsdóttir og Drífa Atladóttir, auk Eiríks Arnarsonar sjúkraþjálfara.

**Námið hefst 20 jánúar 2012 og líkur seinnipart árs.**



Skráning og frekari upplýsingar á heimasíðu Jóga stúdíó
**www.jogstudio.is** eða í síma 772-1025 Ágústa og 695-8464 Drífa

# Mætti með nýja kærustu

Leikarinn Jim Carrey kom fjölmiðlum á óvart er hann mætti með nýja konu upp á arminn á tónleika með Guns N´Roses í Los Angeles. Konan hefur ekki verið nafngreind en vel fór á með parinu á tónleikunum.

Rúmlega ár er síðan Carrey skildi við sjónvarpsstjörnuna Jenny McCarthy, en þau voru saman í fimm ár. Carrey sást síðast á stefnumóti með fyrirsætu sem tók þátt í raunveruleikaþætti Tyru Banks, America's Next Top Model, í sumar.



**Í SAMBANDI** Jim Carrey mætti með nýja kærustu á tónleika í Los Angeles rétt fyrir jól. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eftirlætisgrannar Ameríku

Flestir Bandaríkjamenn myndu kjósa íþróttamanninn Tim Tebow sem nágranna sinn ef marka má nýja könnun sem gerð var í Bandaríkjunum fyrir stuttu. Í öðru sæti var Jolie-Pitt-fjölskyldan.

Um þúsund manns tóku þátt í könnuninni og töldu 11 prósent þeirra að Tim Tebow yrði hinn fullkomni nágranni á meðan 10 prósent vildu helst búa við hlið Angelinu Jolie og Brad Pitt. Jennifer Aniston kom svo í þriðja sæti með 9 prósent atkvæða. Þær stjörnur sem fæstir Bandaríkjamenn myndu vilja búa í nágrenni við voru stjörnurnar í Jersey Shore, Charlie Sheen, Lindsay Lohan og Kim Kardashian.



**VINSÆL** Bandaríkjamenn vilja flestir búa við hlið Tim Tebow eða Angelinu Jolie. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á VON Á BARNI** Alessandra Ambrósio á von á sínu öðru barni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aftur ólétt

Brasilíska fyrirsætan Alessandra Ambrósio á von á öðru barni með unnusta sínum, Jamie Mazur. Parið á fyrir þriggja ára dóttur.

Talsmaður Ambrósio staðfesti fregnirnar við People Magazine og segir fjölskylduna himinlifandi með fréttirnar. Ambrósio og Mazur hafa verið saman frá árinu 2005 og hefur fyrirsætan nokkrum sinnum lýst yfir áhuga sínum á að stækka fjölskylduna í viðtölum.

# Aðstoðarkona eins og þræll

Poppstjarnan Lady Gaga hefur verið kærð af fyrrverandi aðstoðarkonu sinni, Jennifer O'Neil, sem segir Gaga hafa komið fram við sig eins og þræl. Söngkonan þvertekur fyrir að sakirnar séu sannar, en Jennifer segir hana skulda sér laun fyrir 7.168 yfirvinnustundir.

Meðal þess sem Jennifer tiltekur í kærunni er að hún hafi ávallt þurft að vera tilbúin með handklæði fyrir söngkonuna eftir sturtu og að Gaga hafi notað sig sem mannlega vekjaraklukku. Hún segir dagskrána hafa verið svo stífa að hún hafi með engu móti getað tekið sér hlé í vinnunni og stundum hafi hún ekki haft tíma til að sofa.

Lady Gaga er sá kvenkyns tónlistarmaður sem þénaði mest á árinu 2011, en tekjur hennar af tónlistinni voru hvorki meira né minna en 11 milljarðar íslenskra króna. Hún virðist ekki ætla að láta kæruna á sig fá, en líklegt þykir að hún verði tekin fyrir hjá dómstólum snemma á nýju ári.



**STJARNA** Lady Gaga er ein allra vinsælasta söngkona heims, en nú veltir fólk vöngum yfir framkomu hennar við starfsfólk sitt.






SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 3.20 - 6 - 8 – 10 | 14 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 5.45 - 8 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5.50 | L |
| MI-GHOST PROTOCOL | KL. 5 - 8 - 10.50 | 16 |
| MI-GHOST PROTOCOL LÚXUS | KL. 2 - 5 - 8 - 10.50 | 16 |
| STÍGVÉLAÐIKÖTTURINN 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES | KL. 6 - 8 - 10.40 | 12 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 6.45 - 9 - 10 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 4 (TILBOÐ) - 6 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 (TILBOÐ) | L |
| JACK AND JILL | KL. 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 | 7 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE SITTER | KL. 8 - 10 | 12 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | KL. 6 - 9 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — GLEÐILEGT NÝTT ÁR




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE SITTER | 8 og 10 |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | 6.45 og 10 |
| MISSION IMPOSSIBLE | 7 og 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | 2(700 kr), 4 og 6 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 2(950 kr) og 4 |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 2(950 kr) og 4 |



SAMBÍÓIN — SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10 - 10:40 - 10:50 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 VIP | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 1 - 3:30 - 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:20 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| HAROLD AND KUMAR Með texta | kl. 8(2D) | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:20 - 3:20 | 2D | L |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:15 - 8 - 10:45 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 1 - 3:10 | 2D | L |
| GIRL WITH THE DRAGON TATTOO | kl. 8 | 2D | 16 |
| HAROLD & KUMAR 3D | kl. 11 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MISSION: IMPOSSIBLE 2 | kl. 10:20 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 2 - 4 | 3D | L |
| HAROLD AND KUMAR 3D | kl. 5:50 | 3D | 16 |
| FJÖRFISKARNIR | kl. 2 - 4 | 2D | L |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 6 - 8 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | L |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | 3D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| NEW YEAR´S EVE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:30 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| NEW YEAR'S EVE | kl. 5:30 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 - 6 | 2D | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 3D | L |







**SPILA FYRIR MILLJARÐA** Kanye West, Jay-Z og Coldplay elta gullið til Mið-Austurlanda. Rappararnir tveir voru afmælisgjöf handa sextán ára frænku Sheikhs Mansour og fengu ríflega greitt fyrir frammistöðu sína þar, en Coldplay lék fyrir dansi á áramótadansleik krónprinsins Al Nahyan í Abu Dhabi.

# Olíugóðærið lifir góðu lífi

**Þrátt fyrir að íslensku auðjöfrarnir séu hættir að fljúga erlendum poppstjörnum til landsins eða fá þær til að heiðra sig með nærveru sinni í afmælum eru arabískir olíufurstar enn í góðum gír.**

Það hefur löngum verið hefð fyrir því að moldríkir auðjöfrar fljúgi heimsþekktum poppstjörnum til sín og láti þær syngja fyrir sig og veislugesti sína. Soldáninn af Brunei ruddi brautina fyrir þessa hefð, hann hélt meðal annars upp á fimmtugsafmælið sitt með einkatónleikum Michaels Jackson og borgaði honum ríflega sautján milljónir dala. Önnur saga af honum er ekki síður fræg, en þá fékk hann Whitney Houston til að syngja fyrir sig og veislugesti sína og lét hana fá auðan tékka að launum; hún mátti sjálf fylla hann út.

Og nú eru það olíufurstarnir í Mið-Austurlöndum sem mala gull og hika ekki við að fá erlendar stórstjörnur til að skemmta sér og sínum. Breska hljómsveitin Coldplay er nýjasta hljómsveitin sem eltir gull og græna skóga til olíubarónanna og spilar fyrir litlar 1,6 milljónir dala, eða 197 milljónir íslenskra, á áramótaveislu krónprinsins Mohammed bin Zayed Al Nahyan í Abu Dhabi. Johnny Buckland, gítarleikari hljómsveitarinnar, kvaðst hlakka til tónleikanna fyrir helgi enda höfðu þeir fengið konunglegar móttökur. Til gamans má geta þess að miðaverðinu inn á skemmtunina var ekki stillt í hóf því hver miði kostaði 6.800 dali, tæplega 850 þúsund íslenskar krónur.

Coldplay-liðar eru ekki þeir einu sem hoppa á þennan gullvagn því rappararnir Kanye West og Jay-Z voru fengnir til að vera sextán ára afmælisgjöf til frænku Sheikhs Mansour, sem á meðal annars enska knattspyrnufélagið Manchester City, og fengu fyrir það 6 milljónir dala, jafnvirði 739 milljóna íslenskra króna.

freyrgigja@frettabladid.is

# Hélt upp á afmæli fyrir systur sína

Breska stjörnufjölskyldan David og Victoria Beckham buðu systur knattspyrnukappans, Johanne Beckham, í dýrindis kvöldverð milli jóla og nýárs í tilefni af 30 ára afmæli hennar. Johanne var hæstánægð með bróður sinn og svilkonu og setti mynd af sér á samskiptavefinn Twitter með eftirfarandi skilaboðum: „Átti yndislegt kvöld í gær. Fjölskyldan mín kom mér á óvart með kvöldverði á uppáhaldsveitingastaðnum mínum. Á ekki afmæli fyrr en í febrúar en þar sem bróðir minn verður ekki á landinu þá fögnuðum við núna. Ég er svo glöð.“

David og Victoria Beckham voru í Bretlandi yfir hátíðarnar ásamt börnum sínum fjórum en þau eru búsett í Los Angeles þar sem knattspyrnukappinn spilar með liðinu LA Galaxy. Skötuhjúin birtu síðan fleiri myndir frá kvöldinu á Facebook þar sem þau virtust skemmta sér vel í góðra vina hópi en börnin fjögur voru í pössun.



**FÖGNUÐU AFMÆLI** David og Victoria Beckham héldu upp á afmæli systur Davids milli jóla og nýárs og skemmtu sér vel.
NORDICPHOTOS/GETTY







BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

MÁNUDAGUR: THIS MUST BE THE PLACE 17:50: 20:00, 22:10 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ ELDFJALL 18:00, 20:00 ■ SUPER-CLASICO 20:00, 22:00 ■ PARTIR 18:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

GLEÐILEGT NÝTT ÁR!
Bíó Paradís er frá 1. janúar hluti af
EUROPA CINEMAS




Pizzeria
Rizzo
30. desember 2011 - 8. janúar 2012
VEGNA EFTIRSPURNAR
á öllum stöðum Rizzo, höfum við ákveðið
að framlengja tilboðið yfir áramót.
Stór pizza með 3 áleggstegundum að eigin vali
& 2 lítra Pepsi á 1.790 kr. ef þú sækir.
Pantaðu núna í síma
577-7000
því eldbakað er betra!
Farsælt komandi ár og
takk fyrir viðskiptin á
árinu.
pepsi
MAX
maximum kick
no sugar
Rizzo Pizzeria • Grensásvegi 10, 108 Reykjavík • 577 7000
Rizzo Express • Hraunbæ 121, 110 Reykjavík • Bæjarlind 2, 201 Kópavogur • 577 7000

# sport

sport@frettabladid.is

14 DAGAR EM í handbolta 2012

**ÍSLAND** er ein af sjö handboltaþjóðum sem eiga lið á sjötta Evrópumeistaramótinu í röð. Ísland var ekki með í fyrstu þremur Evrópukeppnunum (1994, 1996 og 1998) en hefur verið með á öllum Evrópumótunum frá og með EM í Króatíu 2000. Hinar sex þjóðirnar sem hafa verið með á öllum EM á nýrri öld eru Slóvenía, Spánn, Þýskaland, Danmörk, Króatía og Frakkland.

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Arsenal - QPR** **1-0**
1-0 Robin van Persie (59.).

**Bolton - Wolves** **1-1**
1-0 Sam Ricketts (21.), 1-1 Steven Fletcher (48.).

**Chelsea - Aston Villa** **1-3**
1-0 Didier Drogba (22.), 1-1 Stephen Ireland (27.), 1-2 Stilian Petrov (82.), 1-3 Darren Bent (85.).

**Manchester United - Blackburn** **2-3**
0-1 Yakubu Aiyegbeni, víti (15.), 0-2 Yakubu Aiyegbeni (50.), 1-2 Dimitar Berbatov (51.), 2-2 Dimitar Berbatov (61.), 2-3 Grant Hanley (79.).

**Norwich - Fulham** **1-1**
0-1 Orlando (6.), 1-1 Simeon Jackson (93.).

**Stoke City - Wigan** **2-2**
0-1 Victor Moses (44.), 1-1 Jonathan Walters, víti (76.), 2-1 Cameron Jerome (83.), 2-2 Ben Watson, víti (86.).

**Swansea - Tottenham** **1-1**
0-1 Rafael van der Vaart (43.), 1-1 Scott Sinclair (83.)

**West Brom - Everton** **0-1**
0-1 Victor Anichebe (86.).

**Sunderland - Manchester City** **1-0**
1-0 Ji Dong-Won (93.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. City** | **19** | **14** | **3** | **2** | **53-16** | **45** |
| Man. United | 19 | 14 | 3 | 2 | 49-17 | 45 |
| **Tottenham** | **18** | **12** | **3** | **3** | **35-20** | **39** |
| Arsenal | 19 | 11 | 3 | 5 | 35-26 | 36 |
| **Chelsea** | **19** | **10** | **4** | **5** | **37-24** | **34** |
| Liverpool | 19 | 9 | 7 | 3 | 24-15 | 34 |
| **Newcastle** | **19** | **8** | **6** | **5** | **26-25** | **30** |
| Stoke City | 19 | 7 | 5 | 7 | 20-30 | 26 |
| **Everton** | **18** | **7** | **3** | **8** | **19-20** | **24** |
| Aston Villa | 19 | 5 | 8 | 6 | 22-24 | 23 |
| **Norwich** | **19** | **5** | **7** | **7** | **28-34** | **22** |
| West Brom | 19 | 6 | 4 | 9 | 19-27 | 22 |
| **Sunderland** | **19** | **5** | **6** | **8** | **23-22** | **21** |
| Fulham | 19 | 4 | 8 | 7 | 20-25 | 20 |
| **Swansea** | **19** | **4** | **8** | **7** | **18-23** | **20** |
| Wolves | 19 | 4 | 5 | 10 | 21-34 | 17 |
| **QPR** | **19** | **4** | **5** | **10** | **18-33** | **17** |
| Wigan | 19 | 3 | 6 | 10 | 17-37 | 15 |
| **Blackburn** | **19** | **3** | **5** | **11** | **28-41** | **14** |
| Bolton | 19 | 4 | 1 | 14 | 23-42 | 13 |

**NÆSTU LEIKIR**

**Í dag:**
15.00 Wolves - Chelsea Sport 2 & HD
15.00 QPR - Norwich Sport 3
15.00 Blackburn - Stoke Sport 4
15.00 Aston Villa - Swansea Sport 5
17.30 Fulham - Arsenal Sport 2 & HD

**Á morgun:**
19.45 Tottenham - West Brom Sport 3
19.45 Wigan - Sunderland Sport 4
20.00 Man. City - Liverpool Sport 2 & HD

**Miðvikudagur:**
20.00 Newcastle - Man. Utd. Sport 2 & HD
20.00 Everton - Bolton Sport 3

### *Enska B-deildin*

**Leicester - Portsmouth** **1-1**
Hermann Hreiðarsson var í leikmannahópi Portsmouth í fyrsta sinn síðan í ágúst. Hann sat allan leikinn á varamannabekknum.

**Nottingham Forest - Cardiff** **0-1**
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn með Cardiff.

**Reading - Ipswich** **1-0**
Brynjar Björn Gunnarsson, Reading, og Ívar Ingimarsson, Ipswich, voru ekki í leikmannahópum sinna liða.

Barnsley - Leeds 4-1
Birmingham - Blackpool 3-0
Burnley - Hull City 1-0
Coventry - Brighton 2-0
Derby - West Ham 2-1
Middlesbrough - Peterborough 1-1
Millwall - Crystal Palace 0-1
Watford - Doncaster 4-1

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Southampton** | **24** | **14** | **5** | **5** | **47-25** | **47** |
| Middlesbr. | 24 | 12 | 9 | 3 | 30-20 | 45 |
| **West Ham** | **24** | **13** | **5** | **6** | **39-23** | **44** |
| Cardiff City | 24 | 11 | 9 | 4 | 38-26 | 42 |
| **Reading** | **24** | **11** | **6** | **7** | **31-22** | **39** |
| Hull City | 23 | 12 | 3 | 8 | 26-23 | 39 |
| **Crystal Pal.** | **24** | **10** | **6** | **8** | **23-22** | **36** |
| Blackpool | 24 | 9 | 8 | 7 | 36-31 | 35 |
| **Leeds** | **24** | **10** | **5** | **9** | **37-35** | **35** |
| Derby | 24 | 10 | 4 | 10 | 29-33 | 34 |
| **Birmingham** | **22** | **9** | **6** | **7** | **30-24** | **33** |
| Burnley | 23 | 10 | 3 | 10 | 35-31 | 33 |
| **Barnsley** | **24** | **9** | **6** | **9** | **35-36** | **33** |
| Leicester City | 24 | 8 | 8 | 8 | 31-27 | 32 |
| **Peterborough** | **24** | **9** | **5** | **10** | **43-40** | **32** |
| Brighton | 24 | 9 | 5 | 10 | 23-28 | 32 |
| **Watford** | **24** | **7** | **9** | **8** | **27-32** | **30** |
| Portsmouth | 23 | 7 | 7 | 9 | 25-25 | 28 |
| **Ipswich** | **23** | **8** | **3** | **12** | **33-44** | **27** |
| Millwall | 24 | 6 | 8 | 10 | 24-27 | 26 |
| **Bristol City** | **24** | **6** | **6** | **12** | **22-34** | **24** |
| Nott. Forest | 24 | 6 | 3 | 15 | 18-38 | 21 |
| **Coventry** | **24** | **4** | **7** | **13** | **20-33** | **19** |
| Doncaster | 24 | 5 | 4 | 15 | 20-43 | 19 |



**ÓTRÚLEGT SIGURMARK** Ji Dong-Won tryggði Sunderland 1-0 sigur á toppliði Manchester City í gær með marki í uppbótartíma. Gareth Barry og David Silva trúa vart eigin augum. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Risunum skrikaði fótur

**Afar óvænt úrslit urðu í ensku úrvalsdeildinni um áramótahelgina en toppliðin frá Manchester töpuðu bæði sínum leikjum. Arsenal vann hins vegar og komst þar með upp í fjórða sæti deildarinnar á kostnað Chelsea sem steinlá á Brúnni.**

**FÓTBOLTI** Óhætt er að fullyrða að úrslit leikja í ensku úrvalsdeildinni um áramótahelgina hafi komið á óvart. Manchester United tapaði fyrir botnliði deildarinnar á heimavelli – og það á afmælisdegi Sir Alex Ferguson – og Manchester City tapaði svo fyrir Sunderland á ótrúlegan máta í gær.

Tottenham hefði getað saxað á forystu toppliðanna frá Manchester en varð að sætta sig við 1-1 jafntefli gegn Swansea. André Villas-Boas, stjóri Chelsea, virðist svo kominn í eintómt basl með sitt lið en liðið tapaði fyrir Aston Villa á heimavelli, 3-1. Sökudólgurinn, enn og aftur, var slakur varnarleikur.

Arsenal, hins vegar, nýtti hins vegar tækifærið og kom sér upp í fjórða sætið með 1-0 sigri á QPR. Um algjöra kúvendingu er að ræða enda byrjaði Arsenal skelfilega í haust og var fyrstu vikur tímabilsins í kringum fallsvæði deildarinnar.

**Neyðarlegt á afmælisdaginn**

Sir Alex hélt upp á sjötugsafmæli sitt á gamlársdag og þrátt fyrir að hafa fengið Blackburn, lélegasta lið deildarinnar, í heimsókn tókst leikmönnum ekki að færa honum sigur í afmælisgjöf. Grant Hanley, varnarmaðurinn ungi, var hetja Blackburn en hann skoraði sigurmark leiksins með skalla undir lokin.

„Á þessu áttum við ekki von," sagði afmælisbarnið eftir leik. „Við fengum tvö skelfileg mörk á okkur í leiknum og það er dauðasynd í leik gegn liði sem er að berjast fyrir lífi sínu."

Steve Kean, stjóri Blackburn, hefur mátt þola ýmislegt í haust en hann er afar óvinsæll hjá stuðningsmönnum liðsins. Meira að segja sigur á Old Trafford mun ekki duga til að snúa þeim á sitt band, segir Kean. „En við þurfum að vinna leiki sama hvað tautar. Nú er bara að halda áfram og safna fleiri stigum," sagði hann.

**Kóreumaðurinn til bjargar**

Lítt þekktur Suður-Kóreumaður, Ji Dong-Won, var hetja helgarinnar og fékk sjálfsagt Ferguson og félaga til að brosa eftir að nýja árið var gengið um garð. Hann tryggði Sunderland 1-0 sigur á Manchester City í gær sem mistókst þar með að komst í þriggja stiga forystu á toppi deildarinnar.

City-menn sóttu nánast án afláts en samt voru það leikmenn Sunderland sem fengu tvö hættulegustu færi leiksins. Þegar örfáar sekúndur voru eftir komust heimamenn í skyndisókn – leikmenn City sýndu vítavert kæruleysi og leyfðu þeim að komast upp að marki sínu og skora.

Dong-Won var þó rangstæður þegar hann fékk sendingu Stephane Sessegnon inn fyrir varnarlínu City en markið stóð gilt og niðurstöðu leiksins verður ekki breytt.

„Ég bara trúi þessu ekki. Þvílík vonbrigði," sagði Roberto Mancini sem ákvað fyrir leik að setja þá David Silva og Sergio Agüero á bekkinn og Mario Balotelli upp í stúku. „Við fengum fullt af tækifærum til að skora í seinni hálfleik en nýttum þau ekki. Við megum svo ekki fá á okkur mark úr skyndisókn í lokin. Slíkt er bara ekki leyfilegt hjá toppliði."

**Frábært met hjá Van Persie**

Robin van Persie skoraði sitt 35. deildarmark á gamlársdag sem er nýtt félagsmet en einu minna en Alan Shearer gerði árið 1995 er hann setti deildarmet. Árangurinn engu að síður glæsilegur.

Botnliðin þrjú, Wigan, Blackburn og Bolton, náðu sér öll í stig um helgina og er farið að draga verulega saman með neðstu liðum deildarinnar.

eirikur@frettabladid.is

Guðmundur Guðmundsson:

## Stýrði úrvalsliði í New York

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson stýrði í gær liði heimsúrvalsins sem tapaði fyrir úrvalsliði þýsku úrvalsdeildarinnar, 31-30, í sýningarleik í New York.

Þetta var annað árið í röð sem leikurinn fer fram en honum er ætlað að vekja athygli á íþróttinni í Bandaríkjunum, þar sem ekki margir fylgjast með handbolta.

Margar gamlar og fornfrægar kempur voru í liði heimsúrvalsins, eins og Magnus Wislander, Jackson Richardson, Ljubomir Vranjes og Joel Abati.

Guðmundur heldur nú heim á leið til að hefja undirbúning íslenska landsliðsins fyrir EM í Serbíu. - esá



**KEVIN DURANT** Hefur sýnt mögnuð tilþrif með Oklahoma City Thunder. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NBA-deildin á fullu:

## Oklahoma City í miklu stuði

**KÖRFUBOLTI Fjölmargir leikir í NBA-deildinni hafa farið fram síðustu dagana eftir að verkbanni var loks aflýst fyrr í mánuðinum. Þrjú lið voru enn ósigruð þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær – Oklahoma City Thunder, Miami Heat og Portland Trailblazers.**

**Oklahoma City varð fyrst liðanna til að komast í fimm sigurleiki með sigri á Phoenix Suns á gamlárskvöld. Kevin Durant, ein skærasta stjarna liðsins, komst nálægt því að jafna 25 ára gamalt met Michaels Jordan í leiknum.**

**Jordan skoraði árið 1986 minnst 30 stig í fyrstu fimm leikjum tímabilsins, rétt eins og Durant gerði í fyrstu fjórum leikjum þessa tímabils. Hann skoraði „aðeins" tólf stig gegn Phoenix og stóð met Jordans því óhaggað.** - esá

Landsliðsmaðurinn Eggert Gunnþór Jónsson spilar mögulega sinn fyrsta leik með Wolves í dag:

# Væri gaman að fá sénsinn gegn Chelsea

**FÓTBOLTI** Eggert Gunnþór Jónsson fær tækifæri í dag til að þreyta frumraun sína með Wolves í ensku úrvalsdeildinni en hann gekk formlega til liðs við félagið þegar opnað var fyrir félagaskipti nú um áramótin. Eggert kom frá skoska liðinu Hearts þar sem hann hefur verið frá sextán ára aldri.

Eggert verður í leikmannahópi Wolves í dag en óvíst er hvort hann fer beint í byrjunarlið Úlfanna strax í fyrsta leik.

„Það verður bara að koma í ljós, ég er allavega í hópnum og býst fastlega við að vera á skýrslu," sagði Eggert við Fréttablaðið í gær.

„Ég byrjaði að æfa 27. desember og hef því ekki fengið margar æfingar með liðinu. Það er líka búið að vera mikið leikjaálag og því hafa æfingarnar verið nokkuð léttar," sagði Eggert. „En það væri auðvitað gaman að fá séns."

Honum líkar vel við vistina enn sem komið er og hlakkar til að fá að spreyta sig í ensku úrvalsdeildinni. „Mér líst vel á þetta allt saman og spennandi tímar fram undan. Mér finnst ég vera tilbúinn fyrir þessa deild og það væri ekki ónýtt að fá að spila gegn liði eins og Chelsea strax í fyrsta leik. Ég geri mér samt grein fyrir því að tekur tíma til að venjast nýjum aðstæðum og nýju liði en vonandi tekst mér að festa mig í sessi hér."



**EGGERT GUNNÞÓR** Nýjasti Íslendingurinn í ensku úrvalsdeildinni og sá fjórtándi frá upphafi. NORDIC PHOTOS/AFP

Greint var frá því um helgina að miðjumaðurinn Emmanuel Frimpong hjá Arsenal hafi verið lánaður til Wolves til loka tímabilsins. Eggert fagnar komu hans.

„Það lá fyrir að það þyrfti að styrkja miðjuna hjá liðinu og því er þetta bara hið besta mál. Þetta er góður leikmaður og verður spennandi að fylgjast með honum."

Wolves er sem stendur í sextánda sæti ensku úrvalsdeildarinnar með sautján stig og hefur ekki unnið leik síðan liðið hafði betur gegn Sunderland, 2-1, í byrjun desember. Liðið hefur þó gert jafntefli í síðustu þremur leikjum sínum í deildinni.

Leikur Wolves og Chelsea fer fram klukkan 15.00 í dag. - esá

HotYoga iceland
www.hotyoga.is

# GLEÐILEGT ÁR!

## við þökkum frábærar móttökur á liðnu ári

Ef þú hefur ekki prófað Hot Yoga í Sporthúsinu, þá bjóðum við þér FRÍTT dagana 3., 4. og 5. janúar kl. 17:30 (90 mín)

### Tímatafla tekur gildi 9. janúar
### 20 Hot Yoga tímar í viku

| MÁN. | ÞRI. | MIÐ. | FIM. | FÖS. |
|---|---|---|---|---|
| **6:15** (60 mín.) | | **6:15** (60 mín.) | | **6:15** (60 mín.) |
| **9:00** (60 mín.) | | **9:00** (60 mín.) | | **9:00** (90 mín.) |
| | **12:00** (60 mín.) | | **12:00** (60 mín.) | |
| **17:30** (90 mín.) | | **17:30** (90 mín.) | | **17:30** (75 mín.) |
| | **18:00** (90 mín.) | | **18:00** (90 mín.) | |
| **19:30** (60 mín.) | | **19:30** (60 mín.) | | |
| | **20:00** (75 mín.) | | **20:00** (75 mín.) | |
| **21:00** (75 mín.) | | **21:00** (75 mín.) | | |

LAUGARDAGA **stakur tími** (90 mín.) **1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi**

ATH! bjóðum upp á 4 vikur, Hot Yoga áskrift og 10 tíma klippikort

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is,
s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is

"ÉG HEF VERIÐ AÐ GLÍMA VIÐ ERFIÐ MEIÐSLI SÍÐUSTU ÁR. ÞAÐ SEM HOT YOGA HEFUR GERT FYRIR MIG ER AÐ HJÁLPA MÉR AÐ YFIRSTÍGA ÞAU MEIÐSLI OG KOMA MÉR Í MITT BESTA FORM."

*Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna Stjörnunni*

"HOT YOGA ER FRÁBÆR VIÐBÓT VIÐ LANGT OG STRANGT TÍMABIL HJÁ KNATTSPYRNUFÓLKI. ÞAÐ SEM HOT YOGA HEFUR GERT FYRIR MIG ER AÐ AUKA LIÐLEIKA OG SNERPU."



*Ásgerður Baldursdóttir leikmaður meistaraflokks kvenna Stjörnunni*

"Á TVEIMUR MÁNUÐUM HEF ÉG FARIÐ NIÐUR UM EINA BUXNASTÆRÐ. ÉG FINN HVAÐ ÉG HEF STYRKST OG MÓTAST. ÉG ER MIKLU LIPRARI, LÍÐUR MUN BETUR Á SÁL OG LÍKAMA OG LÍT LÍKA BETUR ÚT."



*Kristjana Sveinbjörnsdóttir*



SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

## > Stöð 2 kl. 20.05

### The Block

*Áströlsk raunveruleikasería sem sló í gegn fyrir nokkrum árum og er nú komin aftur. Sem fyrr er fylgst með fjórum pörum taka í gegn sams konar íbúðir. Nýr þáttastjórnandi er ástralska sjónvarpsstjarnan Scott Cam.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ STÍGUR HELGASON ER EKKI LEIÐINDAPÚKI

# *Það á að gera grín að því*

Áramótaskaupið fór hægt af stað – svipað hægt og hin langdregna og obskúra bílferð stjórnarhjúanna í gegnum það allt. Hún var að sögn vísun til sjónvarpsseríu sem aldrei náði flugi heldur og sú ákvörðun var býsna furðuleg. En gamnið náði sér fljótlega á strik og úr varð ljómandi skemmtun. Helstu leiksigra unnu Þorsteinn Bachmann sem Óli Jó og Karl biskup og stúlkan sem túlkaði nýstirnið Hildi Líf af fádæma næmni og innsæi.

Lokalagið var hálfdöpur endurvinnsla frá fyrra ári með yngri (og reyndar betri) söngkonu. Maður þarf ekki að vera sérstakur talsmaður bölsýni til að átta sig á að bjartsýnu horfumframáveginnnúmerin hafa gengið sér til húðar í bili. Betra hefði verið að enda á árvissri og notalegri kaghýðingu Sjálfstæðisflokksins.

Viðbrögðin að öllu afloknu voru fyrirsjáanleg; flestir fáruðust yfir því hvað þetta hefði verið óskaplega leiðinlegt og lélegt. Bestur var bloggarinn sem taldi þá sem gráast voru leiknir eiga inni opinbera afsökunarbeiðni frá höfundunum. Segir það manni ekki að þrátt fyrir allt hafi sviðið undan?

Því að helsti kostur þessa skaups var einmitt þorið. Menn veigruðu sér ekki við að hæðast að slysförum og eftirförum alþingismanna, barnsförum hálffrægra sílíkvenna og hamförum forsetafrúarinnar á hlýðninámskeiði. Og svo fór það vitanlega mjög fyrir brjóstið á forpokaðri þjóð að minnst væri á fjöldamorðið í Noregi. En þá skal haft í huga að hlátur er margreynd og viðurkennd remedía við velflestu – þar á meðal óbærilegum harmi – og ódæðismaðurinn á ekki betra skilið en að gantast sé með þaulskipulagða stríðsyfirlýsingu hans. Engum finnst það minna fyndið en honum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Hvað gerðist á árinu? **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.25** Tónlistarklúbburinn **23.05** Aftur og fram **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.00 Mumbai kallar** (3:7) (e)
**12.25 Í mat hjá mömmu** (4:6) (e)
**12.50 Hvítabirnir - Njósnari á ísnum** (2:2) (Polar Bear: Spy on the Ice) (e)
**13.45 Emma** (4:4) (Emma)
**14.40 Okkar maður - Ómar Ragnarsson** (e)
**15.40 Hvað veistu? - Gripnir vegna göngulagsins** (e)
**16.10 Landinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Babar** (9:26)
**17.42 Mærin Mæja** (48:52)
**17.50 Franklín** (40:41)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Óvænt heimsókn** (5:5)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Pandan í vanda** (Saving the Panda) Náttúrulífsþáttur um risapöndur.
**21.10 Hefnd** (4:22) (Revenge)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Óvættir í mannslíki** (1:8) (Being Human II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.25 Trúður** (1:10) (Klovn V) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.50 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir**
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Full of It**
**10.00 A Fish Called Wanda**
**12.00 The Holiday**
**14.15 Full of It**
**16.00 A Fish Called Wanda**
**18.00 The Holiday**
**20.15 Knight and Day**
**22.00 Inglourious Basterds**
**00.30 Wild West Comedy Show**
**02.10 The Hitcher**
**04.00 Inglourious Basterds**
**06.00 Next**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (26:175)
**10.15 Mercy** (18:22)
**11.00 Masterchef** (10:13)
**11.45 Falcon Crest** (1:30)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (5:32) (6:32) (7:32)
**15.15 ET Weekend**
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (16:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (24:25)
**19.40 My Name Is Earl** (19:27)
**20.05 The Block** (1:9) Áströlsk raunveruleikasería þar sem fylgst er með fjórum pörum gera upp fjórar sams konar íbúðir og reyna svo að fá sem hæst verð fyrir eignina.
**20.50 The Glades** (1:13) Léttir, skemmtilegir og þrælspennandi þættir sem segja frá lögreglumanninum Jim Longworth. Sá reynir að fóta sig í nýju starfi á Flórída eftir að hafa verið rekinn úr fyrra starfi sínu í Chicago þegar honum var ranglega gefið að sök að hafa sofið hjá eiginkonu yfirmanns síns.
**21.35 Celebrity Apprentice** (8:11)
**23.00 Twin Peaks** (2:22)
**23.50 Better Of Ted** (1:13) Gamanþættir um Ted, samstarfsfólk hans, og daglegt lífi í fyrirtækinu þeirra, sem oft er afar kómískt.
**00.10 Modern Family** (4:24)
**00.35 Mike & Molly** (16:24)
**00.55 Chuck** (15:24)
**01.40 Terra Nova**
**02.25 Community** (12:25) D
**02.50 Dr. Dolittle: Million Dollar Mutts**
**04.15 The Glades** (1:13)
**05.00 Malcolm in the Middle** (24:25)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.35 Grillhúsmótið** Sýnt frá Grillshúsmótinu þar sem helstur kraftajötnar landsins keppa.
**18.15 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - AC Milan**
**20.00 No Crossover: The Trial of Allen Iverson** Heimildamynd frá ESPN um einn besta körfuboltamann síðari ára, Allen Iverson, og atvik sem hafði djúpstæð áhrif á uppvaxtarár hans.
**21.25 Feherty: Greg Norman** Magnaður þáttur um einn besta kylfing allra tíma, Íslandsvininn Greg Norman.
**22.10 Frakkland - Danmörk**
**23.35 Þýski handboltinn: RN Löwen - Kiel**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Sunderland - Man. City**
**13.00 WBA - Everton**
**14.50 Wolves - Chelsea** BEINT
**17.15 Fulham - Arsenal** BEINT
**19.20 QPR - Norwich**
**21.10 Blackburn - Stoke**
**23.00 Wolves - Chelsea**

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** (17:175)
**20.10 Wonder Years** (6:23)
**20.35 Wonder Years** (7:23)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Diamonds** (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Dóttir bandarískrar þingkonu er myrt í demantanámu í Afríku og hún er staðráðin í að komast til botns í málinu. Á sama tíma riðar eitt stærsta demantafyrirtæki heims til falls og harðskeyttur sonur berst um völdin í fyrirtækinu við föður sinn.
**23.20 Diamonds** (2:2)
**00.50 Malcolm in the Middle** (24:25)
**01.15 My Name Is Earl** (19:27)
**01.35 Wonder Years** (6:23)
**02.00 Wonder Years** (7:23)
**02.25 The Doctors** (17:175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**14.05 Charlie's Angels** (4:8) (e)
**14.55 Fyndnasti maður Íslands 2011** (e)
**15.45 HA?** (14:31) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 The Victoria's Secret Fashion Show 2011** (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Everybody Loves Raymond**
**19.45 Will & Grace** (3:25) (e)
**20.10 Kitchen Nightmares** (12:13) Gordon Ramsay heimsækir Suðurríkin í New Orleans og reynir að bjarga því sem bjarga verður á veitingastaðnum Zeke´s.
**21.00 Everything She Wanted** (2:2) Framhaldsmynd í tveimur hlutum með Ginu Gerson í aðalhlutverki. Myndin gerist í Suðurríkjunum og fjallar um Pat og Tom sem virðast hafa allt til alls. Undir yfirborðinu sléttu og felldu kraumar þó afbrýðisemi sem á eftir að brjótast fram áður en langt um líður.
**22.30 The Burning Plain** (e) Dramatísk kvikmynd frá 2008. Sylvia er framkvæmdastjóri á virtum veitingastað og virðist í fyrstu hafa alla hluti á hreinu en undir yfirborðinu er hún í miklu tilfinningalegu ójafnvægi. Þegar ókunnugur maður fer að grennslast fyrir um fortíð hennar koma í ljós ýmsir hlutir sem hafa mótað það hver hún er í dag. Bönnuð börnum.
**00.20 Outsourced** (16:22) (e)
**00.45 Everybody Loves Raymond** (e)
**01.05 Kitchen Nightmares** (12:13) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** World Golf Championship 2011 (3:4) **12.00** Golfing World **12.50** Solheim Cup 2011 (1:3) **18.55** World Golf Championship 2011 (4:4) **23.10** Ryder Cup Official Film 1995 **00.05** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.20** The Weakest Link **07.50** Fawlty Towers **10.00** The Inspector Lynley Mysteries **11.35** Come Dine With Me **12.25** EastEnders **12.55** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **13.40** Top Gear **14.35** Fawlty Towers **16.40** QI **17.40** Top Gear **18.35** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **19.20** Come Dine With Me **20.10** QI **21.10** Top Gear **22.00** Michael McIntyre: Live and Laughing **22.55** Live at the Apollo **23.40** QI **00.40** Michael McIntyre: Live and Laughing **01.35** Live at the Apollo **02.20** The Graham Norton Show

## DR 1

**10.30** Forandring på vej **12.00** DR Update - nyheder og vejr **12.10** Året der gik **14.00** Svend **15.00** DR Update - nyheder og vejr **15.10** Flodens børn **16.05** Postmand Per **16.20** Timmy-tid **16.30** Thea og Leoparden **17.00** Rockford **17.50** DR Update - nyheder og vejr **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** TV Avisen med Sport **19.05** Aftenshowet **20.00** Livets planet **20.50** Bagom Livets planet **21.00** TV Avisen **21.25** SportNyt **21.30** Kriminalkommissær Foyle **23.05** En kone for meget

## NRK 1

**12.15** Hvordan Steve Jobs forandret verden **13.00** NRK nyheter **13.05** I Nansens fotspor **14.00** NRK nyheter **14.05** Ingen grenser **15.00** NRK nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** NRK nyheter **16.10** Isbjørnens hemmelige liv **17.00** NRK nyheter **17.10** Solgt! **17.40** Oddasat - nyheter på samisk **17.55** Tegnspråknytt **18.00** Førkveld **18.40** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen **19.45** Puls **20.15** Toralv fra Maurstad **20.55** Distriktsnyheter **21.00** Dagsrevyen 21 **21.30** Broen **22.30** Berre eit bilde. Målaren Per Kleiva

## SVT 1

**12.20** Oscarshall - en kunglig pärla **13.00** Året med kungafamiljen **14.00** Helt hysteriskt 20 år **14.30** Eva & Adam - fyra födelsedagar och ett fiasko **16.00** Rapport **16.05** Skavlan **16.55** Regional årskrönika **17.55** Sportnytt **18.00** Rapport **18.10** Regionala nyheter **18.15** Svea kanal **19.15** Perrongen **19.30** Rapport **19.55** Regionala nyheter **20.00** Tio i topp - 50 år **20.45** Humor godkänd av staten **21.00** Kronjuvelerna **22.00** Helt hysteriskt 20 år **22.30** På väg till Malung **23.00** Tro, hopp och kärlek

## ÍNN

**17:30** Vínsmakkarinn **18.00** Hrafnaþing **18.30** Hrafnaþing **19.00** Hrafnaþing **19.30** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Við gerum Vínbúðina Dalvegi fallegri og betri

Opnum aftur 15. febrúar

Vínbúðin Dalvegi verður lokuð til 15. febrúar vegna endurbóta.



VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

ENNEMM / SÍA / NN NM49645

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Fjölbreyttustu og skemmtilegustu vinnulagalistana finn ég yfirleitt á Grooveshark.com og 8tracks.com. Yfirleitt enda ég í lounge tónlist með djass og funk ívafi. Dæmi um uppáhalds eru Thievery Corporation og Up, Bustle and Out.“*

Gunnar Jónsson, sölustjóri.

# Salan dróst saman um 75%

„Þetta var langt undir væntingum og vonum,“ segir Jónas Sigurgeirsson hjá Bókafélaginu um söluna á nýjustu bók Egils „Gillzeneggers“ Einarssonar, Heilræði Gillz.

Bókin er sú fjórða í röðinni frá Agli og kom út í haust, áður en hann og kærasta hans voru kærð fyrir nauðgun. Eftir kæruna bjuggust margir við því að salan á bókinni yrði langt undir því sem búast mátti við og það hefur komið á daginn. „Hún seldist minna en ætla má,“ segir útgefandinn Jónas og bætir við að salan hafi dregist saman um 3/4 hluta, eða 75%, miðað við tvær síðustu bækur Egils, Lífsleikni Gillz og Mannasiðir Gillz. Þær seldust í um sex þúsund eintökum hvor og því er ljóst að um 1.500 eintök af nýju bókinni voru keypt fyrir jólin.

Spurður hvort til greina hafi komið að taka bókina úr umferð og hætta að selja hana í bókabúðum eftir að Egill var kærður svarar Jónas því neitandi.

Sjónvarpsþættirnir Mannasiðir Gillz, sem byggja á bókum Egils, voru sýndir á Stöð 2 í vetur. Búið er að taka upp aðra þáttaröð en hún verður ekki sýnd á meðan mál hans er til rannsóknar hjá lögreglunni. Að henni lokinni verður tekin ákvörðun um hvort þættirnir verða sýndir. - fb



**EKKI ÚR UMFERÐ** Aldrei kom til greina að taka bók Egils Einarssonar úr umferð.

**VONBRIGÐI** Salan á Heilræðum Gillz var langt undir væntingum að sögn Jónasar Sigurgeirssonar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Gamlárshlaup ÍR var haldið í 36. sinn á gamlársdag en það hefur notið mikilla vinsælda síðustu ár. Um 750 þátttakendur skiluðu sér í mark en ný leið var hlaupin þetta árið, frá Hörpu og út að Sundahöfn í stað þess hrings um miðborgina og Vesturbæinn eins og verið hefur. Fjölmargir kunnir hlauparar tóku þátt að þessu sinni en auk þeirra var aragrúi af þátttakendum sem getið hafa sér gott orð á öðrum vettvangi. Má þar nefna fólk eins og **Helga Bernódusson**, skrifstofustjóra Alþingis, hagfræðingana Ólaf Darra Andrason og Jón Steinsson, **Veru Sölvadóttur**, sjónvarps- og kvikmyndagerðarkonu, og Örlyg Smára poppara.



Meðal annarra kunnra sem hlupu Gamlárshlaupið voru Þórhallur Dan Jóhannsson knattspyrnukappi, leiklistarparið Graeme Maley og Sólveig Guðmundsdóttir, Ágúst Ævar Gunnarsson, fyrrum trommari Sigur Rósar, **Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttakona og Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir. Þá hlupu einnig þeir Eldar Ástþórsson, markaðsmaður hjá CCP, og **Róbert Spanó**, lagaprófessor við Háskóla Íslands. - hdm



LEIFUR DAGFINNSSON: VINNUR AÐ ÚTREIKNINGUM FYRIR HEIMSÓKNIR HOLLYWOOD-LEIKSTJÓRA

# Þrjár stórmyndir á teikniborðinu

„Þetta lítur mjög vel út, nú þegar búið er að staðfesta 20 prósenta endurgreiðsluna. Við erum bara á fullu að vinna með tölur enda snýst allt um þær í Hollywood,“ segir Leifur Dagfinnsson, einn af eigendum framleiðslufyrirtækisins True North. Þrjár stórar Hollywood-kvikmyndir eru væntanlegar hingað til lands á árinu sem var að ganga í garð.

Eins og Fréttablaðið greindi frá stendur til að taka upp nýjustu kvikmynd Tom Cruise, Horizon, hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er það verkefni komið á verulegan skrið og eru fulltrúar True North þegar farnir að bóka hótel fyrir tökulið og stórstjörnuna. Eftir því sem blaðið kemst næst er verkefnið af svipaðri stærðargráðu og Prometheus, mynd Ridley Scott sem tekin var að hluta til hér á síðasta ári. Það þýðir að hátt í 250 manna tökulið mun koma að myndinni sem ætti að skilja eftir 740 milljónir króna í erlendum gjaldeyri, sé tekið mið af þeirri tölu sem Leifur nefndi nýlega í viðtali við Viðskiptablaðið. Gert er ráð fyrir að tökurnar fari fram í júní og júlí. Leifur vildi hins vegar lítið tjá sig um málið, staðfesti aðeins að umrætt verkefni liti vel út.

Hinar tvær myndirnar eru ekki komnar jafn langt. Eins og Darren Aronofsky upplýsti í viðtali við Fréttablaðið hefur hann mikinn áhuga á að gera kvikmynd um Nóa og örkina hans hér á landi. Að sögn Leifs er nú verið að klára fjármögnun þess verkefnis en írsk/þýski leikarinn Michael Fassbender hefur verið orðaður við hlutverk Nóa. Þá er verið að bíða eftir grænu ljósi frá framleiðendum fyrir kvikmynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty, en heimsókn gamanleikarans hingað til lands síðasta sumar vakti mikla athygli landsmanna. Þá fór hann víða í leit að tökustöðum og þótti hinn alþýðlegasti.

Árið 2011 reyndist nokkuð gjöfult hvað kvikmyndaverkefni varðar; tökulið Prometheus, stórmyndar Ridley Scott, hertók nágrenni Heklu og lokaði af Dettifoss og leikarar úr Game of Thrones undu sér vel við Svínafellsjökul og Höfðabrekkuheiði. Þá má ekki gleyma þeirri miklu kynningu sem landið fékk í sjónvarpsþættinum Man Vs. Wild en þar fékk Jake Gyllenhaal að kynnast óblíðum íslenskum veðuröflum af eigin raun. freyrgigja@frettabladid.is

### GETUR ORÐIÐ GOTT ÁR

Miklar líkur eru á því að næsta mynd **Tom Cruise**, Horizon, verði tekin hér upp en þegar er byrjað að panta hótel fyrir tökuliðið og stórstjörnuna. Þá eru kvikmyndirnar The Secret Life of Walter Mitty eftir **Ben Stiller** og Noah í leikstjórn **Darren Aronofsky** enn á teikniborðinu eftir að stjórnvöld staðfestu 20 prósenta endurgreiðsluna. **Leifur Dagfinnsson** hjá True North gæti átt annasamt ár fram undan, rétt eins og á árinu sem var að líða sem færði Íslendingum meðal annars tökulið Game of Thrones.






# Bergþór og Albert bjóða fólki heim

„Við höfum bara verið að gera þetta í smáum stíl, það var svolítið fyrir jól. Aðalhausverkurinn er bara sá að hvorki ég né Albert [Eiríksson] höfum tíma fyrir þetta,“ segir Bergþór Pálsson óperusöngvari.

Bergþór og Albert hafa opnað heimili sitt við Lindargötu fyrir litlum hópum sem hafa viljað koma og eiga kvöldstund með parinu. Þeir hafa eldað ofan í fólkið og sýnt því hvernig eigi að haga sér í fínum matarboðum, hvernig eigi að skála og svo framvegis. Bergþór segir að þeir hafi fyrst staðið frammi fyrir því vandamáli hvort þeir þyrftu ekki vottað eldhús. Sú hafi verið raunin og þeir því ákveðið að kalla þetta námskeið, þar með hafi málið verið leyst.

Bergþór og Albert eru ekki þeir fyrstu sem hafa tekið upp á því að bjóða fólki upp á þessa þjónustu því Bergþór Garðarsson, Beggi, og eiginmaður hans, Pacas, hafa einnig boðið upp á sambærileg „námskeið“ heima hjá sér í Hafnarfirðinum við miklar vinsældir. - fgg



**SAMKEPPNI** Beggi og Pacas hafa fengið samkeppni því nú eru Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson einnig farnir að taka á móti gestum á heimili sínu.

# ÚTSALAN HEFST Í DAG

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# 50-80% AFSL.

Dare2b

CRAGHOPPERS

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550.

**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hjónavígsla í sögufrægu húsi

Rithöfundarnir **Yrsa Þöll Gylfadóttir** og **Gunnar Theodór Eggertsson** gengu í hjónaband á næstsíðasta degi nýliðins árs. Það var allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson sem gaf þau saman í bakgarði hins sögufræga húss Næpunnar við Skálholtsstíg en veislan fór svo fram í Næpunni sjálfri. Við sama tækifæri var dóttur hjónanna gefið nafn. Meðal gesta í veislunni var Magnús Þór Jónsson, Megas, en hann er vinur og samstarfsmaður móður Gunnars, Þórunnar Erlu Valdimarsdóttur, til langs tíma. Þá er Þórður sonur Megasar kvæntur systur Yrsu, Bryndísi Höllu.



### Hræringar á auglýsingamarkaðinum

Töluverðar hræringar hafa orðið á íslenska auglýsingamarkaðinum að undanförnu en fyrir skömmu stofnaði **Ragnar Gunnarsson**, fyrrverandi framkvæmdastjóri Fíton, nýja stofu. Á föstudaginn var sögðu **Bragi Valdimar Skúlason**, kenndur við Baggalút, Hrafn Gunnarsson og Jón Ari Helgason upp störfum hjá Fíton og gengu til liðs við Ragnar. Ekki er komið nafn á nýju stofuna en meðal viðskiptavina hennar er flugfélagið Wow Air sem er í eigu Skúla Mogensen.



-hdm, kh

## Mest lesið vísir


1 Vinsælast á Vísi árið 2011 – Erlendar fréttir
2 Ólafur hyggst ekki bjóða sig fram aftur
3 Kviknaði aftur í kulnaðri brennu
4 Ungur drengur brenndist á andliti
5 Tvö nýársbörn á fæðingardeild Landspítalans





Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18–49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, júlí–sept. 2011.



# VIÐ GETUM ÞAÐ ALLAR

*– og þú líka –*

Við getum allar ræktað sál okkar og líkama.
Í Baðhúsinu hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 6.190* á mánuði.
Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma. KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins 6.190* kr. á mánuði;

- Zumba.
- ZumbaGold.
- StelpuZumba.
- Hot jóga.
- Afró.
- Fit ball.
- CXWorX.
- Sh´bam.
- Heilsuátak.
- Spinning Express.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Les Mills tímar.
- Salsa.
- Tækjakennsla.
- Tæbox-Tabata.
- o.mfl.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum.
Við getum það allar. Og þú líka.

Vertu velkomin.

Linda Pétursdóttir

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



Ljósmyndari Gassi

## Frír prufutími!

Komdu til okkar og prufaðu tíma til 10. janúar 2012. Þú getur valið um hvaða tíma sem er og taktu vinkonu með. Sjá stundaskrá á www.badhusid.is

## Tilboð!

**Sjá nánar á www.badhusid.is**

6.190* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, lágmarkstími 12 mánuðir. Hægt er að velja um 4 leiðir, með mismunandi bindingu og fríðindum; Skólaáskrift, Grunnáskrift, Eðaláskrift eða Frjálsáskrift. Frír aðgangur að lokuðum tímum, og frí barnagæsla fylgir öllum leiðum nema Skólaáskrift.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900